

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1988  
REYKJAVÍK 1989

*Setning, prentun, bókband:*  
**ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.**

## EFNISYFIRLIT


I. Yfirlit yfir þróun efnahagsmála .....	5
II. Framleiðsla, tekjur, gengi og verðlag .....	13
III. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður .....	25
IV. Fjármál ríkissjóðs .....	36
V. Peningamál og innlendir lánamarkaður .....	43
VI. Erlend samskipti og lánamál .....	66
VII. Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð .....	71
VIII. Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar ..	77
IX. Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1988 .....	84
Tölur (sjá yfirlit á næstu síðu) .....	93
Efnahagur 31. desember 1988 .....	120
Rekstrarreikningur árið 1988 .....	122
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1988 .....	124
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs 1988 ..	127
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1988 ..	128
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1982–1988 .....	130
Stjórn bankans og starfslið og fleira .....	132

## TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	95
2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar	96
3. tafla. Þjóðarauðurinn	96
4. tafla. Fjármunamyndun	97
5. tafla. Vísitölur verðlags	98
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd	99
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsyfirlit	100
8. tafla. Löng erlend lán	100
9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	101
10. tafla. Gjaldreyrisstaða Seðlabankans og erlend staða innlánsstofn.	101
11. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	102
12. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	102
13. tafla. Viðskiptakjör	103
14. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	103
15. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	104
16. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	105
17. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	105
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	106
19. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	106
20. tafla. Seðlar og mynt	106
21. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	107
22. tafla. Ávísanavelta	107
23. tafla. Úr peningamálum	108
24. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	109
25. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	110
26. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	111
27. tafla. Samandregið efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða	111
28. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	112
29. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	112
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	113
31. tafla. Lánakerfið	113
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands	114
33. tafla. Helstu meðalvextir hjá bönkum og sparisjóðum	115
34. tafla. Helstu vextir skv. A- og B-tilkynningum Seðlabankans	116
35. tafla. Helstu innstæðuvextir við Seðlabankann í % á ári	117
36. tafla. Helstu útlánsvextir við Seðlabankann í % á ári	118
37. tafla. Ríkisvixlar	118

## Megindrættir


## Efnahagsþróun umheimsins



## 1. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Árið 1988 hafði hinn mikli uppgangur síðustu fjögurra ára á undan runnið skeið sitt á enda og við tók samdráttur, sem átti upptök sín í sjávarútvegi og öðrum útflutningsgreinum og um leið í ofrísni þenslunnar á undan. Olli hann fljótt miklum umskiptum í þróun verðmætaráðstöfunar og tekjumyndunar og dró allt atvinnu- og efnahagslíf með sér niður í alvarlega lægð. Aðlögun að breyttum skilyrðum svaraði vel til falls þjóðartekna, en nægði ekki til að ráða bót á misvægi ríkisbúskapar og þjóðarbúskapar. Skriða gengisfellinga komst af stað á ný samhliða eftirhreytum kauphækkunaröldunnar frá uppganginum, og magnaðist verðbólga því á ný. Lánsfjárefitirspurn hélst mjög mikil og verulega umfram þróun innlána, en í vaxandi mæli til skuldbreytingar fremur en nýframkvæmda. Af þessu leiddi miklar erlendar lántökur, svo að erlendar skuldir og greiðslubyrði færðust í aukana á ný.

Samdrátturinn í þjóðarbúskapnum átti ekki svo oft áður rót sína að rekja til almennra ytri skilyrða. Hagvöxtur iðnríkja hélst vel uppi sjötta árið í röð frá 1983 og reyndist öllu þróttmeiri en næstu árin á undan eða liðlega 4% til samanburðar við 3,3% 1987 og 2,6% 1986. Gekk þetta þvert á þá váboða, sem taldir voru stafa frá verðhruni hlutabréfa í október 1987, enda gerðu helstu ríkin ýmsar ráðstafanir til þess að upphefja áhrif verðfallsins. Hagvöxturinn var einnig tiltölulega jafn meðal iðnríkjana, þó sem fyrr í lægra lagi eða um 3,5% í Evrópu, um 3,75% í Bandaríkjunum, en mestur í Japan eða um 5,75%. Heildareftirspurn í mynd þjóðarútgjalda jókst ívið meira eða um 4,3%, en einnig tiltölulega jafnt, þó með þeirri undantekningu, að í viðleitninni til gagnkvæmrar aðlögunar jókst eftirspurn í Bandaríkjunum um aðeins 3%, en um allt að 7,5% í Japan. Svo mikinn hagvöxt svo lengi samfelld má efalítið að hluta þakka viðleitni stórþjóðanna til að samræma stefnu sína í efnahagsmálum, draga úr misvægi í




milliríkjavíðskiptum og gera innbyrðis gengi helstu gjaldmiðla stöðugra og raunhæfara.

Af svipuðum ástæðum hefur tekist um nærfellt áratugar skeið fyrst að lægja öldu verðbólgunnar í þriðjung til fjórðung þess, sem hún reis 1980, og síðan að halda henni nokkurn veginn við það mark. Aðhaldi í peningamálum og hækkun vaxta hefur verið staðfastlega beitt í helstu iðnríkjunum, þegar bryddað hefur á þenslu og mögnun verðbólgu. Langær stöðugleiki veldur þó því, að önnur markmið fá aukinn forgang og egg aðhaldsins slævist nokkuð. Verðbólga vestrænna ríkja hefur því tekið að þokast upp á við. Sem fyrr sýna Japan og Þýskaland lægsta stig verðbólgu, milli núllmarks og 2%, og þar næst ýmis lönd Efnahagsbandalagsins, en í Bandaríkjunum, Bretlandi og OECD-svæðinu í heild um 4–4,5%. Norðurlönd voru ofanvert á þessum kvarða með tæp 6%, en í þróunarlöndum magnaðist verðbólga og var talin um 66% að meðaltali á móti 41% árið áður.


Vextir hækkuðu yfirleitt umsvifalítið með vaxandi verðbólgu og þá að jafnaði nokkru meira sökum aukinnar óvissu og þenslu eftirspurnar. Þetta á einkum við um skammtíma vexti, sem hreyfast í nánara samhengi við breytilegt markaðsástand, en horfur á nokkurri endurlífgun verðbólgu höfðu þegar verið innbyggðar í langtíma vexti. Vextir höfðu almennt farið lækandi frá 1981 fram til mismunandi tíma á árunum 1986–88. Vextir á úrtaki skammtíma markaðspappíra hækkuðu í Bandaríkjunum úr 5,8% 1987 í 7,3% á síðari hluta 1988, í Japan úr 4,2% í 4,7%, í Þýskalandi úr 4% í 5% og langmest í Bretlandi, úr 9,7% í 12%. eru þessar hækkunir á bilinu 0,5–2,3% og bera með sér, að raunvextir hafa hækkað nokkuð á helstu fjármagnsmörkuðunum, og á það einnig við um vexti bankalána, sem eru mun hærri.

Atvinnuástand hefur batnað nokkuð á undangengnu hagvaxtar-skeiði. Í Bandaríkjunum hefur atvinna vaxið ört um langt árabil, um 1,6% á ári 1980–85 og um 2,4% að jafnaði síðustu þrjú árin. Hefur atvinnuleysi þá minnkað úr 8,1% af mannafla á fyrra tímabilinu í u.þ.b. 5,5% 1988 og er þá talið í lágmarki af völdum aðlögunar-tregðu. Í Japan er atvinnuleysi aðeins um 2,5% og hefur minnkað nokkuð við markvissa innri þenslu síðasta árs. Evrópa býr sem fyrr við hinn harða kjarna atvinnuleysis, sem mældist enn um 10,25% eftir lökkun úr 10,9% 1986. Skipulagslegar hindranir og aðlögunar-tregða á vinnumarkaði eru mun alvarlegri í Evrópu en á hinum svæðunum, svo að aukinni eftirspurn hættir til að koma fram í verðþenslu fremur en atvinnuauka.

Rótgróið misvægi í viðskiptum stórbjóðanna hélt áfram að vera megin-vandamál á alþjóðavettvangi og valda spennu og óvissu í gengismál-



um. Undirrótin var sem fyrr fjárlagahalli Bandaríkjanna, er nam um 155 milljörðum dollara á fjárlagaárinu 1988. Hlutfallslega er sá halli þó ekki orðinn mjög mikill, 2,9% af þjóðarframleiðslu eins og í 7 helstu ríkjunum í heild eða samanborið við nálægt 5% 1983–86, en bæði vantar mótvægi einkasparnaðar og stærð hagkerfisins er miklu ráðandi um fjármagnsstreymi, vexti og gengi. Fjárlagahallinn sló því að mestu út í viðskiptahalla, um 132 milljarða dollara, en honum mótsvarar nokkurn veginn viðskiptaafgangur Japans, 79 milljarðar, og Þýskalands, 45 milljarðar. Viðskiptahalli þróunarlanda mun hafa orðið um 19 milljarðar dollara, en var nálægt jöfnuði árið áður.



Lífleg þróun eftirspurnar og hagvaxtar, ásamt undangenginni aðlögun í gengismálum, leiddi til mun jafnari og eðlilegri dreifingar milliríkjavíðskipta og þar með öflugri vaxtar þeirra. Heimsviðskiptin jukust um 9% samanborið við 6,1% árið áður og 4,4% 1986. Til marks um aðlögunina er, að Bandaríkin juku útflutning um 25%, en Japan innflutning um 17% að magni. Þrátt fyrir viðskiptahalla Bandaríkjanna og þá útbreiddu skoðun, að dollar væri enn fremur ofmetinn, reyndust gjaldeyrismarkaðir fremur stöðugir og seðlabankar þurftu fremur að leggjast móti hækkun en lækkun dollars, enda hækkaði hann yfir árið gagnvart flestum gjaldmiðlum: um 1,9% gagnvart yeni, 3,6% gagnvart sterlingspundi og 12,5% gagnvart þýsku marki. Hækkun dollars varð einkum á þriðja árstjórnunum, en gekk að miklu leyti til baka á hinum fjórða.

Raunverð hrávara, annarra en olíu, hefur farið lækkandi yfir áratugi litið, en hins vegar hækkað talsvert síðustu tvö árin. Hið sama á við um matvæli og málma sérstaklega. Hins vegar lækkaði raunverð olíu aftur verulega frá fyrra ári og varð svipað og eftir verðfallið 1985–86 og um leið verulega lægra en fyrir áratug. Almenn alþjóðleg skilyrði urðu því ekki völd að afturkipnum í íslenskum þjóðarbúskap, heldur sértæk markaðsskilyrði og innlendar orsakir.

Með árinu 1988 reið afturkippur yfir íslenskt efnahagslíf. Hann átti upptök sín í helstu undirstöðugreinum, en breiddist fljótt út og varð að meiri háttar efnahagskreppu í athafna- og fjárhagskerfi þjóðarinnar. Aflabrestur og afurðaverðfall urðu í sjálfu sér ekki stórvægileg og takmörkuðust við ákveðnar útflutningsgreinar, einkum botnfiskgreinar sjávarútvegs, fremur en að ráða heildarárangri afla og viðskiptakjara. Hér er hins vegar um veigamestu greinarnar í atvinnu- og tekjutilliti að ræða og hringrásaráhrif um neyslu og önnur útgjöld því bæði mikil og fljótverk. Það magnaði lægðina og má í og með teljast sjálfstæð orsök hennar, hve undangenginn uppgangur hafði gengið nærri eðlilegum mörkum eða út yfir þau: afkastageta og sókn

## Efnahagslæðin

að afrakstursgetu fiskstofna, afurðaverð að þoli erlendra markaða, fjármagnsuppbygging og skuldsetning atvinnurekstrar almennt að varanlegum rekstrarmöguleikum og launakostnaður og raungengi að rekstrargrundvelli atvinnuvega. Þetta hafði þegar valdið því, að verulegt misvægi og taprekstur ríkti í ýmsum atvinnurekstri samfara fádæma háu hlutfalli launatekna af þjóðartekjum og neyslu af þjóðar-útgjöldum. Veilur þessar fengu ekki staðist til lengdar og hlutu að leita jafnvægis með tilheyrandi samdráttaráhrifum. Áður en af slíkri aðlögun yrði, hélt þrálát þensluhegðun fyrirtækja, opinberra aðila og hagsmunasamtaka áfram að auka á misvægisvandann.

Afturkiptur þessi er hinn sjötti, sem orðið hefur á eftirstriðstímanum, og er þá miðað við minnkun raunverulegra þjóðartekna. Samdráttarskeiðin hafa staðið í 1–4 ár, alls í 10 ár eða tæp 2 ár að meðaltali, en vaxtarskeiðin, einnig sex að tölu, hafa staðið í 3–9 ár, alls 33 ár eða 5 1/2 ár að meðaltali. Gera má ráð fyrir, að núverandi efnahagslægð standi ekki skemur en 2 ár og verði þyngri í skauti en orðið hefur síðan 1967–68.

Enda þótt lands- eða þjóðarframleiðsla eða þjóðartekjur skertust um minna en 2% á árinu, rýrnuðu þessar stærðir á mann um tvöfalt meira eða sem næst um 3,5%. Framvindan innan ársins stefndi til enn meiri lækkunar, sem fram kemur í því, að spáð er álíka miklum samdrætti 1989, og verður hann þá alls um tvöfaldur á við það, sem að framan greinir, og hlýtur að teljast alvarlegt efnahagsáfall. Með því er þó ekki höggvið stærra skarð en sem nemur meginhluta hagvaxtarins 1987, þannig að aðlögunarvandinn felst í því að færa ráðstöfun verðmæta sem næst aftur til ársins 1986.

Sveiflan í verðmætaráðstöfun gengur að jafnaði talsvert á eftir breytingum framleiðslu og tekna og aðlögun að sama skapi síðbúin og örðugri en ella. Árið 1987 höfðu þjóðarútgjöld risið um tvöfalt herra en vöxtur rauntekna gaf tilefni til, og er það helsta undirrót misvægisvandans, sem enn er við að glíma. Að tiltölu við um 16% aukningu þjóðarútgjalda 1987 urðu umskiptin skörp yfir til samdráttar í kringum 2% 1988, þar af einkaneyslu um 4%. Þessi aðlögun reyndist hagstæðari en á hliðstæðum fyrri samdráttarskeiðum, svo að viðskiptahalli hélst svo til óbreyttur, 3,7% af landsframleiðslu í stað 3,5% árið áður, en aðlögunin var þó alls ófullnægjandi til þess að jafna viðskiptahallann. Þessu hlutfalli má að vísu snúa nokkuð til betri vegar með birgða- og sveifluleiðréttingu, í 2,8% á móti 3,1% áður, en það er meðfram vegna sölutregðu afurða og þar með óvissara mati birgða. Aukin vaxtagjöld af vaxandi skuldum út á við eru meðal þess, sem spillti viðskiptajöfnuði, og er þar orðið um eins konar vítahring að ræða.



Til grundvallar takmarkaðri aðlögun lá ekki síst það, að haldið var áfram að krefjast launahækkana og semja um þær, eftir að afturkipturinn var genginn í garð og þrátt fyrir að hlutdeild launatekna væri í sögulegu hámarki, um 72% af þjóðartekjum, og einkaneysla um 64% af þjóðarframleiðslu eða rúmum 2 %-stigum hærri en að jafnaði tvo áratugin á undan. Hér voru tekjuskiptingar- og tekjujöfnunarviðhorf að verki umfram tillit til þjóðhagslegra möguleika. Kjarasamningar, sem fólu í sér um 18% hækkun yfir árið, stefndu að sjálfsögðu fyrst og fremst á verðbólgu. Viðbrögðin urðu því annars vegar íhlutun beggja ríkisstjórna, sem við völd voru á árinu, til þess að draga úr hækkunum, niður fyrir 14% yfir árið, hins vegar að fella gengi krónunnar, að hluta beinlínis samhliða launahækkun. Kaupmáttur launatekna minnkaði í kringum 3% milli ára, en um 5% milli síðustu ársfjórðunga, og stóð þó á eftir mun hærra á alla kvarða en öll ár fram til 1987.

Báðar ríkisstjórnirnar höfðu áframhaldandi gengisfestu á stefnuskrá sinni. Nokkur gengisaðlögun reyndist þó óhjákvæmileg til að mæta ytri áföllum, og magnaðist þörfin fyrir hana við þá kjaraatburði, sem vikið hefur verið að. Gengi krónunnar var því fellt í þrem áföngum um alls 17,9%, og hækkðu erlendir gjaldmiðlar við það um 21,9%. Hverju sinni tók markmið gengisfestu gildi á ný, en þó hélt gengisaðlögun áfram inn á nýja árið. Raungengi náði hámarki á fyrsta fjórðungi ársins, 112 á verðkvarða og 120 á launakvarða m.v. 1980, en lækkaði rykkjótt þar til á síðasta fjórðungi og varð þá 4,5% lægra en á sama tíma fyrra árs á kvarða verðs og 4,4% á launakvarða. Fyllri aðlögun beið þó hins nýja árs. Samkeppnisstaða útflutningsgreina og samkeppnisiðnaðar jafnaðist talsvert milli greina frá næstu árum á undan og stóð að meðaltali í 95 stigum m.v. grunnárið 1979, en hækkaði í 99 stig á fyrsta fjórðungi nýs árs.

Strangt aðhald að verðlagsþróun og loks full verðstöðvun var einnig á stefnuskrá ríkisstjórna. Með svo mikla hækkun meginverðþáttanna, launa og gengis, auk tafinna hækkunartilefna frá því áður, gat þó ekki farið hjá því, að verðbólga héldist uppi líkt og áður og yrði rykkjótt, eftir því sem þessi tilefni féllu til. Verðbólguþig á 4 mánaða grunni framfærsluvísitölu var hæst um mitt árið og náði 37,5% í júní, en hækkun hennar milli ára var 25,4% og yfir árið 19,4%, en byggingarvísitölu 17,8% milli ára og 20,5% yfir árið, allt áþekkar tölur og næstu tvö árin á undan.

Rekstur flestra framleiðslu- og þjónustugreina var mjög örðugur og beint rekstrartap mjög útbreitt, einkum í botnfiskveiðum og -vinnslu, ullariðnaði og loðfýrarækt. Óvenjumörg og stór gjaldþrot, einnig í

## Hallarekstur ríkissjóðs

þjónustugreinum, eru til marks um þessa örðugleika. Þó er að sinni torvelt að greina, hve stóran þátt eiginleg rekstrarafkoma ársins muni eiga í þeim eða á hinn bóginn offjárfesting í trausti á uppsveifluna samfara vanfjármögnun, svo og einstaklega mikil uppfærsla erlendra skulda. Síðastgreindi þátturinn hefur leikið fjárhagsstöðu sjávarútvegsins grátt, en sú breyting má að hluta teljast leiðrétting á vantöldum fjármagnskostnaði á undangengnum tíma gengisfestu. Af þessum sökum beindist lánsfjáreftirspurn fyrirtækja í mjög miklum mæli að fjárhagslegri endurskipulagningu. Námu erlend lán til þeirra þarfa allt að 2,7 milljörðum króna og á vegum nýstofnaðs Atvinnu-tryggingarsjóðs útflutningsgreina hófust aðgerðir, sem stefndu á svipaða eða meiri skuldbreytingu.

Tekjuhalli ríkissjóðs á uppgangstímum hefur löngum verið alvarlegur þensluvaldur ásamt ýmsum undanlátssömum aðgerðum utan ríkisrekstrar, einkum á vettvangi húsnæðislána og með sérstakri fyrirgreiðslu við atvinnugreinar. Fjárlög ársins 1988 mótuðust af óvenjusterkum ásetningi að ráða bót á þessu með nokkrum tekjuafgangi og lítills háttar lánsfjárafgangi (neikvæðri lánsfjárbörf). Gerðar voru miklar skipulagsumbætur á skattkerfinu með upptöku staðgreiðslu tekjuskatts einstaklinga og almennari útfærslu söluskatts o.fl. til þess bæði að efla skattheimtuna og bæta fylgni hennar við hagsveifluna. Þegar á árið leið, fjaraði þó talsvert undan skattheimtunni af völdum meiri tekju- og veltusamdráttar en spáð hafði verið, svo að svaraði um 3 milljarða króna tekjutapi. Útgjöld fóru hins vegar um 4 milljarða fram úr verðleiðréttri áætlun, einkum við upphreinsun og frágang ýmissa liða undir áramót, sem annars hefðu beðið afgreiðslu næsta árs. Tekjuhallinn varð því 7,2 milljarðar og hrein lánsfjárbörf 8,3 milljarðar.

Ríkisfjármálin lögðu þannig allt annað af mörkum til efnahagsmála en tilætlað var, urðu til að magna þensluna í stað þess að hemja hana. Tekjuhallinn nam 2,9% af þjóðarframleiðslu til samanburðar við 1,3% og 1,4% í hliðstæðum bráðabirgðauppgjörum 1986 og 1987. Uppgjör 1988 virðist hins vegar mun nær sanni, og séu endanleg útgjöld fyrri árána ásamt innheimtum tekjum höfð til samanburðar, nam tekjuhallinn 2,1% af VPF 1986 og 2,3% 1987 á móti 2,9% 1988. Hliðstæð hrein lánsfjárbörf ríkissjóðs nam þá 3,7%, 2,3% og 3,4% af VPF í sömu áraröð talið, og víkur hún fyrri árin ekki langt frá fyrstu uppgjörum. Í þessum tölum er sleppt yfirtöku orkulána 1986, sem ekki snertir raunveruleg útgjöld og lántökur ársins, og láni Seðlabanka til að mynda eigið fé í Útvegsbanka 1987, sem er hlutlaust með hliðstæðum hætti í þessu tilliti.

## **Peningamál og lánamarkaður**

Lánsfjárlög miðuðu að því að mæta vegri lánsfjárbörf að meginhluta á innlendum markaði. Vextir spariskírteina voru markaðshæfir framan af árinu, og gekk sala þeirra þá vel og umfram innlausn. Með samkomulagi við innlánsstofnanir í ágúst voru áform um innlendar lántökur ríflega tryggð, þó þannig að bankarnir sátu uppi með miklar birgðir spariskírteina í árslok. Hrein lánsfjárbörf, 8,3 milljarðar, kom hins vegar að tæpum helmingi fram í erlendum lántökum og afgangurinn í skuldaföfnun við Seðlabanka til frekari lántöku erlendis eftir áramót.

Helstu þensluöfl í peningakerfinu stöfuðu frá greiðsluhallá ríkissjóðs og erlendum lántökum hans og einkaaðila fyrir milligöngu lána- stofnana. Útstreymi úr Seðlabanka til ríkissjóðs nam 5,1 milljarði og nettóinnstreymi erlendra lána 9,7 milljörðum, svo að alls mældust þensluáhrif þessi við nærri 15 milljarða. Þensluáhrif þessi voru sér- lega virk framan af árinu, en gengu smám saman út á móti tekjusam- drætti og vaxandi viðskiptahalla, jafnframt því sem háir raunvextir höfðu öflug aðhaldsáhrif.

Raunvextir voru almennt háir frá upphafi árs, og náðu vextir á verð- trygðum grunni yfirleitt hámarki á 2. ársfjórðungi og fram á mitt árið, en sökum krappar verðbólguþylgju voru raunvextir óverð- tryggðra lána þá almennt neikvæðir. Þó urðu þeir hærri en hliðstæðir vextir verðtryggðra lána yfir árið í heild, t.d. 11,8% af almennum skuldabréfalánnum banka á móti 9,2% á verðtrygðum lánnum. Nafn- vextir voru hæstir á 3. ársfjórðungi og lækkuðu á hinum fjórða, en á báðum fóru skráðir raunvextir almennt lækkandi, yfirleitt um eða yfir 1%. Þróun þessi er jafnvel skýrari á eftirmarkaði, samanber hækkun meðalvaxta á Verðbréfaþingi úr 8,5% í ársbyrjun í nær 10% um mitt ár og lækkun aftur í 7,7% í árslok. Háir raunvextir áttu því hlutverki að gegna að hemja þensluna og halda lánþegum til ábyrgðar á hag- kvæmri ráðstöfun fjármagns. Þörfin fyrir þá framlengdist af halla ríkissjóðs og öðrum þensluöflum, sem entust mun lengur en sá upp- gangur atvinnulífs, sem hafði vakið þau, eins og oftast í sambærilegri vendingu hagsveiflunnar. Vaxtahæðin hlaut því að sinni að verka íþyngjandi fyrir atvinnuvegina. Var því annars vegar gripið til þess að rýmka sérstaklega fyrir skuldbreytingu þeirra sem fyrr greinir, svo og tekin upp sú stefna stjórnvalda að herða á vaxtalækkun, sem þá var raunar þegar hafin á markaðnum. Mikil gengisbreyting á árinu og umfram verðlagshækkun skerti fjárhagsstöðu sjávarútvegs og ann- arra greina með yfirgnæfandi erlend lán og olli rekstrartapi í form- legu reikningsuppgjöri, en hvort tveggja ætti að jafnast upp af fram- búðaráhrifum gengisbreytingarinnar.

Stjórn peningamála var mjög virk við erfiðar aðstæður á árinu og stefndi að því að hemja þensluna, efla innlenda fjármögnun opin-


berra þarfa sem annarra og bæta jafnvægi og stöðu banka- og lána-kerfis og þar með þjóðarbúsins. Þetta tókst í meginatriðum, einkum að því er varðar peninga- og lánaakerfið sem slíkt, enda þótt með því tækist ekki að rétta við halla þjóðarbúsins í heild. Afstaða innlána og útlána var óhagstæð framan af, en batnaði stórum, er á árið leið. Innlán jukust um 24,1% yfir árið, en um 34% að meðtalinni aukningu bankaverðbréfa. Útlán jukust um 31,5%, en að frátöldum gengisbundnum afurðalánum var aukningin 28,1%. Útlán og endurlán innlánsstofnana jukust um 36%, og eiga skuldbreytingarlán mikinn hlut að umframaukningunni, en hliðstæð heildarútlán bankakerfisins að Seðlabanka meðtöldum varð 34% eða jöfn og á innlánnum með verðbréfum. Aukningin varð í mun fastari formum en áður svo sem kemur fram af því, að peningamagn jókst um 17,7% (M1) – 23,8% (M3). Aukningu þessa ber að skoða í samhengi við hækkun lánskjaravísitölu og þar með almenns verðlags, um 19,1% yfir árið, svo og við meðalraunvexti nálægt 3% á innlánaðlið og um 10% á útlána-hlið. Þannig skýrist útlánaaukningin að mestu eða öllu af framskrift lánastofnsins án útlánaþenslu, en á innlánaðlið er að auki um nýjan sparnað að ræða, sem svarar nokkurn veginn til aukningar banka-bréfa. Þannig varð enn framhald á vexti meðalstöðu innlána og landsframleiðslu, úr 30,6% árið áður í 32%, en að meðtöldum bankabréfum varð þetta hlutfall 33%.

Þróunin hélt áfram til fjölbreytilegri viðskipta á fjármagnsmarkaði. Urðu bankar og sparissjóðir mun virkari á þessum vettvangi með starfsemi veðdeilda og verðbréfaútgáfu, og er sú framvinda í sama dúr og í umheiminum. Aukning á vegum eignarleiga og verðbréfasjóða varð hins vegar mun minni en árið áður. Lífeyrissjóðir efldust mjög, og jókst ráðstöfunarfé þeirra um 13,8 milljarða eða 4,3%. Stofn markaðshæfra skuldabréfa jókst heldur meira, um 14,6 milljarða eða 60%, og varð um 39 milljarðar í árslok, þar af um helmingur spariskírteini. Verðbréfaþing efldist að aðild og viðskiptum og er tekið að gefa góða vísbendingu um markaðsvexti.

Staða lánaakerfisins er metin við 360 milljarða í árslok, 133% miðað við meðaltal landsframleiðslu áranna á undan og eftir, eða 48% af bráðabirgðamati þjóðarauðs í árslok. Staða peningalegs sparnaðar nam 234 milljörðum og hafði hækkað um 34,5%, en aukist um 12% af landsframleiðslu og voru 86% af henni. Löng erlend lán námu 112 milljörðum í árslok, og hækkaði staða þeirra af landsframleiðslu úr 40,4% í 41,5%, en nettóskuldin út á við var svo til hin sama. Af heildarskuldunum báru atvinnuvegirir 165 milljarða, eftir hækkun um 39% á árinu, heimilin 105 milljarða, eftir hækkun um 34%, þar af hækkun lána íbúðarlánasjóða um 40%, og opinberir aðilar 90 milljarða, eftir hækkun um 34%.



## II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR, GENGI OG VERÐLAG

Mikil umskipti urðu í efnahagslífi þjóðarinnar á árinu 1988. Í kjölfar samfellds og vaxandi hagvaxtar á árunum 1984 til 1987 dróst þjóðarframleiðslan saman á árinu 1988 um tæplega 2%. Þrátt fyrir lækkandi verð á sjávarafurðum bötnuðu viðskiptakjörin í heild, þar eð olíuverð fór lækkandi og afurðir stóriðjufyrirtækjanna hækkuðu mjög í verði. Þjóðartekjur rýrnuðu því heldur minna en sem nam samdrætti þjóðarframleiðslu eða um 1,3%. Talsverðs samdráttar gætti í einkaneyslu og fjármunamyndun á árinu 1988, en samneysla jókst um 4,5%. Samdráttur í verðmætaráðstöfun þjóðarbúsins varð minni en sem nam samdrætti þjóðartekna, og því jókst viðskiptahallinn úr 3,5% af landsframleiðslu 1987 í um 3,7% 1988. Kaupmáttur launa fór lækkandi á árinu, en yfir heildina litið var hann að meðaltali svipaður 1988 og 1987. Gengi krónunnar var fellt þrisvar sinnum á árinu, um samtals 17,9%. Þrátt fyrir það versnaði samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina vegna lækkandi verðs á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum og verðbólgu hér á landi.



Á árunum 1983 til 1987 jukust þjóðartekjur á manni á föstu verðlagi um tæplega 23% vegna vaxandi framleiðslu og batnandi viðskipta-

## Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur



kjara. Þetta hagvaxtarskeið náði hámarki á árinu 1987, en það ár jókst þjóðarframleiðsla á mann um rúmlega 7% og þjóðartekjur á mann um tæplega 9%. Eftirspurn í hagkerfinu jókst þó meira en sem þessu nemur, og því var hagkerfið í verulegu ójafnvægi á árinu 1987. Á árinu 1988 dró talsvert úr framleiðslu sökum minnkandi sjávarafla og versnandi samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Þessi breyttu skilyrði kölluðu á verulega aðlögun og þeim mun meiri en ella þar sem jafnvæginu á milli ráðstöfunar og tekna hafði verið raskað á árinu 1987 og horfur voru á enn frekari samdrætti í sjávarafla á árinu 1989. En þrátt fyrir efnahagssamdráttinn 1988 urðu þjóðartekjur á mann hærrí þá að raungildi en nokkurt ár fram að 1987 eins og sjá má í myndinni hér að framan. Samdrátturinn á árinu 1988 hefur því ekki rýrt lífskjör þjóðarinnar mjög í sögulegu samhengi.

Landsframleiðsla minnkaði um 1,4% frá árinu 1987 til 1988. Samdráttur þjóðarframleiðslu varð um 1,8%, en þjóðartekjur rýrnuðu um 1,3%. Munurinn á landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu felst í tekjuhreyfingum gagnvart útlöndum, sem að megninu til eru vaxtagreiðslur af erlendum lánum. Á árinu 1988 fóru vextir hækkandi auk þess sem viðskiptahalli þjóðarbúsins var fjármagnaður með frekari erlendum lántökum. Þar af leiðir, að samdrátturinn í þjóðarbúskapnum er meiri, þegar miðað er við þróun þjóðarframleiðslu en landsframleiðslu.

Tafla II.1. Hagvöxtur.  
(Árlegar breytingar í %)

	1957-86	1957-66	1967-76	1977-86	1987	1988
Landsframleiðsla	4,8	6,3	4,5	4,3	8,7	-1,2
Þjóðarframleiðsla	4,6	6,3	4,3	4,0	8,7	-1,8
Þjóðartekjur	5,2	7,6	5,1	4,1	10,3	-1,3
Þjóðarframl. á mann	3,2	4,3	3,2	3,0	7,4	-3,0
Þjóðartekjur á mann	3,8	5,6	3,9	3,1	9,0	-2,5

Það samdráttarskeið, sem nú ríkir í efnahagslífinu, er hið fjórða frá því 1960. Á árunum 1967 og 1968 rýrnuðu þjóðartekjur um rúmlega 11%, árið 1975 var 3,4% samdráttur í þjóðartekjum og um 3,3% samdráttur árið 1983. Samdráttur þjóðartekna núna er því enn talsvert minni en fram kom á fyrri samdráttarskeiðum, og sérstaklega eftir árið 1967 og 1968. Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1989 eru horfur á, að núverandi samdráttur í efnahagslífinu verði áþekkur og 1975 og 1983.

Í töflu II.1. kemur fram, að hagvöxtur hefur farið minnkandi á síðari tímarskeiðum. Þannig jókst þjóðarframleiðsla á mann að meðaltali um 4,3% á árunum 1957 til 1966 og um 3,2% á árunum 1967 til 1976

## Verðmætaráðstöfun þjódarbúsins


samanborið við um 3% árlega aukningu á árunum 1977 til 1986. Tölur um þróun þjóðartekna á mann segja sömu sögu, þrátt fyrir að aukning þjóðartekna á árunum 1986 og 1987 hafi sögulega verið mjög mikil.

Verðmætaráðstöfun þjódarbúsins minnkaði um 2,1% frá árinu 1987 til ársins 1988. Einkaneysla dróst saman um 4%, og fjármunamyndun minnkaði um 2%, en aftur á móti varð um 4,5% vöxtur í útgjöldum til samneyslu.

Tafla II.2. Verðmætaráðstöfun.

(Árlegar breytingar í %)

	1957-86	1957-66	1967-76	1977-86	1987	1988
Einkaneysla .....	5,2	7,3	4,1	4,8	16,4	-4,0
Samneysla .....	6,2	5,8	7,8	4,8	6,1	4,5
Fjármunamyndun .....	3,9	6,9	2,7	1,7	18,9	-2,0
Verðmætaráðstöfun .....	5,1	7,5	3,9	4,2	15,9	-2,1




Umskiptin í þróun einkaneyslu eru skörp, frá 16,4% aukningu 1987 og verulegri árin þar á undan, í 4% samdrátt 1988. Hlutdeild einkaneyslu í þjóðarframleiðslu er þó enn mjög há í sögulegu samhengi eins og fram kemur í töflu II.3. Samneysla jókst á síðasta ári um 4,5% eins og fyrr segir, til samanburðar við 4,7% aukningu á samdráttarárinu 1983 og 9,4% aukningu 1975 og 8% aukningu 1967. Samneysla hefur vaxið að magni til samfellt frá árinu 1951, og hlutdeild hennar í þjóðarframleiðslu hefur á sama tíma vaxið úr 8,8% í 18,9%.

Tafla II.3. Verðmætaráðstöfun

sem hlutfall af landsframleiðslu.

	1957-86	1957-66	1967-76	1977-86	1987	1988
Einkaneysla .....	61	63	60	59	63	62
Samneysla .....	13	10	14	17	18	19
Fjármunamyndun .....	26	27	29	23	20	19
Þjóðhagslegur sparnaður ..	23	25	24	20	16	16

Fjármunamyndun í þjódarbúskapnum varð 2% minni á árinu 1988 en 1987, og hlutfall fjármunamyndunar og þjóðarframleiðslu lækkaði á sama tíma úr 20,1% í 19,1%. Eins og sjá má af töflu II.2. hefur vöxtur fjármunamyndunar farið minnkandi. Á árunum 1978 til 1988 var árlegur vöxtur fjármunamyndunar um 2,5% til samanburðar við 4,1% áratuginn þar á undan. Að sama skapi hefur þjóðhagslegur sparnaður minnkað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eins og sjá má í töflu II.3.



Fjárfesting atvinnuveganna var 7% minni 1988 en 1987. Í landbúnaði var fjárfest fyrir um 2.500 m.kr., sem jafngildir um 15% samdrætti á föstu verðlagi miðað við árið á undan. Án fiskeldis dróst fjárfesting í landbúnaði saman um rúmlega 20%, en fiskeldisfyrirtæki fjárfestu fyrir rúmlega 900 m.kr. á árinu 1988. Fjárfesting í fiskiskipum jókst úr 4,1 milljarði kr. 1987 í 5,6 milljarða kr. 1988 eða um 33% á föstu verðlagi. Aftur á móti dróst fjárfesting í fiskvinnslu saman um tæplega 17% á föstu verðlagi. Á síðustu þremur árum hefur fjárfesting í fiskveiðum aukist verulega, frá því sem var á árunum frá 1980 til 1985. Þannig var fjárfesting í fiskiskipum á verðlagi ársins 1988 að jafnaði um 2.100 m.kr. á ári á tímabilinu 1980 til 1985 til samanburðar við 3.600 m.kr. 1986, 4.950 m.kr. 1987 og 5.600 m.kr. 1988. Hins vegar hefur fjárfesting í fiskvinnslu verið tiltölulega stöðug síðustu ár. Um 15% samdráttur var í fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en veruleg aukning var í fjárfestingu á þessu sviði á árunum 1986 og 1987.

Íbúðarbyggingar jukust um 5% frá 1987 til 1988. Þessi aukning kemur í kjölfar um 15% aukningar á árinu 1987. Engu að síður varð fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 10% minni en á árunum 1980 til 1985. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að talsverð aukning virðist hafa orðið á viðhaldi eldri eigna, en viðhald telst ekki til fjárfestingar í þjóðhagsreikningum. Um 3,5% aukning varð á fjárfestingu hins opinbera, einkum vegna bygginga og framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur.

Eins og fyrr segir varð heldur meiri samdráttur í þjóðartekjum en verðmætaráðstöfun, og því jókst viðskiptahalli úr 3,5% af landsframleiðslu 1987 í 3,7% 1988. Í þessu sambandi er þó rétt að skoða breytingar á útflutningsvörubirgðum og sérstökum innflutningi. Að teknu tilliti til þessara þátta minnkaði viðskiptahalli frá árinu 1987 til 1988. Viðskiptahalli ársins 1988 er ekki mikill í sögulegu samhengi. Þannig var viðskiptahalli að jafnaði um 3,5% af landsframleiðslu á árunum 1970 til 1987. Það, sem er áhyggjuefni í þessu sambandi, er, að þrátt fyrir að hlutdeild fjárfestingar í verðmætaráðstöfun fari minnkandi, nær þjóðarþúið ekki að stöðva erlenda skuldasöfnun. Þetta virðist skýrast af því, að þjóðhagslegur heildarsparnaður stendur í nánú sambandi við fjárfestingu á hverjum tíma og nær því ekki að skila þjóðarþúinu jákvæðum viðskiptajöfnuði, þegar fjárfesting minnkar.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar hafa viðskiptakjör batnað lítillega á árinu 1988, ef álútflytningur er meðtalin, en án áls hafa viðskiptakjörin versnað. Innflutningsverð er talið hafa hækkað að meðaltali um 17,3% í krónum talið, en útflutningsverð hækkaði um

## Viðskiptakjör




17,6%. Verð á áli hækkaði um 24% í erlendri mynt og verð á kísiljárnnum um 34%. Verð á öðrum útfluttum iðnaðarvörum hækkaði að jafnaði um 8% í erlendri mynt. En öðru máli gegndi um verðlagsþróun sjávarafurða. Að mati Þjóðhagsstofnunar var markaðsverð sjávarafurða í krónum talið tæplega 14% hærra að jafnaði á árinu 1988 en 1987 og hefur því verið því sem næst óbreytt í erlendri mynt, ef miðað er við rúmlega 14% breytingu á meðalgengi krónunnar. Verð á mjöli og lýsi hækkaði um 85% á árinu 1988 í krónum talið á sama tíma og verð á frystum afurðum hækkaði um 13% og saltfiskverð um 9%. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að verðlag á sjávarafurðum féll um 6-7% í erlendri mynt yfir árið 1988, þannig að frá upphafi til loka árs 1988 versnuðu viðskiptakjör þjóðarbúsins.

Olíuverð lækkaði um rúmlega 10% í erlendri mynt frá fyrra ári og er árið 1988 hið þriðja í röð, sem þjóðarbúið nýtur góðs af umtalsverðri lækkun á eldsneytisverði. Ýmislegt bendir þó til þess, að svo verði ekki áfram. Þjóðhagsstofnun áætla, að verðlag á innfluttri neysluvöru, fjárfestingarvöru og hráefni hafi verið að jafnaði um 19% hærra í krónum talið á árinu 1988 en 1987.

Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar um þróun viðskiptakjara hafa breytingar á vöruverði í utanríkisviðskiptum verið þjóðarbúinu hagstæðar frá árinu 1984. Á síðustu 4 árum hafa viðskiptakjörin batnað um u.þ.b. 11%, sé miðað við vöruviðskipti án áls, og um tæplega 9%, sé tekið tillit til verðlags á öllum erlendum viðskiptum með vöru og þjónustu. Árin 1986 og 1987 voru sérstaklega hagstæð, hvað þetta varðar, en þá fóru saman verulegar hækkningar á verði sjávarafurða og lækkandi olíuverð.

Á árinu 1987 urðu kostnaðarhækkningar innanlands talsvert meiri en í helstu viðskiptalöndum, þannig að raungengi krónunnar fór ört hækkandi eins og sjá má í töflu II.5. hér á eftir. Þessi þróun hafði stuðlað að miklum viðskiptahalla og rekstrarvanda hjá samkeppnis- og útflutningsfyrirtækjum. Í ljósi þessa ákvað ríkisstjórnin að fella gengið eftir tímabil fastgengisstefnu, sem staðið hafði frá 16. nóvember 1984. Gengi krónunnar var fellt þrisvar sinnum á árinu: 29. febrúar um 6%, 16. maí um 10% og 28. september um 3%. Samtals féll því meðalgengi krónunnar samkvæmt viðskiptavog um 17,9% á árinu 1988, og er mótsvarandi hækkun erlendra gjaldmiðla 21,9%. Að viðbættu 4,88% gengisfalli 3. janúar 1989, 2,5% 7. febrúar og 2,25% gengissigi í mars, var gengi krónunnar í lok mars 1989 skráð um 25,5% lægra en í upphafi árs 1988, sem samsvarar um 34% hækkun á erlendum gjaldmiðlum.




## Gengi krónunnar

Tafla II.4. Gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu.

	Kaupgengi í árslok		Breytingar (%) 1988	
	1987	1988	Milli ára	Yfir árið
Bandaríkjadollar	35,600	46,160	11,6	29,7
Sterlingspund	66,643	83,088	25,7	24,7
Dönsk króna	5,833	6,709	13,0	15,0
Norsk króna	5,707	7,024	14,9	23,1
Sænsk króna	6,136	7,521	15,2	22,6
Finnskt mark	9,007	11,049	16,8	22,7
Franskur franki	6,629	7,584	12,2	14,4
Pýskt mark	22,503	25,918	13,8	15,2
Japanskt yen	0,292	0,367	25,6	25,7
SDR	50,423	61,944	15,7	22,8
Meðalverð erl. gjaldmiðla			21,8	14,2

Þróun gengis einstakra gjaldmiðla á árinu 1988 kemur fram í töflu II.4. Af einstökum gjaldmiðlum hækkaði gengi Bandaríkjadollars mest eða um tæp 30% frá upphafi til loka ársins. Sterlingspund hækkaði um 24,7%, þýskt mark um rúmlega 15%, yen um tæplega 22%, og samkvæmt viðskiptavog hækkuðu erlendir gjaldmiðlar að meðaltali um tæplega 22% eins og fyrr segir. Gengisþróunin á gjaldeyris- mörkuðum erlendis var þjóðarbúinu hagstæð, þar sem staða Bandaríkjadollars styrktist gagnvart gjaldmiðlum Evrópu, en dollar vegur enn talsvert þyngra í greiðslum fyrir útflutning en innflutning, þrátt fyrir að sá munur hafi minnkað að undanförunu.



## Raugengi

Verðlag á mælikvarða framfærsluvísitölu er talið hafa hækkað um rúmlega 18% yfir árið 1988 og gert er ráð fyrir, að kauptaxtar landverkafólks ASÍ hafi hækkað um tæplega 14% á sama tímabili. Samfara þessu hækkaði gengi erlendra gjaldmiðla um tæplega 22%, og verðlag og laun í helstu samkeppnislöndum hækkuðu á bilinu 3% til 5%. Raugengi krónunnar féll því umtalsvert á árinu, hvort sem


miðað er við verðlag eða laun. Þannig hafði raungengi krónunnar miðað við þróun framfærslukostnaðar hér á landi og í 15 helstu viðskiptalöndum fallið um 7% frá fyrsta ársfjórðungi 1988, þegar það stóð hæst, til síðasta ársfjórðungs og um tæplega 6%, ef miðað er við breytingar á launakostnaði og framleiðni vinnuaflds.

Tafla II.5. Þróun raungengis krónunnar.

	Hlutfallslegt verðlag		Hlutfallslegur launakostnaður	
	vísit.	breyting <sup>1)</sup>	vísit.	breyting <sup>1)</sup>
1981	105,5	5,5%	106,6	6,6%
1982	97,3	-7,8%	100,0	-6,2%
1983	90,0	-7,5%	84,1	-15,9%
1984	94,0	4,4%	84,2	0,1%
1985	92,9	-1,2%	86,8	-3,1%
1986	92,7	-0,2%	87,0	-0,2%
1987	102,3	10,4%	106,2	22,1%
1988	105,8	3,4%	117,4	10,5%
Ársfjórðungslegar <sup>2)</sup>				
1987 I.	96,8	4,2%	97,8	16,0%
1987 II.	99,1	5,8%	100,6	16,6%
1987 III.	104,8	12,0%	104,1	26,9%
1987 IV.	109,6	14,2%	118,6	29,4%
1988 I.	112,2	15,9%	119,8	22,5%
1988 II.	106,4	7,4%	113,2	12,5%
1988 III.	108,6	3,6%	116,0	11,4%
1988 IV.	104,6	-4,5%	113,3	-4,4%

1) Miðað við sama tímabil fyrra árs.

2) Ársfjórðungstölur sem hlutfallslegt verðlag þurfa ekki að koma heim við árstölur, þar sem um sjálfstæðar mælingar er að ræða.



Sögulega séð var raungengi krónunnar enn nokkuð hátt á árinu 1988, hvort sem litið er til árána eftir 1980 eða lengra aftur í tímann. Þannig var raungengi krónunnar enn um 4,8% hærra á síðasta ársfjórðungi 1988, ef miðað er við verðlag, en að meðaltali á árunum 1980 til 1988. Í þessu samhengi ber að hafa í huga, að raungengi krónunnar var óvenju lágt á árunum 1983 til 1986. Þegar litið er til árána 1972 til 1988, sést, að raungengi krónunnar á mælikvarða verðlags er í árslok 1988 rúmlega 2% yfir meðaltali þessa tímabils. Miðað við launakostnað er raungengi krónunnar í árslok 1988 um 11% hærra en það var að jafnaði á árunum 1972 til 1988. Vegna gengisbreytinga á tímabilinu janúar–mars 1989 hefur raungengi krónunnar haldið áfram að falla.

### Framleiðsla og hagur atvinnuveganna


Fiskafli landsmanna var um 1.741 þúsund tonn á árinu 1988 og hefur aldrei orðið meiri að magni til. Raunverðmæti aflans er þó um 1,5% minna en á árinu 1987, þar eð samsetning hans var hagstæðari á því ári. Þorskaflí var minni 1988 en 1987, og sama er að segja um skel-

fiskveiði, en meiru var landað af verðminni tegundum svo sem loðnu og síld. Þorskaflí var 370 þúsund tonn 1988 samanborið við 390 þúsund 1987. Veruleg aukning varð í afla annarra botnfisktegunda, svo að heildarbotnfiskaflinn varð um 690 þúsund tonn, sem er svipað og árið 1987. Síldaraflinn varð 92 þúsund tonn samanborið við 75 þúsund tonn 1987, og loðnuafllinn jókst úr 800 þúsund tonnum 1987 í 900 þúsund tonn 1988. Um 28 þúsund tonnum af rækju var landað á árinu 1988, sem er um 30% minna en árin 1986 og 1987.

Afkoma fiskvinnslu og fiskveiða versnaði verulega á árinu 1988. Samkvæmt athugunum Þjóðhagsstofnunar var botnfiskvinnslan rekin með 2,5% halla á árinu 1988 samanborið við 1,5% hagnað 1987. Tap á rekstri botnfiskveiða er áætlað um 1% á árinu 1988. Útreikningar Seðlabankans sýna, að samkeppnisstaða sjávarútvegs var rúmlega 6% lakari á árinu 1988 en 1987, en hafði versnað um liðlega 12%, ef miðað er við 1986.

Þrátt fyrir slæma samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisiðnaðar dró ekki úr framleiðslu þessara greina á árinu 1988 miðað við 1987. Samkeppnisaðstaða útflutningsiðnaðar batnaði reyndar nokkuð 1988 vegna gengisbreytinga og hækkandi verðs á afurðum, en er þó enn mjög erfið eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Bæði járnblendiverksmiðjan og álverið nutu verulegra hækkana á afurðaverði erlendis, og var afkoma þessara fyrirtækja því mjög góð. Framleiðsla á landbúnaðarvörum minnkaði um 7% 1988 samanborið við 1987, en áframhaldandi vöxtur var í fiskeldi. Útflutningur á fiskeldisafurðum var engu að síður nær óbreyttur eða um 300 m.kr., þar eð ekki varð af útflutningi á seiðum. Sé tillit tekið til birgðasöfnunar, var framleiðsla fiskeldisstöðva um 1.300 m.kr. 1988 samanborið við 540 m.kr. 1987.

Vísitala samkeppnisstöðu, sem reiknuð er á grunni þeirra breytinga, sem verða á rekstrarkostnaði og afurðaverði útflutnings- og samkeppnisgreina, var að jafnaði um 5% lakari á árinu 1988 en 1987 og um 12% lakari, ef miðað er við 1986. Þessu veldur veruleg hækkun á rekstrarkostnaði á árinu 1987 umfram það, sem gerðist í helstu viðskiptalöndum, samtímis því sem gengi krónunnar var haldið föstu. En þrátt fyrir mikla lækkun á gengi krónunnar á árinu 1988 tókst ekki að bæta samkeppnisstöðuna sökum lækkunar á verði sjávarafurða. Þannig var talið, að á síðasta ársfjórðungi 1988 þyrfti að fella gengi krónunnar um ekki minna en 6% til viðbótar við þær gengisbreytingar, sem þá þegar höfðu verið gerðar, svo að samkeppnisstaðan yrði sambærileg við árið 1979, en árið 1979 er oft notað til samanburðar, þar sem talið er, að hagkerfið hafi þá verið í nokkru jafnvægi.




## Kjarasamningar

Aðildarfélag ASÍ höfðu ekki samflot um kjarasamninga. Verkamannasamband Íslands (VMSÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ) komust að samkomulagi um laun og kjör 26. febrúar, þar sem samið var um 1.525 kr. grunnlaunahækkun og 5,1% hækkun á bónus og tengdum liðum auk 3,25% áfangahækkana í júní, 2,5% í september og 2% í febrúar 1989. Í lok mars var gerður kjarasamningur VSÍ við Landssambands iðnverkafélks og þau aðildarfélag VMSÍ, sem ekki höfðu samþykkt febrúarsamkomulagið. Samkomulag þetta gerði ráð fyrir 2.025 kr. grunnlaunahækkun og 1,5% hækkun launa í desember, en að öðru leyti var samkomulagið sambærilegt við febrúarsamningana. Í maí var gengið frá samkomulagi milli flestra þeirra aðila á vinnumarkaðnum, sem enn áttu ósamið. Komu þeir samningar í kjölfar tveggja vikna verkfalls verslunarmanna. Samningar þessara aðila voru efnislega svipaðir. Almenn upphafshækkun var um 9% og áfangahækkunar 2,5% í september og 1,5% í desember, en auk þess nokkrar sérstakar greiðslur. Í þessum samningum var gert ráð fyrir endurskoðun á launaliðum, ef framfærsluvísitalan hækkaði umfram ákveðin viðmiðunarmörk. Í maí náðu bankamenn einnig samkomulagi um kjaramál, og fjármálaráðuneytið samdi við BSRB og BHMR. Voru niðurstöður þessara samninga áþekkar þeim, sem áður er lýst, og var gildistími yfirleitt fram á vor 1989.

Ríkisstjórnin hafði umtalsverð afskipti af kjarasamningum á árinu. Hinn 16. maí voru gefin út bráðabirgðalög, sem kváðu svo á, að öll laun, sem þá hafði ekki verið samið um, skyldu hækka um 10% 1. júní frá því, sem þau höfðu verið 31. desember 1987, og kjarasamningar framlengdir til 10. apríl 1989. Ríkisstjórnin gaf út ný bráðabirgðalög 26. ágúst og 28. september, sem kváðu á um launastöðvun

## Tekjur og kaupmáttur



fram til 15. febrúar 1989, en þá skyldu laun hækka um 1,5% og kjarasamningar gengu á ný í gildi, hvað samningstíma varðaði. Hækkanir á launatöxtum urðu því talsvert minni á árinu 1988 en gengið var út frá í kjarasamningum. Þannig er áætlað, að launataxtar landverkafólks ASÍ hafi hækkað um tæplega 14% yfir árið 1988, en án launastöðvunar hefði hækkanin getað orðið um 18%.

Bráðabirgðatölur frá Kjararannsóknarnefnd benda til þess, að kaupmáttur greidds tímakaups landverkafólks ASÍ hafi orðið að jafnaði tæplega 2% hærri á árinu 1988 en 1987 þrátt fyrir verulega lækkingu yfir árið 1988. Greitt tímakaup landverkafólks var að jafnaði 27% hærri á árinu 1988 en 1987, en mat á kjarasamningum bendir til þess, að kauptaxtar hafi hækkað um tæplega 20% á sama tíma. Kaupmáttur greidds tímakaups lækkaði talsvert á fyrsta ársfjórðungi, en hækkaði svo lítillega um mitt ár í kjölfar kjarasamninga og hélst svo nokkuð stöðugur, það sem eftir var árs. Samanburður á síðasta ársfjórðungi 1987 og 1988 sýnir um 3% kaupmáttarrýrnun miðað við greitt tímakaup, en um 5% rýrnun, ef tekið er tillit til styttri vinnutíma.

Tafla II.6. Tekjuþróun.  
1980=100. Ársmeðaltöl

	1980-88	1983-85	1984	1985	1986	1987	1988
Kaupmáttur greidds tímakaups <sup>1)</sup> .....	95,9	83,4	81,4	83,1	90,7	108,0	110,0
Kaupmáttur atvinnutekna á ársverk <sup>2)</sup> .....	103,7	91,0	88,0	95,0	105,0	125,0	122,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna <sup>3)</sup> .....	109,7	96,7	93,0	103,0	112,0	138,0	133,0
Þjódartekjur á ársverk .....	99,7	95,1	95,8	95,2	100,6	108,1	105,2

- 1) Miðað er við upplýsingar frá Kjararannsóknarnefnd og breytingar á framfærsluvísitölu.
- 2) Miðað er við breytingar á verðvísitölu einkaneyslu. Upplýsingar um árin 1987 og 1988 eru til bráðabirgða, þar sem enn liggja ekki fyrir endanleg gögn um vinnutíma.
- 3) Þ.e. heildartekjur á mann að frádregnum sköttum. Kaupmáttur miðast við framfærslukostnað.

Óhagstæð framvinda efnahagsmála hlaut að leiða til rýrnandi kaupmáttar, ekki aðeins vegna hækkandi verðlags, heldur einnig við það, að vinnutími styttest og hlutdeild skatta hækkaði. Þannig minnkaði kaupmáttur ráðstöfunartekna um 3,5%, og kaupmáttur atvinnutekna á ársverk dróst saman um 2,5%. Þjódartekjur á ársverk á föstu verði drógust saman um 2,6%. Þrátt fyrir þessa þróun voru tekjur á alla mælikvarða sögulega séð í hámarki, ef árið 1987 er undanskilið. Þannig má sjá af töflu II.6., að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann var um 21% hærri á árinu 1988 en meðalkaupmáttur ráðstöfunar-

## Verðþróun

tekna á árunum 1980 til 1988. Hlutfall launa af vergum þáttatekjum var einnig óvenju hátt á árinu 1988 eða um 72% í samanburði við 71,4% 1987 og 65,4% að meðaltali á árunum 1980 til 1986.

Í upphafi árs 1988 var verðbólga um 25%, ef miðað er við fjögurra mánaða miðsetta hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli. Verðbólga fór svo lækkandi í febrúar og mars, þar til að gengisbreytingar og launahækkanir fóru að hafa veruleg áhrif á verðlagsþróunina, og á tímabilinu maí til júlí var verðbólga á sama mælikvarða um 35%. Í ágúst kom til verðstöðvunar. Hún leiddi til þess ásamt almennum samdrætti í efnahagsstarfseminni, að verðbólga fór niður fyrir 10%, þegar kom fram á haustið, eins og sjá má af töflu II.7. Þannig hækkaði framfærslukostnaður um aðeins 0,6% frá því í byrjun september þar til í byrjun desember þrátt fyrir 3% gengisfellingu í septemberlok.


Tafla II.7. Verðbólgustig.

4 mán. miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli:

	1985	1986	1987	1988	
Janúar .....	56,4	21,1	20,1	24,8	
Febrúar .....	43,6	14,2	21,8	22,8	
Mars .....	35,5	9,6	18,0	15,9	
Apríl .....	28,5	4,4	19,9	24,9	
Maí .....	27,6	10,7	20,8	34,6	
Júní .....	32,6	12,4	24,8	37,5	
Júlí .....	34,4	10,7	24,5	33,1	
Ágúst .....	36,6	10,0	23,3	21,7	
September .....	32,8	15,3	28,7	10,1	
Október .....	31,9	14,5	26,8	3,9	
Nóvember .....	33,1	18,5	36,5	7,3	
Desember .....	34,3	22,1	33,3	10,7	
					<i>Meðaltal</i>
<i>Meðaltalshækkun á milli ára:</i>					<i>'85-'88</i>
Framfærsluvísitala .....	32,4	21,3	18,7	25,4	24,5
Byggingarvísitala .....	32,1	24,5	17,6	17,8	23,0
Lánskjaravísitala .....	30,6	24,6	17,4	23,4	24,0
<i>Hækkun yfir árið:<sup>1)</sup></i>					
Framfærsluvísitala .....	33,7	12,8	24,1	19,4	22,5
Byggingarvísitala .....	34,8	17,2	16,2	20,5	22,2
Lánskjaravísitala .....	35,6	14,7	22,2	19,1	22,9

1) Jan.-jan.

Verðbólga á árinu 1988 var nokkru minni en árið 1987, ef miðað er við framfærsluvísitölu, en heldur meiri, ef miðað er við byggingarvísitölu. Þannig hækkaði framfærsluvísitalan um 19,4% frá upphafi til loka árs 1988 samanborið við 24,3% hækkun hennar á árinu 1987. Vegna mikillar verðbólgu síðari hluta árs 1987 varð þó verðlag 1988



að meðaltali 25,4% hærra en á árinu 1987, ef miðað er við framfærsluvísitölu. Til samanburðar hækkaði framfærslukostnaður um 18,7% milli áráanna 1986 og 1987 og um 21,3% frá 1985 til 1986. Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði nokkru minna en framfærsluvísitala og var að jafnaði um 17,8% hærra á árinu 1988 en 1987. Frá upphafi til loka árs hækkaði byggingarvísitalan um 20,5% samanborið við 16,2% hækkun á árinu 1987. Þannig hefur byggingarvísitalan hækkað um 40% á síðustu tveimur árum á sama tíma og framfærsluvísitalan hefur hækkað um 48%. Þessi mismunur stafar einkum af því, hve launataxtar vega þungt í byggingarvísitölunni. Launataxtar hafa á undanförunum tveimur árum hækkað talsvert minna en launagreiðslur, en launagreiðslur hafa áhrif á framfærsluvísitölu. Verðvísitala vergrar landsframleiðslu hækkaði um 23,8% frá 1987 til 1988 samanborið við 20,7% hækkun á árinu 1987 og 23,9% hækkun 1986. Yfir heildina litið má því segja, að verðbólga á árinu 1988 hafi verið svipuð og árin 1986 og 1987.



**Þróun utanríkis-  
viðskipta og greiðslu-  
jafnaðar**

### III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR


Þróun í utanríkisviðskiptum Íslendinga á árinu 1988 einkenndist af þeim samdráttaráhrifum, sem almennt gætti í efnahagsmálum, einkum á síðari hluta ársins. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 1,8% miðað við árið áður, en verðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 1%. Þetta eru mikil umskipti frá fyrra ári, er verðmæti vöruútflutnings jókst um 13,8% og verðmæti vöruinnflutnings um 29,4%. Vöruskiptajöfnuður 1988 varð neikvæður um 560 m. kr., sem svarar til 0,2% af VLF (vegri landsframleiðslu), sem er mun hagstæðara en árið áður, en þá varð vöruskiptajöfnuður neikvæður um 1% af VLF. Halli á þjónustujöfnuði varð hins vegar 3,5% af VLF á árinu 1988 samanborið við 2,6% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist því 3,7% af VLF á móti 3,5% árið áður. Fjármagnsjöfnuður skilaði miklum afgangi á árinu vegna mikils fjármagnsinnstreymis, einkum langtímalána, og nægði því nær til þess að jafna viðskiptahallann, þannig að gjaldeyristaða Seðlabankans rýrnaði aðeins um 538 m. kr., sem svarar til 0,2% af VLF. Tafla III.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1987 og 1988, þar sem tölur ársins 1987 hafa verið umreiknaðar til gengis ársins 1988 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar.<sup>1)</sup>

*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1988)*

	1987	1988
Innfluttar vörur fob .....	-62.833	-62.234
Útfluttar vörur fob .....	60.587	61.674
Vöruskiptajöfnuður .....	-2.246	-560
Innflutt þjónusta .....	-30.557	-32.507
Útflutt þjónusta .....	24.543	23.592
Þjónustujöfnuður .....	-6.014	-8.915
Viðskiptajöfnuður .....	-8.260	-9.475
Framlög án endurgjalds .....	-27	-42
Fjármagnsjöfnuður .....	7.596	8.979
Heildargreiðslujöfnuður	-691	-538

1) Allur talnasamanburður árána 1987 og 1988 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1988, eftir því sem við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

## Útflutningur




Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 1,8% eins og áður er sagt. Á árinu 1988 var óvenjulega mikill útflutningur flugvéla, þar sem fimm stórar flugvélar að verðmæti rúmlega 2.000 m. kr. voru seldar úr landi. Sé útflutningsverðmæti skipa og flugvéla dregið frá útflutningi beggja árána 1987 og 1988, varð 1,2% samdráttur á öðrum útflutningi 1988 miðað við árið áður. Útflutningsverðmæti sjávarafurða dróst saman um 4,8%, og varð samdráttur hlutfallslega mestur í útflutningsverðmæti skreiðar, þá skelfisks, saltfisks og frysts þorskafila, en aukning varð í útflutningsverðmæti lýsis, mjöls og saltsíldar. Útflutningsverðmæti iðnaðarværa jókst um 13,6%, og varð aukningin hlutfallslega mest í útflutningsverðmæti kísiljárns og áls. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða dróst saman um 7,1%. Tafla III.2 sýnir skiptingu útflutnings á helstu vörflokkum sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til gengis 1988 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á útflutningsverðmæti ársins 1988 miðað við árið 1987. Verðmæti sjávarafurða í heildarvöruútflutningi nam 71,1% árið 1988 á móti 76% árið áður.

Tafla III.2. Útflutningur helstu vörflokka.  
(Fob.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1988)

						Breyting
	1984	1985	1986	1987	1988	í % 1987-1988
Sjávarafurðir	27.670	34.410	41.007	46.048	43.826	-4,8
Þar af: Saltfiskur	3.996	5.072	6.849	9.835	9.040	-8,1
Skreið	107	244	1.065	1.236	577	-53,3
Frystur botnfiskur	12.296	14.789	15.584	16.833	15.817	-6,0
Lýsi	1.192	2.004	1.211	837	1.352	61,5
Mjöl	2.704	2.757	3.162	2.517	3.699	47,0
Humar, rækja og hörpudiskur	2.614	3.657	5.747	5.371	4.830	-10,1
Saltsíld	1.354	1.201	875	957	1.059	10,7
Landbúnaðarafurðir	707	649	692	1.151	1.069	-7,1
Iðnaðarvörur	11.542	10.332	10.506	12.168	13.822	13,6
Þar af: Ál	5.986	4.557	4.884	5.801	6.626	14,2
Kísiljárn	1.776	1.664	1.581	1.682	2.418	43,8
Aðrar iðnaðarvörur	3.780	4.111	4.043	4.684	4.778	2,0
Aðrar vörur	1.246	646	1.048	1.220	2.957	142,4
Útflutningur alls	41.165	46.036	53.254	60.587	61.674	1,8

## Skipting inn- og útflutnings eftir löndum

Tafla III.3 sýnir skiptingu vöruinnflutnings og vöruútflutnings eftir markaðssvæðum. Helstu breytingar á skiptingu innflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að innflutningur frá EFTA-löndum jókst úr 20,6% af heildarinnflutningi 1987 í 22,2% 1988, en hlutdeild EBE-landa dróst saman úr 52,1% 1987 í 51,5% 1988.



*Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.  
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)*

	1984	1985	1986	1987	1988
<b>Innflutningur:</b>					
EFTA .....	21,2	22,0	20,6	20,6	22,2
EBE .....	47,3	49,5	52,9	52,1	51,5
Austur-Evrópa .....	11,0	8,8	6,5	5,8	5,5
Norður-Ameríka .....	7,4	7,2	7,4	7,5	7,9
Önnur lönd .....	13,1	12,5	12,6	14,0	12,9
<b>Útflutningur:</b>					
EFTA .....	12,7	14,2	10,1	8,2	10,0
EBE .....	38,3	39,3	54,1	57,4	58,9
Austur-Evrópa .....	9,5	7,8	5,5	4,7	5,4
Norður-Ameríka .....	28,6	27,3	22,0	18,5	13,9
Önnur lönd .....	10,9	11,4	8,3	11,2	11,8

Helstu breytingar á skiptingu útflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að útflutningur til Norður-Ameríku dróst saman úr 18,5% af heildarútflutningi 1987 í 13,9% 1988, en hlutdeild EFTA-landa jókst úr 8,2% af heildarútflutningi 1987 í 10% 1988 og hlutdeild EBE-landa úr 57,4% í 58,9%. Hlutdeild Austur-Evrópulanda jókst úr 4,7% í 5,4% af vöruútflutningi. Ef litið er á hlutdeild einstakra landa í vöruútflutningi á árinu 1988, er Bretland nú annað árið í röð í fyrsta sæti með 23,3% af heildarútflutningi og Bandaríkin í öðru sæti með aðeins 13,6%, og hefur hlutdeild Bandaríkjana í heildarútflutningi dregist saman úr 18,3% 1987, 21,7% 1986 og 27% 1985. Þriðja mikil-

vægasta útflutningslandið er Vestur-Pýskaland með 10,3% af vöruútflutningi, þá kemur Portúgal með 8,5% og Japan með 7,6%. Hlutdeild nokkurra helstu viðskiptalanda okkar í vöruinnflutningi var sem hér segir á árinu 1988: Vestur-Pýskaland 14,2%, Danmörk 9,2%, Noregur 9,1%, Svíþjóð 8,7%, Bretland 8,2%, Holland 8,1%, Bandaríkin 7,5% og Japan 6,9%.

Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir í árslok.  
(Í m.kr. á gengi SDR í árslok 1988)

	1984	1985	1986	1987	1988
Freðfiskur .....	3.024	1.730	545	1.415	2.342
Til Bandaríkjanna .....	2.348	1.017	303	561	795
Til annarra landa .....	676	713	242	854	1.547
Saltfiskur .....	162	0	139	440	614
Skreið .....	2.671	2.537	577	71	180
Aðrar sjávarafurðir .....	2.506	2.265	1.921	1.953	2.231
<i>Sjávarafurðir samtals</i> .....	<i>8.363</i>	<i>6.532</i>	<i>3.182</i>	<i>3.880</i>	<i>5.367</i>
Landbúnaðarafurðir .....	213	394	317	835	296
Ál .....	247	531	572	241	344
Kísiljárn .....	120	206	228	108	136
Kísilgúr .....	22	52	59	58	29
	8.965	7.715	4.358	5.122	6.172

#### Birgðir útflutningsvara

Tafla III.4 sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, umreiknað til árslokagengis 1988 samkvæmt gengi SDR.

Tafla III.5. Vöruinnflutningur.  
(Fob-verð í m.kr. á meðalgengi 1988)

	1987	1988	Breyting í % 1987-1988
Innflutningur alls, fob .....	62.833	62.234	-1,0
Sérstakar fjárfestingarvörur .....	3.846	5.520	43,5
Skip og flugvélar .....	3.732	5.405	44,8
Vegna Landsvirkjunar .....	114	115	0,9
Rekstrarvörur v/álbræðslu .....	2.471	2.254	-8,8
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju .....	471	533	-13,2
Almennur innflutningur .....	56.045	53.927	-3,8
(Par af olía) .....	(4.253)	(3.658)	(-14,0)


#### Próun innflutnings

Tafla III.5 sýnir fob-verðmæti innflutnings 1987 og 1988 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslegar breytingar á árinu 1988 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti vöruinnflutnings hefur dregist saman um 1% á árinu, en árið áður var aukning um 29,4%. Almennur innflutningur dróst saman um 3,8%, og verðmæti olíuvöruinnflutnings dróst saman um 14%, og varð því 2,9% samdráttur

á almennum innflutningi að frátöldum olíuvörum. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 43,5%, eingöngu vegna skipa-kaupa, sem jukust úr 3.651 m. kr. í 5.328 m. kr. eða um 45,9%.

Tafla III.6. Almennur innflutningur.  
(Cif-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1988)

	1987			1988			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar . . .	324	3.030	3.354	26	2.718	2.744	-92,0	-10,3	-18,2
Febrúar . . .	266	3.323	3.589	334	4.430	4.764	25,6	33,3	32,7
Mars . . . . .	280	4.455	4.735	458	5.062	5.520	63,6	13,6	16,6
Apríl . . . . .	116	3.950	4.066	261	3.646	3.907	125,0	-7,7	-3,9
Mái . . . . .	449	5.155	5.604	329	5.567	5.896	-26,7	8,0	5,2
Júní . . . . .	527	5.590	6.117	378	5.531	5.909	-28,3	-1,1	-3,4
Júlí . . . . .	323	5.664	5.987	203	5.134	5.337	-37,2	-9,4	-10,9
Ágúst . . . . .	577	4.343	4.920	425	4.670	5.095	-26,3	7,5	3,6
Sept. . . . .	626	5.249	5.875	518	4.561	5.079	-17,3	-13,1	-13,5
Okt. . . . .	466	5.746	6.212	530	4.615	5.145	13,7	-19,7	-17,2
Nóv. . . . .	378	5.770	6.148	186	5.228	5.414	-50,8	-9,4	-11,9
Des. . . . .	556	6.015	6.571	319	5.024	5.343	-42,6	-16,5	-18,7
	4.888	58.290	63.178	3.967	56.186	60.153	-18,8	-3,6	-4,8
I. ársfj. . . . .	870	10.808	11.678	818	12.210	13.028	-6,0	13,0	11,6
II. ársfj. . . . .	1.092	14.695	15.787	968	14.744	15.712	-11,4	0,3	-0,5
III. ársfj. . . . .	1.526	15.256	16.782	1.146	14.365	15.511	-24,9	-5,8	-7,6
IV. ársfj. . . . .	1.400	17.531	18.931	1.035	14.867	15.902	-26,1	-15,2	-16,0



Tafla III.6 sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1987 og 1988, skipt á olíuvöruinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1988, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1987 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1988. Tölur í þessari töflu eru á cif-verði, en í töflu III.5 eru innflutningstölur á fob-verði. Verður þetta og munur, sem er á gengisumreikningi, til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna í töflu III.5 og töflu III.6. Innflutningur jókst hlutfallslega á fyrsta ársfjórðungi miðað við árið áður, en í öllum hinum ársfjórðungunum var um samdrátt að ræða, er var langmestur á fjórða ársfjórðungi.

### Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1988 varð neikvæður um 560 m. kr. samanborið við 2.246 m. kr. 1987 umreiknað til meðalgengis 1988 og batnaði því frá árinu áður um 1.686 m. kr. samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1987 og 1988 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem jukust um 2.716 m. kr. 1988, en minnkuðu um 340 m. kr. 1987, reyndist vöruskiptajöfnuður þannig leiðréttur jákvæður um 2.156 m. kr. 1988 á móti 2.586 m. kr. neikvæðum jöfnuði 1987 eða 4.742 m. kr. hagstæðari en árið áður, og sé


þar að auki sveiflum í inn- og útflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reyndist hann 4.602 m. kr. hagstæðari 1988 en 1987.

## Þjónustujöfnuður

Tafla III.7 sýnir helstu liði þjónustujafnaðar og samanburð þeirra 1987 og 1988 ásamt hlutfallslegri breytingu.

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1988)

	1987	1988	Breyting í % 1987-1988
Þjónustujöfnuður	-6.014	-8.915	
Innflutt þjónusta alls	-30.557	-32.507	6,4
Útflutt þjónusta alls	24.543	23.592	-3,9
Útgjöld til ferða- og dvalarkostnaðar	-9.382	-9.902	5,5
Tekjur af erlendum ferðamönnum	3.796	4.680	23,3
Útgjöld vegna samgangna	-8.118	-8.819	8,6
(Þar af v/ísl. flugfélaga)	(-4.039)	(-4.276)	(5,9)
Tekjur af samgöngum	9.504	9.048	-4,8
(Þar af v/ísl. flugfélaga)	(5.202)	(5.188)	(-0,3)
Vaxtagjöld	-8.115	-9.130	12,5
Vaxtatekjur	1.020	957	-6,2
Útgjöld vegna trygginga	-1.205	-1.625	34,9
Tekjur af tryggingum	754	1.080	43,2
Tekjur af varnarliði nettó	5.470	5.110	-6,6
Ýmis útgjöld	-3.737	-3.031	-18,9
(Þar af v/álbræðslu)	(-388)	(-374)	(-3,6)
Ýmsar tekjur	3.999	2.717	-32,1
Þjónustujöfnuður án vaxta	1.081	-742	
Innflutt þjónusta	-22.442	-23.377	4,2
Útflutt þjónusta	23.523	22.635	-3,8
Vaxtajöfnuður	-7.095	-8.173	
Vaxtagjöld	-8.115	-9.130	12,5
Vaxtatekjur	1.020	957	-6,2



Þjónustutekjur námu í heild 23.592 m. kr., og er það samdráttur um 3,9% frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu í heild 32.507 m. kr., sem er aukning um 6,4% frá fyrra ári. Þjónustujöfnuður varð því neikvæður um 8.915 m. kr., sem svarar til 3,5% af VLF. Þetta er mun lakari útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður neikvæður um 6.014 m. kr., sem svarar til 2,5% af VLF. Valda þar mestu aukning vaxtakostnaðar ásamt lakari útkomu samgangnaliðarins. Útgjöld vegna samgangna jukust um 8,6%, en tekjur drógust saman um 4,8%. Nettótekjur af samgöngum námu 229 m. kr. 1988, en 1.386 m. kr. 1987, þannig að útkoma samgangnaliðarins varð 1.157 m. kr. lakari en árið áður.

Vaxtagjöld jukust um 12,5%, en vaxtatekjur drógust saman um 6,2%, þannig að vaxtajöfnuður varð með 1.078 m. kr. lakari útkomu en árið áður. Þjónustujöfnuður án vaxta varð neikvæður um 742 m. kr. á móti 1.081 m. kr. jákvæðum jöfnuði 1987, sem er því 1.823 m. kr. lakari útkoma 1988 en árið áður. Um aðra liði þjónustujafnaðar vísast til töflu III.7.

### Viðskiptajöfnuður


Viðskiptajöfnuður reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum óhagstæður um 9.475 m. kr., sem jafngildir 3,7% af VLF. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt óhagstæður um 8.260 m. kr. eða 3,5% af VLF. Sé viðskiptajöfnuður árána 1987 og 1988 hins vegar leiðréttur fyrir breytingum útflutningsvörubirgða og sveiflum í nettóinnflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reyndist viðskiptajöfnuður 1988 neikvæður um 6.620 m. kr. eða 2,6% af VLF, en viðskiptajöfnuður 1987, leiðréttur á sama hátt, neikvæður um 8.321 m. kr. eða 3,1% af VLF.

### Framlög án endurgjalds

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana, gjafafé og aðrar greiðslur án endurgjalds, urðu neikvæð um 42 m. kr. á árinu 1988 á móti 27 m. kr. árið áður.

### Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim svo og eiginfjárframlög til fjárfestingar, bæði Íslendinga erlendis og útlendinga hér á landi, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs og hins vegar skammtímahreyfingar. Fjármagnsinnstreymi



til landsins varð meira en útstreymi, sem nam 8.979 m. kr. á árinu 1988 á móti 7.600 m. kr. 1987. Skekkjur og vantalið er hér í báðum tilvikum innifalið í fjármagnsjöfnuði eins og sést í töflu III.8, sem sýnir hreyfingar á helstu liðum fjármagnsjafnaðar 1987 og 1988 á meðalgengi ársins 1988.

*Tafla III. 8. Fjármagnsjöfnuður.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1988)*

	1987	1988
Fjármagnsjöfnuður <sup>1)</sup> .....	7.600	8.979
Eiginfjármagn til fjárfestingar .....	79	-652
Hreint innstreymi langra lána .....	7.701	9.719
Innkomin lán alls .....	14.242	16.301
Afborganir af lánum alls .....	-6.541	-6.582
Stuttar lánahreyfingar .....	3.329	613
Opinberir aðilar .....	2	39
Lánastofnanir .....	3.134	3.275
Einkaaðilar .....	193	-2.701
Aðrar fjármagnshreyfingar .....	-288	-763
Lausafjárstaða bankanna .....	-263	-739
Annað .....	-25	-24
Skekkjur og vantalið .....	-3.221	62

1) Skekkjur og vantalið meðtalið.

Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru erlendar lántökur til langs tíma og afborganir af slíkum lánum. Tafla III.9 sýnir hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1988 skipt á helstu lántakendur, opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá erlendum lánardrottnum. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1987, umreiknaðar til meðalgengis 1988. Langar erlendar lántökur námu 16.301 m. kr. á árinu 1988, en afborganir 6.582 m. kr., þannig að hreint innstreymi langra lána nam 9.719 m. kr. samanborið við 7.701 m. kr. árið áður.

*Tafla III.9. Hreyfing langra erlendra lána.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1988)*

	<i>Innkomið</i>		<i>Afborganir</i>		<i>Nettóaukning</i>	
	1987	1988	1987	1988	1987	1988
Opinberir aðilar .....	3.195	4.830	2.614	1.805	581	3.025
Lánastofnanir .....	8.618	9.732	2.445	2.859	6.173	6.873
Einkaaðilar .....	2.429	1.739	1.482	1.918	947	-179
Samtals	14.242	16.301	6.541	6.582	7.701	9.719

Samtals varð 652 m. kr. útstreymi á eiginfjármagni til fjárfestingar, sem stafar af endurgreiðslu Íslenska álfélagsins á skammtíamfjármagni vegna birgðahalds og rekstrar á undanförunum árum, en nettó-




## Skuldastaða og greiðslubyrði

innstreymi á öðru áhættufjármagni nam 136 m.kr. á árinu 1988. Hreint innstreymi skammtímalána nam samtals 613 m.kr. á árinu 1988 samanborið við 3.329 m.kr. 1987. Endurlánuð skammtímalán innlánsstofnana jukust um 3.275 m.kr. 1988, sem er aðeins meira en 1987, og þar af er aukning vegna afurðalána um tveir milljarðar króna. Útstreymi varð á skammtímalánum einkaaðila, þar sem stutt vörukaupalán minnkuðu um 890 m.kr. og aðrar erlendar viðskipta-kröfur lækkuðu um álíka fjárhæð, en ógreiddur útflutningur jókst aftur á móti um 948 m.kr. á árinu 1988. Útstreymi á öðrum fjármagnshreyfingum varð 763 m.kr. á árinu 1988, sem stafar að mestu leyti af aukningu á erlendri lausafjárstöðu innlánsstofnana.

Staða langra erlendra lána nam 112.195 m. kr. í árslok 1988 reiknað á árslokagengi, en reiknað á meðalgengi ársins nemur hún 105.017 m. kr., sem er 41,3% af vergri landsframleiðslu ársins samanborið við 40,4% árið áður. Skuldahlutfallið komst hæst á árinu 1985 í 51,1%, en lækkaði á árunum 1986 og 1987 vegna mikils hagvaxtar, hækkunar á raungengi krónunnar og gengislækkunar Bandaríkjadollars þrátt fyrir talsverða skuldaaukningu á þessum árum. Hækkun skuldahlutfallsins á árinu 1988 stafar að hálfu leyti af samdrætti landsframleiðslunnar, en að öðru leyti af raunaukningu erlendra lána umfram hækkun á raungengi krónunnar. Tafla III.10 sýnir hlutfallslega skiptingu langra erlendra lána á helstu gjaldmiðla í árslok 1984–1988.

Tafla III.10. Löng erlend lán flokkuð eftir gjaldmiðlum.  
Hlutfallsleg skipting lána í lok hvers árs (%)

	1984	1985	1986	1987	1988
Bandaríkjadollarar	53,9	52,3	50,5	42,0	44,9
Sterlingspund	6,1	5,9	5,4	5,3	4,8
Norskar krónur	1,4	1,3	0,9	0,8	0,5
Svissneskir frankar	8,1	8,7	9,1	13,1	10,8
Hollensk gyllini	2,0	2,6	2,4	2,1	1,8
V-þýsk mörk	9,1	9,7	10,6	16,7	18,2
Japönsk yen	15,4	15,6	15,9	15,0	13,3
EUA/ECU	1,6	1,7	2,9	3,3	4,0
Aðrir	2,4	2,2	2,3	1,7	1,6
Erlend lán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0




Greiðslubyrði af löngum erlendum lánum nam 16,5% af útflutningstekjum á árinu 1988. Greiðslubyrði afborgana nam 7,6%, en vaxta- byrði langra lána nam 8,9% útflutningstekna 1988. Greiðslubyrðin hefur hækkað nokkuð frá fyrra ári, er hún var 16%, en á árunum 1982–1986 var hún á bilinu 19–24% útflutningstekna. Í 8. töflu í töfluviðauka er yfirlit yfir stöðu langra erlendra lána, skipt á lántak- endur, ásamt skuldahlutföllum og greiðslubyrði þeirra á árunum 1982–1988. Línurit hér til hliðar sýnir þróun skuldahlutfalls og greiðslubyrðar langra erlendra lána á þessum áratug.

Hreinar vaxtagreiðslur til útlanda, þ.e. bæði vextir langtíma- og skammtímalána að frádregnum vaxtatekjum, eru kostnaður þjóðarbúsins af skuldastöðunni við útlönd. Á árinu 1988 námu nettóvaxtagreiðslur 3,2% af VLF á móti 3% árið áður, og hafa þær ekki verið lægri síðan 1980 eins og sýnt er í töflu III.11 ásamt viðskiptajöfnuði og skuldastöðu þjóðarbúsins við útlönd á árunum 1979–1988.

Tafla III.11. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.  
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettó-skuld við útlönd	Í hlutfalli af vergri landsframleiðslu (%)			
			Löng lán	Nettó-skuld	Viðskiptajöfnuður	Nettó-vextir
1979	2.930	2.721	31,0	28,8	-0,7	-2,6
1980	4.623	4.233	29,9	27,3	-2,0	-2,6
1981	7.521	6.549	30,8	26,8	-4,2	-3,3
1982	14.904	15.022	39,0	39,3	-8,1	-3,9
1983	32.127	31.141	48,6	47,2	-1,9	-4,6
1984	42.559	43.470	48,5	49,6	-4,7	-5,2
1985	60.857	62.899	51,1	52,8	-4,0	-4,7
1986	75.082	71.362	47,5	45,1	0,4	-3,9
1987	83.794	84.142	40,4	40,6	-3,5	-3,0
1988 <sup>1)</sup>	105.017	105.940	41,3	41,7	-3,7	-3,2

1) Bráðabirgðatölur.




### Gjaldeyrisstaða

Hrein staða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum erlendum skuldum Íslendinga að frádregnum kröfum þeirra á útlönd og að undanskildu eiginfjármagni til fjárfestingar. Eiginfjármagn til og frá landinu hefur verið háð takmörkunum og samþykki stjórnvalda hverju sinni og ætla má, að nettóstaða þess sé ekki há. Hrein skuldastaða þjóðarbúsins endurspeglar því uppsafnaðan halla á viðskiptum við útlönd. Í árslok 1988 nam hrein skuldastaða við útlönd 113.137 m. kr., og 9. tafla í töfluviðauka hér á eftir sýnir sundurliðun helstu skulda- og eignaliða frá árslokum 1973. Nettóskuld í árslok 1988 reiknast vera 105.940 m.kr. á meðalgengi ársins, sem jafngildir 41,7% af VLF samanborið við 40,6% 1987 eins og sýnt er í töflu III.11. Hrein skuldastaða við útlönd hefur fylgt stöðu langra erlendra lána, sem þýðir, að jöfnuður hefur verið á skammtímaskuldum og -eignum þjóðarbúsins út á við á undangengnum árum.

Tafla III.12 sýnir gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sl. fimm ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1988. Í 10. töflu í töfluviðauka er hins vegar að finna yfirlit um gjaldeyrisstöðu sl. tíu ár á því gengi, sem gilti á hverjum tíma. Taflan sýnir einnig erlenda skammtímastöðu innlánsstofnana á sama tímabili.

Tafla III.12. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok.  
(Í m.kr. á gengi í árslok 1988)

	1984	1985	1986	1987	1988
Gjaldeyrisforði	8.212	10.876	15.209	13.575	13.536
Gull	105	105	105	105	105
Innstæður í SDR	23	24	10	118	62
Gjaldeyrisstaða við IMF	249	249	249	249	249
Bankainnstæður og verðbréf	7.835	10.497	14.844	13.103	13.120
Gjaldeyrisskuldur	3.885	1.441	1.556	779	1.649
Nettóstaða	4.328	9.434	13.653	12.796	11.887



Í töflu III.12 kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 13.536 m. kr. í árslok, sem svarar til 23,4% af fob-verðmæti almenns vöruinnflutnings, og hafði hækkað úr 22,6% í árslok 1987. Á árinu rýrnaði gjaldeyrisforði Seðlabankans um 39 m. kr. reiknað á gengi í árslok samanborið við 1.634 m. kr. 1987. Gjaldeyrisskuldur bankans jukust um 870 m. kr., þannig að nettóstaða Seðlabankans rýrnaði um 909 m. kr. reiknað á árslokagengi 1988.

Tafla III.13. Gjaldeyriviðskipti bankanna.  
(Í m.kr. á gengi í lok hvers mánaðar 1988)

	Keyptur gjaldeyri		Seldur gjaldeyri		Gjaldeyriskaup bankanna, nettó	
	1987 <sup>1)</sup>	1988	1987 <sup>1)</sup>	1988	1987 <sup>1)</sup>	1988
Janúar	6.802	6.676	7.571	7.060	-769	-384
Febrúar	6.088	7.320	6.997	7.917	-909	-597
Mars	10.562	8.872	9.622	7.714	940	1.158
Apríl	9.781	7.732	6.491	8.230	3.290	-498
Máí	6.954	9.902	8.184	10.905	-1.230	-1.003
Júní	8.513	10.351	10.420	10.745	-1.907	-394
Júlí	12.323	9.475	10.237	8.735	2.086	740
Ágúst	7.675	8.987	7.810	9.380	-135	-393
Sept.	6.845	9.453	8.691	8.425	-1.846	1.028
Okt.	8.263	9.180	8.904	8.792	-641	388
Nóv.	7.206	10.835	8.485	11.709	-1.279	-874
Des.	12.148	12.054	10.614	10.613	1.534	1.441
Samtals	103.160	110.837	104.026	110.225	-866	612


1) Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1988 samkvæmt vísitölu viðskiptavogar.

## Gjaldeyriviðskipti

Tafla III.13 sýnir gjaldeyriviðskipti bankanna, það er gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyrissölu í hverjum mánuði 1987 og 1988, og hafa tölur hvers mánaðar 1987 verið færðar til gengis sama mánaðar 1988. Á árinu í heild jukust gjaldeyriskaup bankanna um 7,4% miðað við árið áður og gjaldeyrissala um 6%.

#### IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

##### Inngangur



##### Fjárlagafrumvarp og skattalagabreytingar

Ríkisfjármálin einkenndust á árinu 1988 af miklum og óvæntum hallarekstri, sem fjármagnaður var að verulegu leyti með erlendum lánum og yfirdrætti í Seðlabankanum. Ríkissjóður (A-hluti) var rekinn með 7,2 milljarða króna halla á árinu 1988. Tekjur urðu 64,4 milljarðar og hækkuðu um 31,5 % frá fyrra ári. Útgjöld urðu 71,6 milljarðar og hækkuðu um 38,5%. Til samanburðar má geta þess, að framfærsluvísitala hækkaði um 25,4% milli ársmeðaltala, nafnvirði landsframleiðslu hækkaði um 22,1% og verðvísitala verðmætaráðstöfunar hækkaði um 23,7%. Nýjar lánveitingar og hlutafjárkaup námu 3 milljörðum, en innheimtar afborganir og hlutafjárkaup námu 2,1 milljarði króna. Hreint útstreymi varð 0,2 milljarðar á skammtíma-kröfum og skuldum. Hrein lánsfjárbörf ríkissjóðs varð því 8,3 milljarðar króna.


Hreinar lántökur utan Seðlabanka urðu á árinu 4,7 milljarðar króna, þar af 1,5 milljarðar innanlands og 3,2 milljarðar erlendis. Jöfnuður gagnvart Seðlabanka og greiðslufjárreikningum varð því neikvæður um 3,6 milljarða. Nánari grein er gerð fyrir greiðsluflæði í töflu IV.I.

Þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október 1987, voru áætlaðar tekjur og gjöld um 59,5 milljarðar króna. Til mótvægis við álagningu söluskatts á matvæli var stefnt að lækkun söluskattshlutfalls og hækkun tryggingabóta, en heldur skyldi dregið úr niðurgreiðslum á búvöru. Í meðförum þingsins var hins vegar ákveðið að hækka niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og greiða niður neyslufisk til að koma í veg fyrir hækkun þessara vara af völdum skattalagabreytinganna, en halda skatthlutfallinu óbreyttu. Þessar ákvarðanir leiddu til hækkunar tekna og gjalda um 2 milljarða króna. Aðrar útgjaldahækkanir í meðförum þingsins urðu um 1,5 milljarðar, og bar þar hæst framlög til fjárfestingar og landbúnaðarmála. Fjárlögin voru svo samþykkt hallalaus, og námu tekjur og gjöld 63,1 milljarði króna hvor um sig.

Tafla IV.1. Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.

(Í milljónum króna)

	1986	1987	1988	
			Fjárlög	Útkoma
Tekjur .....	38.113	48.957	63.006	64.382
Gjöld .....	40.111	51.688	63.064	71.583
Tekjuafgangur .....	-1.998	-2.731	26	-7.201
Hreinar lánveitingar .....	319	-313	140	895
Veitt ný lán .....	6.414	2.822	2.600	2.863
Hluta- og áhættufé, kaup .....	167	885	80	119
Innheimtar afborganir .....	6.245	3.928	2.540	2.084
Hluta- og áhættufé, sala .....	17	92	-	3
Lausaskuldir, nettóúttreymi .....	2.062	2.786	400	212
Hrein lánsfjárbörf .....	4.379	5.204	514	8.308
Hreinar lántökur utan Seðlabanka .....	7.116	3.373	1.170	4.725
Ríkisvixlar, hreint innstreymi .....	-	931	-	-206
Aðrar lántökur alls .....	10.883	10.699	5.165	9.319
Sala spariskírteina .....	2.127	2.144	3.000	4.841
Aðrar innlendar lántökur .....	2.903	1.273	1.260	248
Erlendar lántökur .....	5.853	7.282	905	4.230
Aðrar afborganir alls .....	3.767	8.257	3.995	4.388
Innlausn spariskírteina .....	1.274	805	2.130	2.520
Aðrar innlendar afborganir .....	411	770	1.015	836
Afborganir af erlendum lánnum .....	2.082	6.682	850	1.032
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfi .....	2.737	-1.831	656	-3.583
Hlaupareikningar í Seðlabanka .....	519	-976	-	-4.495
Skuldabréf í Seðlabanka .....	2.329	-887	640	646
Sjóður og aðrir bankareikningar .....	-111	32	-16	266



Heimildir: Ríkisreikningar 1986-7, mánaðaryfirlit ríkisbókhalds.


Segja má, að skattkerfinu hafi verið umbylt í upphafi síðasta árs. Tekin var upp staðgreiðsla tekjuskatts, umfangsmiklar breytingar voru gerðar á tollum og vörugjaldi, aðallega til lækkunar, og söluskattsálagning var einfölduð og þyngd. Undanþágum frá hinum almenna 25% söluskatti var fækkað verulega, og sérstakur 12% söluskattur var lagður á ýmsa sérfræðipjónustu. Breytt söluskattsálagning var talin mundu skila 4,9 milljörðum króna í skatttekjum, en lækkun á tollum og vörugjaldi var talin kosta ríkissjóð 2,7 milljarða og hækkun niðurgreiðslna 1,5 milljarða. Barnabætur og lífeyrisgreiðslur voru hækkaðar til að veða að nokkru upp á móti þyngingu skatta. Raunar höfðu óbeinir skattar verið þyngdir talsvert á árinu 1987, þegar stofn hins almenna söluskatts var breikkaður og 10% sérstakur skattur var lagður á ýmsa matvöru og þjónustu. Í ársbyrjun 1988 var lagður 1% launaskattur á þær atvinnugreinar, sem áður höfðu verið undanþegnar launaskatti. Ekki var þó lagður launaskattur á störf við búrekstur.

Tafla IV.2. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni eftir tekjustofnum og málaflokkum.  
(Hlutfall af vergri landsframleiðslu í %)

	1985	1986	1987	1988		Hækkun í milljörðum kr.	
				Fjárlög	Útkoma	Fjárlög '88	Útkoma '88
Beinir skattar .....	2,8	3,5	3,0	3,4	3,7	1,0	0,7
Óbeinir skattar .....	19,0	18,6	19,2	21,5	20,2	5,7	-3,1
Söluskattur .....	9,0	9,1	9,7	12,6	11,7	7,2	-2,4
Vörugjald .....	1,4	1,3	1,2	0,7	0,4	-1,2	-0,8
Aðflutningsgjöld .....	3,6	3,2	3,2	2,5	2,5	-1,8	-0,1
Aðrir .....	5,0	5,0	5,0	5,6	5,7	1,4	0,2
Vaxtatekjur o.fl. ....	0,8	2,0	1,4	1,3	1,5	0,0	0,3
Tekjur alls .....	22,6	24,2	23,6	26,2	25,4	6,7	-2,1
Alm. stjórn, löggæsla og utanríkismál .....	2,4	2,4	2,6	2,5	2,9	-0,1	0,9
Menntamál .....	4,2	4,1	4,1	4,4	4,7	0,7	0,6
Heilbrigðis-, trygginga- og félagsmál .....	10,4	10,5	11,1	11,7	11,9	1,6	0,4
Atvinnumál .....	5,8	5,4	4,6	5,1	5,5	1,3	1,2
P.a. niðurgr. ....	0,9	0,8	0,8	1,3	1,4	1,3	0,5
Vaxtagjöld o.fl. ....	1,8	3,0	2,6	2,5	3,3	-0,2	2,0
Yfirtaka orkuskulda .....		3,2					
Gjöld alls .....	24,6	28,6	24,9	26,2	28,3	3,3	5,2

Heimild: Mánaðaryfirlit Ríkisbókhalds.

### Þróun einstakra tekna- og gjaldaflokka



Nokkur skil breytinganna, sem boðaðar voru í fjárlögum, má sjá í töflu IV.2. Þar eru ýmsir tekna- og gjaldaflokkar sýndir í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Þess ber þó að geta, að nokkrum vandkvæðum er bundið að ákveða, hvaða þjóðhagsspá fjárlög samsvara, og sú samsvörun er ekki alltaf einhlít. Hér eru fjárlögin talin svara til þjóðhagsspárinnar, sem lögð var fram með fjárlagafrumvarpinu, enda voru verðlagsforsendur hinar sömu. Samkvæmt töflunni var stefnt að um 7 milljarða hækkun söluskatts, lækkun vörugjalds um rúman milljarð og lækkun innflutningsgjalda um 1,6 milljarða króna milli árána 1987 og 1988 vegna skattkerfisbreytinganna um áramót og á árinu 1987. Er þá miðað við verðlag 1988. Söluskattshækkunin varð hins vegar um 4,6 milljarðar og vörugjald lækkaði um nær 2 milljarða, en innflutningsgjöldin skiluðu því, sem til var ætlast. Beinir skattar áttu að hækka um um það bil einn milljarð, en hækkuðu um nærfellt 1,7 milljarða þrátt fyrir hækkun barnabóta. Í þessu sambandi má benda á, að bein skattheimta á árinu 1987 var með lágsta móti.

Áætlaðar breytingar á gjaldahlið voru minni, enda var stefnt að því að jafna rekstur ríkissjóðs. Niðurgreiðslur áttu að hækka um 1,3 milljarða milli ára til að bæta hækkunir á verði búvara og neyslufisks,

og gert var ráð fyrir auknum útgjöldum til menntamála og heilbrigðis- og tryggingamála. Útgjöld fóru fram úr áætlun á flestum sviðum, en þó mismikið. Útgjöld vegna almennrar stjórnsýslu og löggæslu urðu 2,9% af landsframleiðslu í stað 2,5% á fjárlögum, u.þ.b. milljarði meiri en til stóð miðað við verðlag 1988.

Niðurgreiðslur hækkðu um 1,8 milljarða milli ára (enn á verðlagi 1988) eða hálfum milljarði meira en ráð var fyrir gert. Vaxtagjöld ríkissjóðs urðu um 2,7% af landsframleiðslu, 2 milljarðar umfram áætlun. Vaxtagreiðslur voru þó nærri jafnmiklar árið 1986. Raunar er vaxtabyrðin ýkt, vegna þess hve mikið af hallanum var fjármagnað í Seðlabankanum á árinu. Skuldin þar bar háa nafnvexti, en hækkaði ekki með verðbólgu og gengisfellingum. Þannig námu vaxtagreiðslur af skammtímalánum ríkissjóðs í Seðlabanka alls um tveimur milljörðum króna á árinu 1988, en þar af voru raunvextir um 600 milljónir. Sú tala gefur réttari mynd af raunverulegum kostnaði við þessa lántöku en nafnvextirnir.

Áætlaðar breytingar á innheimtu óbeinna skatta og niðurgreiðslum um áramótin stóðust nokkurn veginn á og ollu því hvorki aukinni samneyslu né ríkissparnaði umfram það, sem skattahækkunir á árinu 1987 höfðu í för með sér. Segja má, að skattundanþágum hafi verið breytt í niðurgreiðslur og tilfærslur með hækkunum barnabóta og tryggingabóta. Vegna þessa verður hækkun ríkisútgjalda úr tæpum 25% landsframleiðslu 1987 í rúm 28% 1988 ekki eingöngu rakin til aukinna ríkisumsvifa. Tæplega 1% stafar af skattkerfisbreytingunni einni saman, og nafnvaxtaýkjurnar, sem áður er lýst, skýra 0,5% í viðbót. Eftir stendur þó, að ríkisútgjöld hækkðu mun hraðar en landsframleiðsla og heldur meira en í upphafi samdráttartímans 1983–1984.


Í tengslum við 6% gengisfellingu í febrúarlok, sem ætlað var að bæta hag fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum, voru gerðar ýmsar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Endurgreiðslur söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja voru hækkaðar úr 350 í 937 m.kr., og lagt var fé til starfsmenntunar verkafólks. Launaskattur í sjávarútvegi og samkeppnisiðnaði, sem tók gildi um áramót, var felldur niður frá og með 1. júlí. Til að fjármagna þessi útgjöld og tekjutöp var ákveðið að fresta um eitt ár áður lögboðnum flutningi verkefna til sveitarfélaga, og greiðslur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga voru lækkaðar. Tekjuskattur fyrirtækja var hækkaður úr 45% í 48% af skattskyldum tekjum, og gjaldtaka af erlendum lántökum var tvöfölduð. Aðgerðirnar hækkðu fjárlagaáætlanir um hálfan milljarð á hvora hlið.

## **Efnahagsaðgerðir og þróun innan ársins**

Tafla IV.3. Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs  
frá ársbyrjun til loka mánaðar.

(Samanburður áætlunar og útkoma í milljórdum króna:)

	Apríl	Júní	Ágúst	Desember
Áætlun:				
Tekjuafgangur .....	-2,7	-2,2	-2,3	0
Hrein lánsfjárförf .....	4,8	4,0	3,8	0,5
Innlend lántaka .....	1,8	2,5	2,6	4,3
Útkoma:				
Tekjuafgangur .....	-2,6	-2,9	-4,9	-7,2
Hrein lánsfjárförf .....	3,3	4,0	5,2	8,3
Innlend lántaka .....	1,6	1,9	2,1	5,1



Greiðsluhalli ríkissjóðs var verulegur þegar á fyrstu mánuðum ársins, en það er ekki óvenjulegt á þessum árstíma. Innlaun spariskírteina var heldur meiri en gert var ráð fyrir, enda átti ríkissjóður í harðri samkeppni á lánamarkaði. Erlendar afborganir voru tiltölulega örar. Ekki var þó nein áberandi hættumerki að sjá á greiðslustöðu ríkisins í lok apríl eða maí miðað við þær áætlanir, sem gerðar voru um lántökupörf ríkissjóðs í Seðlabankanum og sýndar eru að hluta í töflu IV.3.

Í lok júní var tekjuhallinn kominn nokkuð fram úr áætlunum. Var þá talið, að ríkissjóður yrði rekinn með 700 m.kr. halla á árinu. Í lok júlí og ágúst varð ljóst, að innheimta óbeinna skatta var verulega dræmari en vænst hafði verið, vegna mikils samdráttar í veltu og innflutningi, þegar kom fram á sumar. Þegar tölur um söluskattsskil bárust, kom í ljós, að velta í smásöluverslun, byggingavöru- og bílasölu hafði aukist um 5% að raungildi frá fyrsta ársfjórðungi 1987 til sama fjórðungs 1988, en minnkað um 8% frá fyrri helmingi 1987 til sama tíma 1988. Umskiptin voru því bæði mikil og snögg og mun snarpari en breytingar tekna og framleiðslu á sama tíma. Það er því næsta víst, að verðmætaráðstöfun þjóðarinnar hafi leitað í þær greinar, sem minna eru skattlagðar en hinar framantöldu. Um mitt ár varð einnig ljóst, að vaxtagjöld myndu fara verulega fram úr áætlunum. Um það leyti sem ný ríkisstjórn var mynduð í september, var hallaspáin komin í 3 milljarða króna. Svigrúm nýju stjórnarinnar til að auka ríkisútgjöld var því lítið. Niðurgreiðslur búvöru voru þó auknar til að halda aftur af verðhækkun 1. október, og 75 m.kr. var varið til lána Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna greiðsluerfiðleika íbúðakaupenda. 150 milljónum af tekjum Atvinnuleysistryggingarsjóðs á árinu 1988 var veitt til hins nýja Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, sem einnig fékk heimild til lántöku erlendis án beinnar milligöngu ríkissjóðs. Slíka heimild fékk Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins einnig, og skyldi lánsfénu varið til uppbóta á fiskverð fram á mitt ár 1989, umfram það sem innstæður fiskvinnslunnar í sjóðnum hefðu leyft.




### Lánahreyfingar, fjárförf og fjármögnun

Á síðustu mánuðum ársins voru veittar ýmsar aukafjárveitingar til greiðslna vegna aukins útflutnings á landbúnaðarvörum, vaxta- og geymslugjalds af kindakjöti og útgjalda ýmissa stofnana umfram heimildir fjárlaga. Þannig fóru útgjöld lögreglu- og fógetaembætta um 300 m.kr. fram úr heimildum og útgjöld til menntamála annað eins. Heildarútgjöld urðu sem fyrr segir 71,6 milljarðar eða um 4 milljörðum hærri en verðhækkunar umfram forsendur fjárlaga gáfu tilefni til með einfaldasta framreikningi. Á sama hátt urðu tekjurnar 3 milljörðum króna lægri en verðuppfærðar fjárlagatölur, og hallinn varð rúmir 7,2 milljarðar króna, þegar öll kurl voru komin til grafar.

Beinar lánveitingar ríkissjóðs urðu 2,8 milljarðar króna á árinu, en voru áætlaðar 2,6 milljarðar á fjárlögum. Þar af fóru 690 m.kr. til Lánasjóðs námsmanna, 822 m.kr. fóru til flugstöðvarinnar í Keflavík, 345 m.kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 670 m.kr. til raðsmíðaverkefna hjá innlendum skipasmíðastöðvum auk smærri lána. Innheimtar afborganir af útstandandi lánunum urðu 2,1 milljarður króna í stað 2,5 samkvæmt fjárlögum, þar sem afborgunum var m.a. frestað vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi. 116 m.kr. voru lagðar fram í hlutafé, þar af 59 milljónir til Próunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Útstreymi af viðskiptareikningum eða skammtímalíðum varð 211 m.kr., en var áætlað 400 m.kr. á fjárlögum. Þessir reikningar tengjast m.a. tollinnheimtu og launagreiðslum fjármálaráðuneytisins fyrir stofnanir með sjálfstæðan efnahag.





Áformað var að selja spariskírteini fyrir 3 milljarða króna á árinu og taka að auki 1.260 m.kr. að láni hjá innlánsstofnunum. Innlausn spariskírteina var áætluð 2,1 milljarður auk vaxta. Framan af ári voru 7,2–8,5% vextir á skírteininum, og var salan nálægt áætlun til júliloka, 1,9 milljarður seldur, en 2,1 milljarður áætlaður. Innlausn var orðin 1,6 milljarðar eða heldur umfram áætlun. Hins vegar höfðu ekki enn tekist samningar um lántökur hjá innlánsstofnunum. Samkomulag var loks undirritað 4. ágúst um, að innlánsstofnanir og verðbréfasalar tryggðu sölu á 3 milljörðum króna í spariskírteinum til ársloka auk þess, sem þegar hafði selst. Í þessu fólst, að innlend lán-taka yrði alls 4,8 milljarðar í stað 4,3 milljarða á lánsfjárlögum. Sölu spariskírteina í Seðlabankanum var hætt nema í skiptum fyrir eldri skírteini. Jafnframt voru vextir spariskírteina lækkaðir í 7–8% og minnsti binditími lengdur úr tveimur árum í þrjú. Í árslok reyndi á sölutryggingu innlánsstofnana og var þá nokkuð um, að skírteini væru boðin með afföllum og lagt væri að eigendum innleysanlegra

Tafla IV.4. Meðalfyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð innan ársins.<sup>1)</sup>  
(Milljónir króna og % af vergri landsframleiðslu)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
M.kr. ....	68	157	231	976	625	2607	1699	1907	5907
% af VLF . . .	0,44	0,64	0,60	1,48	0,71	2,19	1,07	0,92	2,33

<sup>1)</sup> Aukning frá ársbyrjun.



### Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð

skírteina að skipta á þeim og nýjum skírteinum. Ekki tókust samningar um endurnýjun söluþryggingarinnar um áramót, og hefur sala spariskírteina aftur færst á hendur Seðlabankans.

Lántaka í formi ríkisvixla stóð nokkurn veginn í stað á árinu, nema hvað ríkisvixlæign almennings óx, en vixlæign bankakerfisins minnkaði. Undir áramót lækkaði staða ríkisvixla niður í rúmar 700 m. kr., en var 934 m. kr. í árslok 1987. Varfærni stjórnvalda í vaxtamálum hélt aftur af söluátakinu, og innlánsstofnanir nýttu vixlana aðeins takmarkað til að fullnægja reglum um lausafjárhlutfall. Aðrar innlendir lántökur voru litlar og tengdust eignakaupum og öðrum viðskiptum.

Hreinar erlendar lántökur voru áætlaðar 55 m. kr. á árinu öllu, og nettóhreyfing erlendra lána var lengst af nálægt núlli. Hins vegar var yfirdráttur í Seðlabankanum með almesta móti og jókst, eftir því sem á árið leið. Í lok nóvember var hann um 8 milljarðar króna og hafði hækkað úr 0,9 milljörðum í ársbyrjun. Leitað var bráðabirgðahæimildar Alþingis til erlendar lántöku allt að 6,5 milljörðum króna til að jafna þennan halla. Voru 3,2 milljarðar teknir að láni fyrir áramót, og yfirdráttur í árslok var um 5 milljarðar króna. Gerð er nánari grein fyrir lánahreyfingum ársins í töflu IV.I. hér að framan.

Heildarskuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann var í árslok 9,6 milljarðar króna og hafði hækkað um ríflega 4 milljarða á árinu. Þá höfðu verið greiddar 706 m. kr. í afborgun af langtímalánum ríkisins í bankanum á móti 60 m. kr. í nýrri lántöku.

Þar sem staða ríkissjóðs er mjög mismunandi innan hvers mánaðar, gefur yfirdráttur í lok mánaðar einungis ófullkomna mynd af viðskiptum ríkis og Seðlabanka. Meðalstaða í hverjum mánuði umfram stöðu í ársbyrjun og að frádrögnum hreyfingum umsaminnna langtímalána þykir gefa betri hugmynd um fyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð. Eins og fram kemur í töflu IV.4. var þessi fyrirgreiðsla með mesta móti á árinu og að meðaltali 2,3% af vergri landsframleiðslu. Á línuritinu til hliðar kemur fram, hvernig fyrirgreiðslan dreifðist á árið og hvernig þessi dreifing hefur verið á undanförunum árum.

## V. PENINGAMÁL OG INNLENDUR LÁNAMARKAÐUR

Próun peningamála og ástandið á lánamarkaðinum á síðasta ári ein- kenndist fyrst af framhaldi, en síðar af hjöðnun þess þensluástands, sem myndaðist á árunum 1986 og 1987. Hallinn á viðskiptum við útlönd varð mikill samhliða því sem verulegur halli varð á rekstri ríkissjóðs. Mikil spenna var á lánamarkaðinum, og raunvextir héldust háir. Undir lok ársins tók hins vegar að gæta áhrifa frá þeim samdrætti, sem varð í þjóðarútgjöldum, með þeim afleiðingum, að dró úr eftirspurn eftir lánsfé og raunvextir lækkuðu nokkuð.

Ástæður þess, að lánsfjáreftirspurn hélst mikil á árinu þrátt fyrir samdrátt einkaneyslu og fjárfestingar, eru einkum tvær: Annars vegar greiðsluerfiðleikar atvinnufyrirtækja og hins vegar mikill og óvæntur halli á rekstri ríkissjóðs. Hvort tveggja leiddi til peningaústreymis, þar sem ríkishallinn var að stærstum hluta fjármagnaður með lántökum í Seðlabanka og útflutningsfyrirtækjum var heimilað að taka lán erlendis til fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Innlend fjáröflun ríkissjóðs var endurskoðuð í ágústmánuði í tengslum við samkomulag um sölu spariskírteina. Sala spariskírteina var aukin í tæpa 5 milljarða króna, en í lánsfjáráætlun hafði verið miðað við, að hún yrði um 3 milljarðar króna. Samningurinn fól í sér, að bankar og sparisjóðir ásamt þeim verðbréfamiðlurum, sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands, ábyrgðust sölu spariskírteina að fjárhæð 2.940 m.kr.

Á árinu 1988 gætti áframhaldandi áhrifa af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á löggjöf um fjármagnsmarkaðinn á undanförunum árum. Mikill vöxtur var í starfsemi verðbréfasjóða, og útgáfa markaðsverðbréfa fór mjög vaxandi. Stór hluti verðbréfaútgáfunnar var á vegum banka og sparisjóða, sem öfluðu verulegs hluta af aukningu ráðstöfunarfjár með útgáfu svokallaðra bankabréfa.

Aðgerðir Seðlabankans í peningamálum á árinu 1988 miðuðu einkum að því að treysta það aðhald, sem fólgði er í reglum um bindi-

## Lánamarkaðurinn


skyldu og lausafjárhlutfall, og tryggja framgang innlestrar fjármögnunar ríkissjóðs, bæði vegna árstíðabundinnar þarfar og langtímaþarfar. Hinn mikli og óvænti ríkishalli, sem ekki kom fram að ráði fyrir en síðari hluta ársins, gerði hins vegar aðgerðir á þessu sviði ófullnægjandi. Segja má, að sala ríkisvixla og spariskírteina hafi gengið vel, en lánsfjárbörf ríkissjóðs reyndist að lokum stórlega vanmetin.

Veruleg aukning varð á lánum lánakerfisins árið 1988 eða um 36%, en með lánum lánakerfisins er átt við heildarútlán allra formlegra lánastofnana að frádregnum lánum milli stofnana. Við þessa skilgreiningu eru útlönd skilgreind sem ein af lánastofnunum. Í raun er um að ræða endanleg lán til ríkis, sveitarfélaga, atvinnufyrirtækja og heimila. Hér er um talsverða raunaukningu að ræða, um 14%, sé miðað við hækkun lánskjaravísitölu á árinu. Útlán lánakerfisins í árslok 1988 voru 132% af landsframleiðslu, en voru 111% í lok ársins 1987. Þetta hlutfall hefur farið mjög vaxandi á þessum áratug, en 1979 var það aðeins 74%. Ástæða þessa er vafalítið verðtrygging og hærri raunvextir en áður bæði á innlendum og erlendum lánum. Lánakerfið miðlar þannig hlutfallslega meiri lánum en áður, bæði vegna þess að framboð lánsfjár hefur aukist og að höfuðstóll lána rýrnar ekki í verðbólgu eins og áður gerðist.


Að hluta til skýrist aukningin á síðasta ári af þeim þáttum, sem þegar hafa verið nefndir, þ.e. þróun ríkisfjármála og greiðsluferfiðleikum fyrirtækja, en að hluta til einnig af gengisbreytingum, sem leiddu til endurmats á lánum, sem bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla. Staða gengisbundinna lána var óeðlilega lág í árslok 1987, vegna þess að raungengi krónunnar var hátt um þær mundir. Hækkun á verði erlendra gjaldmiðla var um 22% á árinu 1988, og leiddi sú breyting til endurmats á gengistryggðum lánum. Erlent lánsfé nettó sem hlutfall af landsframleiðslu var 38% í árslok 1987, en 46% í árslok 1988. Sú breyting endurspeglar annars vegar áhrif endurmats og hins vegar viðskiptahallann, sem talinn er hafa verið um 9,5 milljarða króna á árinu.

Ef skoðuð er þróun útlána lánakerfisins eftir helstu þjóðfélagsgeirum, kemur í ljós, að útlán til ríkissjóðs og ríkisstofnana hafa aukist um 38%, lán til sveitarfélaga um 17%, lán til atvinnufyrirtækja um 39% og lán til heimila um 34%.

Peningalegur sparnaður þjóðarinnar nam 234 milljörðum króna í árslok. Meirihluti sparnaðarins er kerfisbundinn sparnaður, sem var talinn vera um 123 milljarðar króna í lok ársins, en uppistaða hans



eru eignir lífeyrissjóðanna og eigið fé opinberra lánasjóða. Frjálsi sparnaðurinn, sem er einkum bankainnlán og spariskírteini ríkissjóðs, nam um 111 milljörðum króna í lok ársins. Mikill vöxtur hefur hins vegar verið í öðrum frjálsum sparnaði, fyrst og fremst markaðsverðbréfum, og er talið, að útistandandi markaðsverðbréf önnur en spariskírteini hafi numið um 18,6 milljörðum króna í árslok 1988 samanborið við 10,5 milljarða króna í lok ársins 1987. Hlutfallsleg aukning peningalegs sparnaðar var 35% frá árslokum 1987 eða 13% aukning umfram verðlagsbreytingar miðað við lánskjaravísitölu. Öfugt við þá þróun, sem verið hefur á þessum áratug, var vöxtur frjálsa sparnaðarins á síðasta ári svipaður og vöxtur kerfisbundna sparnaðarins, en á þessum áratug hefur kerfisbundinn sparnaður vaxið mun hraðar en frjálsi sparnaðurinn.



Peningalegur sparnaður í hlutfalli við landsframleiðslu var um 86% í lok ársins 1988 og hafði aukist um 12% sem hlutfall af landsframleiðslu milli ára. Kerfisbundinn sparnaður var 45% sem hlutfall af landsframleiðslu, en frjálsi sparnaðurinn 41%.

Tafla V.1. *Innlendur lánamarkaður.*  
(Í millj. kr. á árslokaverðlagi)

Staða í milljónum króna í árslok	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
<i>Eignir:</i>							
Útlán	47.312	86.703	120.603	166.590	201.544	263.806	359.490
Bankakerfið	15.394	29.187	41.837	55.510	64.630	92.897	127.232
Veðdeildir banka og sparisjóða	127	304	467	870	1.785	3.380	5.755
Fjárfestingarlánasjóðir	9.631	17.443	25.083	36.623	47.671	63.826	87.773
Lífeyrissjóðir	6.196	11.980	16.424	25.242	33.230	47.305	67.000
Tryggingarfélag	854	1.547	2.249	3.179	4.155	5.724	7.140
Eignarleigur	...	...	...	81	916	4.230	6.041
Verðbréfasjóðir	...	...	...	379	1.267	3.738	5.768
Útlönd	22.950	41.091	60.947	81.293	89.941	101.102	137.600
Lánasjóðir ríkisins	14.800	24.536	33.607	44.755	26.629	30.121	32.086
Frá dragast innbyrðis viðskipti	-22.640	-39.385	-60.011	-81.342	-68.680	-88.517	-116.905
<i>Eignir = skuldir:</i>	<i>47.312</i>	<i>86.703</i>	<i>120.603</i>	<i>166.590</i>	<i>201.544</i>	<i>263.806</i>	<i>359.490</i>
<i>Skuldir:</i>							
Peningalegur sparnaður nettó	26.103	48.111	62.266	93.007	123.335	173.956	235.539
Frjáls	13.600	24.127	30.910	44.339	59.998	82.819	110.987
Innlán og sedlar	10.533	18.858	25.576	36.502	49.308	66.184	84.647
Spariskirteini og happdrættisbréf	2.126	3.661	3.107	4.405	5.389	7.606	10.891
Tryggingarsjóður	897	1.532	1.972	2.850	3.604	4.766	5.900
Annar	44	76	255	582	1.697	4.263	9.549
Kerfisbundinn	12.503	23.984	31.356	48.668	63.337	91.137	124.552
Eignir lífeyrissjóða	6.555	12.577	17.330	26.682	35.109	50.283	70.300
Skyldusparnaður í fjárfest.lsj.	554	985	1.096	1.477	1.761	2.297	2.912
Eigið fé lánastofnana	5.394	10.422	12.930	20.509	26.467	38.557	51.340
Erlent lánsfjármagn nettó	21.209	38.592	58.337	73.583	78.209	89.850	123.951
Löng erlend lán	19.866	36.335	52.289	66.112	75.966	83.084	112.195
Stutt lán	3.084	4.756	8.658	15.181	13.975	18.018	25.405
Stuttar kröfur á útlönd	-1.741	-2.499	-2.610	-7.710	-11.732	-11.252	-13.649

Svo sem tafla V.1 sýnir námu heildarlán lánakerfisins nær 360 milljörðum króna í árslok 1988. Þar af námu erlend lán 125 milljörðum króna eða um 35%. Árin 1982–1985 var hlutfall erlendra lána um 45% og má því sjá, að lánsfjármíðlun hér á landi byggir nú í vaxandi mæli á peningalegum sparnaði innanlands.

Þess má geta, að lauslega áætlað er um helmingur lána á lánamarkaðinum verðtryggður, rúmur þriðjungur gengisbundinn, en aðeins um 15% óverðtryggð lán.


Tafla V.2. Útlánaflokkun lánakerfisins.  
(Í millj. kr. á árslokaverðlagi)

Staða í millj. króna í árslok	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988 <sup>1)</sup>
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	8.936	19.251	27.225	37.762	46.004	55.167	75.888
Bæjar- og sveitarfélög	3.542	6.158	7.878	9.295	11.100	11.793	13.744
Atvinnuvegir	25.422	42.019	58.281	77.039	87.544	118.405	164.554
Heimili	9.412	19.275	27.219	42.494	56.896	78.441	105.304
Samtals útlán	47.312	86.703	120.603	166.590	201.544	263.806	359.490

1) Áætlað að hluta.

### Stefnan í vaxtamálum

Mikil þensla fram eftir ári og breytileg verðbólga réðu miklu um þróun vaxta árið 1988. Bæði nafnvextir og raunvextir tóku miklum breytingum innan ársins, en yfir árið í heild urðu raunvextir mjög háir og má ætla, að það hafi átt sinn þátt í, að verulega dró úr eftirspurn á síðari hluta ársins. Í umfjöllun um vexti voru þó skoðanir um þetta mjög skiptar. Komu m. a. fram þau sjónarmið, að nýskipan við vaxtaákvörðun, þar sem bankar ákveða eigin vextir sjálfir, hafi valdið því, hve háir raunvextir urðu. Rétt er hins vegar að hafa í huga, að þegar beinum afskiptum stjórnvalda af vaxtaákvörðunum lauk, hlutu vextir að mótast af efnahagsástandinu í ríkari mæli en áður. Ætla má, að þann stutta tíma, sem reynd hafa verið ný vinnubrögð við vaxtaákvörðun hér á landi, hafi raunvextir verið mun nær því, sem tíðkast í viðskiptalöndum Íslendinga, en þeir voru í áratugi, á meðan stjórnvöld ákváðu vexti innan og utan bankakerfisins einhliða.



Tafla V.3. Dæmi um þróun vaxta 1988.

(Í % á ári)

	I. ársfj. 1988	II. ársfj. 1988	III. ársfj. 1988	IV. ársfj. 1988	1988	1987
<i>Ávöxtun óverðtryggðra skuldbindinga:</i>						
Ríkisvixlar, 90 daga	38,7	36,0	36,3	16,1	31,8	...
Millibankalán	43,6	42,7	34,7	16,2	34,0	28,0
Viðskiptareikn. í Seðlabanka	23,1	18,8	19,7	7,8	17,4	21,5
Almenn sparibók	20,9	19,6	20,4	5,7	16,7	13,3
Óbundnir skiptikjarareikn. <sup>1)</sup>	32,3	28,3	31,2	10,2	25,5	23,9
Víxillán, 60 daga	40,2	39,0	40,6	17,7	34,0	28,7
Almenn skuldabréf	38,4	36,3	39,5	19,1	33,2	27,9
Viðskiptavixlar, 60 daga	46,5	46,3	48,1	24,0	41,1	...
<i>Raunvextir:<sup>2)</sup></i>						
Ríkisvixlar, 90 daga	18,6	-1,1	11,7	13,1	10,7	...
Millibankalán	22,8	3,8	10,4	13,1	12,5	4,7
Viðskiptareikn. í Seðlabanka	5,3	-13,6	-1,9	4,9	-1,4	-0,6
Almenn sparibók	3,4	-13,0	-1,3	2,9	-2,0	-7,3
Óbundnir skiptikjarareikn. <sup>1)</sup>	13,2	-6,7	7,5	7,3	5,4	1,4
Víxillán, 60 daga	20,0	1,1	15,2	14,6	12,5	5,3
Almenn skuldabréfalán	18,5	-0,9	14,3	16,0	11,8	4,7
Verðtryggð skuldabréfalán	9,5	9,5	9,3	8,6	9,2	7,7
Bankabréf Landsbankans	9,69	9,75	9,36	8,55	...	...
Spariskírteini allt að 3 árum	8,5	8,5	8,0	7,3	...	...
Spariskírteini til minnst 6 ára	7,2	7,2	7,0	7,0	...	...
Meðalvextir á Verðbréfaþingi	8,6	9,2	9,0	8,1	8,7	8,6

1) Ígildi nafnvaxta m.v. að innstæða sé óhreyfð í eitt ár frá vaxtafærsludegi, t.d. áramótum, og öll tekin út á fyrsta degi eftir vaxtafærslu.

2) Raunvextir byggjast hér á hækkun lánskjaravísitölu viðkomandi tímabil.

Ársgildi hækkana voru þessi: 16,9 37,5 22,0 2,7 19,1 22,2


Vextir Seðlabankans í viðskiptum við ríkissjóð og innlánsstofnanir fylgdu í meginatriðum almennum bankavöxtum. Bankinn hvatti innlánsstofnanir til að ávaxta lausafé í ríkisvixlum og greiddi í því skyni tiltölulega lága vexti af innstæðum á viðskiptareikningi og bauðst jafnframt til að kaupa ríkisvixla af innlánsstofnunum í stuttan tíma í senn, ef þær þyrftu á reiðufé að halda. Varðandi viðskipti sín á Verðbréfaþingi Íslands miðaði bankinn við að hafa vextina slíka, að viðskipti hans yrðu í þolanlegu jafnvægi, þ.e.a.s. að aðrir þingaðilar vildu bæði selja bankanum bréf og kaupa hjá honum. Við þetta mynduðust markaðsvextir, sem náðu hámarki í júní, en lækkuðu á síðari árhelmingi. Reyndar keypti bankinn allmikið af bréfum á þinginu síðustu mánuði ársins til að endurnýja spariskírteinaeign sína, sem minnkað hafði verulega vegna innlausnar gamalla bréfa. Er líða tók á árið, lagði ríkisstjórnin mikla áherslu á lækkun vaxta. Fól hún Seðlabankanum að beina tilmælum til banka og sparissjóða í því



skyni að flýta því, að fram kæmu lækkanir vaxta á óverðtryggðum liðum í hátt við snögga hjöðnun verðbólgunnar. Áður en til þessa kom, var raunar farið að sjá merki lækkunar á vöxtum verðtryggðra skuldbindinga. Undir lok ársins ákvað Seðlabankinn að greiða 2% vexti af fé, sem bundið er vegna bindiskyldu, og var sú ákvörðun afturvirk frá 1. mars 1988. Bundið fé hafði verið verðtryggt og vaxtalaust um nokkurt skeið. Þessi ákvörðun auðveldaði bönkum og sparisjóðum að lækka útlánsvexti sína.

## Vaxtaþróun

Hér verður stuttlega vikið að þróun vaxta á árinu, en því efni eru einnig gerð nokkur skil í annál hér aftar í heftinu svo og í töfluviðauka. Til viðmiðunar verða hér teknir meðalvextir víxillána banka og sparisjóða, þ.e. forvextir. Við upphaf ársins voru þeir um 34%. Litlar vaxtabreytingar urðu fyrstu vikur ársins, en í ofanverðum febrúar og byrjun mars lækkuðu vextir óverðtryggðra innlána og útlána nokkuð í kjölfar lítillar hækkunar lánskjaravísitölu 1. mars 1988. Sú vaxtalækkun markaði á vissan hátt þáttaskil, því að um nær tveggja ára skeið höfðu allar breytingar verið í átt til hækkunar. Í byrjun mars voru forvextir víxillána orðnir 30,5% að meðaltali.



Í apríl og maí urðu litlar breytingar vaxta, en næstu tvo mánuði varð veruleg hækkun á ný, og fóru forvextir víxillána þá í um 39%. Þessar breytingar mótuðust m.a. af þeirri stórtæku sveiflu, sem varð á verðlagi, einkum í júnimánuði, er saman féllu áhrif launabreytinga og 10% gengisfellingar krónunnar. Í júní og júlí hækkaði lánskjaravísitalan samtals um 7,9%. Í öðru lagi gengu í gildi ákvæði bráða-

Vextir skv. 10. gr. vaxtalaga


	Meðal- ávöxtun nýrra óverðtr. útlána banka og sparisj.	Dráttar- vextir á ári
1987:		
Desember	38,9	49,2
1988		
Janúar	40,5	51,6
Febrúar	40,8	51,6
Mars	38,6	45,6
Apríl	36,2	45,6
Mai	35,6	44,4
Júní	35,6	44,4
Júlí	43,5	52,8
Ágúst	46,9	56,4
September	42,0	49,2
Október	26,8	33,6
Nóvember	20,3	27,6
Desember	18,1	24,0

birgðalaga ríkisstjórnarinnar frá 20. maí um bann við verðtryggingu í lánsamningum til skemmri tíma en tveggja ára frá og með 1. júlí 1988. Hafa þau að líkindum valdið meiri hækkun vaxta óverðtryggðra lána en ella hefði orðið vegna þeirrar áhættu, sem bankar taka, er þeir ráðstafa verðtryggðu innlánsfé í óverðtryggð útlán.

Í síðari hluta ágústmánaðar og byrjun september varð stórfelld lækkun nafnvaxta. Fylgdi hún í kjölfar verðstöðvunar frá og með 27. ágúst 1988 og aðgerða, sem m.a. beindust sérstaklega að því, að vextir lækkuðu. Var Seðlabankanum falið að ræða við banka og sparisjóði og heimilað að grípa inn í ákvarðanir um vexti, ef ekki yrði lækkun með öðrum hætti. Ekki kom til beinna afskipta Seðlabankans, heldur lækkuðu bankar og sparisjóðir vexti sína verulega. T.d. urðu forvextir víxillána 23,5% frá 1. september. Til loka ársins varð frekari lækkun vaxta, og voru forvextir víxla 11,6% að meðaltali í árslok. Engu að síður voru raunvextir víxillána mjög háir síðasta ársfjórðunginn, þar eð verðbólga mældist afar lítil á fyrstu mánuðum verðstöðvunar, en síðustu 3 mánuði ársins var verðbólga aðeins 2,7% á mælikvarða lánskjaravísitölu. Ástæða er til að víkja sérstaklega að vöxtum verðtryggðra skuldbindinga. Eins og áður er getið tóku meðalvextir á Verðbréfabingi að lækka strax á miðju ári. Er samið var um sölutryggingu spariskírteina við innlánsstofnanir og verðbréfa-fyrirtæki í byrjun ágúst, var ákveðið að bjóða ný skírteini með lægri vöxtum en verið hafði. Aðrir vextir verðtryggðra skuldbindinga lækkuðu einnig nokkuð undir lok ársins. Vextir verðtryggðra lána banka og sparisjóða, sem verið höfðu 9,5%, lækkuðu smám saman og voru 8,1% að meðaltali í árslok.

## Helstu nýmæli

Rétt er að geta helstu nýmæla í vaxtamálum, sem fram komu á árinu 1988. Með bráðabirgðalögum var í júlí lagt bann við verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sem samið er um til skemmri tíma en tveggja



ára. Þó voru veittar undanþágur varðandi tiltekna sparifjárreikninga banka og sparisjóða. Er það var gert, var jafnframt ákveðið, að samanburðartímabil skiptikjarareikninga, milli kjara, sem ráðast af vísitölubreytingum annars vegar og nafnvöxtum hins vegar, skyldi ekki verða skemmra en 6 mánuðir frá ársbyrjun 1989. Í þessu felst samræming milli stofnana, því að til þessa hafa þær haft mismunandi löng samanburðartímabil, 1, 3 eða 6 mánuði. Þessi breyting ætti að draga úr áhættu innlánsstofnana gagnvart skammvinnnum sveiflum í vísitölupróun, en áhrifa þessarar breytingar gætir fyrst á árinu 1989.

Það teljast einnig nýmæli, að nokkrar innlánsstofnanir tóku að auglýsa fasta vexti á nýjum verðtryggðum lánnum, en til þessa hefur það verið algild regla, að skuldabréfalán innlánsstofnana beri breytilega vexti. Þá skal geta þeirra nýmæla, sem Verslunarbankinn tók upp hinn 1. október, er hann kynnti svonefnda kjörvexti á skuldabréfum að erlendri fyrirmynd. Lagt er mat á stöðu lánsúmsækjanda, og fá aðeins traustustu lánþegar lán með kjörvöxtum, en aðrir fá lán með kjörvöxtum að viðbættu álagi, sem er mismunandi eftir áhættuflokkum. Nokkrir aðrir bankar hafa fylgt fordæmi Verslunarbankans í þessum efnum. Frá og með 1. nóvember reiknast dráttarvextir sem dagvextir í samræmi við bráðabirgðalög frá 28. september, en dráttarvextir hafa jafnan verið reiknaðir fyrir heilan mánuð í senn, enda þótt um sé að ræða vanskil í fáa daga. Hér er um breytingu að ræða, sem líklega mun hafa verulega þýðingu. Í flestum tilvikum verða dráttarvextir lægri fjárhæð eftir þessa breytingu. Hingað til hefur m.a. verið á það treyst, að háir dráttarvextir afstýri vanskilum. Eftir breytinguna má búast við, að kröfuhafar treysti í ríkari mæli á önnur atriði.

#### **Aðgerðir í peningamálum 1988**


Framvinda peningamála bar enn með sér þenslumerki vegna halla á rekstri ríkissjóðs og annarra ástæðna, sem nefndar voru hér að framan, þótt nokkur hjöðnun hafi orðið á síðasta ársfjórðungi 1988. Aðgerðir í peningamálum á fyrri hluta árs miðuðu að því að styrkja það aðhald, sem reglur um lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð veita. Jafnframt var fyrirhuguð breyting á reglum um bindiskyldu, sem fól í sér útvíkkun á grunni bindiskyldu, þannig að verðbréfaútgáfa bankanna sjálfra og veðdeilda þeirra yrði talin með í reiknigrunni bindiskyldu. Þessari aðgerð var frestað.

Reglur um lausafjárhlutfall hafa tekið ýmsum breytingum þau tvö ár, sem þær hafa verið í gildi. Breytingar, sem gerðar voru vorið 1988, urðu umdeildar. Auk þess að breyta lausafjárreglunum endurnýjaði Seðlabankinn þá reglur um svonefndan gjaldeyrisjöfnuð, sem m.a. kveða svo á, að gengisbundnar eignir innlánsstofnunar skuli ekki

*Lausafjrhlutfall  
banka og sparisjóða*

Í% 1988:	Lausa- fjár- hlutfall	Lág- marks- hlutfall
Janúar	6,0	8,0
Febrúar	5,4	8,0
Mars	5,4	8,0
Apríl	7,2	8,0
Maí	8,0	8,0
Júní	7,9	8,0
Júlí	8,0	8,0
Ágúst	8,0	9,0
Sept.	8,9	9,0
Október	8,4	9,0
Nóvember	7,7	9,0
Desember	8,6	9,0
1989:		
Janúar	9,6	10,0
Febrúar	10,6	10,0

vera lægri en gengisbundnar skuldir eða m.ö.o. að heildargjaldeyrissjöfnuður skuli vera jákvæður. Með lausafjárreglunum var að þessu sinni lögð áhersla á, að lausafé í íslenskum krónum væri ekki lægra en tiltekið hlutfall af ráðstöfunarfé í krónum, og var hlutfallið þá 8%. Allar gengisbundnar skuldir voru því teknar út úr grunninum, sem lausafjrhlutfall reiknast af. Jafnframt breyttist skilgreining á „lausu fé“ þannig, að í stað gjaldeyris í sjóði og gjaldeyrisinnlána í öðrum bönkum taldist aðeins heildargjaldeyrissjöfnuður. Með þessu taldi Seðlabankinn, að reglurnar yrðu betra aðhaldstæki og öryggisnet en verið hafði. Ágreiningur varð um hina nýju skilgreiningu á lausu fé með hliðsjón af Seðlabankalögum, sem sögðu, að með lausu fé teldust „óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum“. Seðlabankinn taldi, að innlán gætu ekki verið óbundin, ef þau væru bundin við það að mæta gjaldeyrisskuldbindingum skv. reglum þar um. Því væri einungis hægt að telja með lausu fé þann hluta slíkra eigna, sem væri umfram gjaldeyrisskuldir. Innlánsstofnanir töldu, að með þessu væri Seðlabankinn að leggja aðra og þrengri merkingu í orðin „óbundin nettóinnlán“ en venja væri.



*Bindiskylduhlutfall  
banka og sparisjóða*

Gildis- tími frá:	Bindiskylda Hlutf. af innlána- aukningu (%)	Hlutf. af inn- stæðum
1. júní 1979	30	28
17. apríl 1985	30	18
1. mars 1987	20	13
1. ágúst 1988	20	12

Á meðan þessi túlkunatriði voru í athugun, voru ekki innheimt viðurlög, þótt stofnanir næðu ekki lágmarkshlutfalli lausafjár. Í lok ársins ákvað Seðlabankinn svo að breyta reglunum í fyrra horf til að afstýra vandræðum í samskiptum við innlánsstofnanir. Var lausafjrhutfallið þá jafnframt hækkað úr 9% í 10%. Þegar þetta er ritað, hefur lögum um Seðlabankann verið breytt, þannig að bankinn hefur nú ótvíræða heimild til að skilgreina laust fé með þeim hætti, sem gert var í reglunum á síðari hluta árs 1988.

Í ágúst voru hins vegar gerðar breytingar á bindiskyldu og lausafjrhutfalli til að greiða götu fyrir samkomulagi ríkissjóðs og banka og

## **Innlend fjármögnun ríkissjóðs**

sparisjóða um sölu spariskírteina. Bindiskylda var lækkuð um 1%. Jafnframt voru 3/4 af áföllnum verðbótum af bundnum innstæðum til júnfloka taldir með bundnum innstæðum frá og með útreikningi bindiskyldu í ágústmánuði. Áætla má, að þessar tvær aðgerðir hafi aukið lausafé innlánsstofnana um 1.600 m.kr. Samhliða þessu var lausafjárhlutfall hækkað úr 8% í 9%, en jafnframt heimilað að telja helming spariskírteinaeignar til lauss fjár. Hækkun hlutfallsins leiddi til þess, að innlánsstofnanir þurftu að auka lausafé sitt um 900 m.kr. miðað við ágústlok. Spariskírteinaforði innlánsstofnana var á þessum tímamótum um 310 m.kr., og taldist helmingur þess fjár til hæfra eigna eða 155 m.kr. auk þess sem afhending nýrra skírteina kom innlánsstofnunum til góða gagnvart lausafjárreglunum. Þessi meðferð spariskírteina gagnvart lausafjárreglunum dró verulega úr aðhaldsáhrifum þess, að lausafjárhlutfallið var hækkað um 1%.

Mikil áhersla var lögð á, að innlend fjáröflun ríkissjóðs næði fram að ganga. Þegar hefur verið greint frá sölu spariskírteina og því samkomulagi, sem náðist við banka, sparisjóði og verðbréfamiðlara. Hinn þáttur innlendar fjármögnunar ríkissjóðs er fólgin í sölu ríkisvixla. Hún gekk nokkuð misjafnlega á árinu 1988. Í ársbyrjun voru úti-standandi ríkisvixlar að fjárhæð 932 m.kr. og svipuð fjárhæð í árslok eða 713 m.kr. Fjárhæð seldra vixla var afar sveiflukennð yfir árið, og má rekja það til sviptinga í verðlagsþróun og raunvöxtum ríkisvixlanna af þeim sökum. Þótt sala ríkisvixla sé umtalsverð, skortir verulega á, að hún sé nægjanlega mikil til að mæta árstíðabundinni lánsfjárförf ríkissjóðs. Meirihluti árstíðabundinnar þarfar ríkissjóðs er því fjármagnaður með lánum í Seðlabanka. Einkaaðilar keyptu stærstan hluta ríkisvixlanna á síðasta ári, en þáttur innlánsstofnana var minni svo sem sjá má í töflu V.4.

## **Millibankaviðskipti**

Mikil aukning varð í viðskiptum á millibankamarkaði á árinu 1988. Þau hafa að mestu leyti komið í stað fyrirgreiðslu af hálfu Seðlabankans. Millibankalán hafa verið ákjósanlegri valkostur en stutt vixillán í Seðlabanka, sem bankarnir hafa getað fengið, þegar útlit er fyrir yfirdrátt á viðskiptareikningi í Seðlabanka. Sem fyrr var Landsbankinn stærsti lántakinn, en yfir árið nam staða lána, sem hann tók á markaðinum, 1.022 m.kr. að meðaltali samanborið við 553 m.kr. árið 1987. Millibankalán, sem rekja má til mismunandi lausafjárstöðu banka og sparisjóða, námu um 1.933 m.kr. að meðaltali 1988, sem er meira en tvöföldun frá fyrra ári. Eru þá einnig meðtaldar gjaldeyrisinnstæður milli banka og sparisjóða, en þær voru um 270 m.kr. að meðaltali. Til viðbótar þessum viðskiptum eru einnig gengisbundin afurðalán, sem koma við sögu í millibankaviðskiptum. Þau voru í lok

Tafla V.4. Ríkisvixlar.

(Staða í milljónum króna)

M.kr.	Innlánsstofnanir						Aðrir	Alls
	Í eigu Seðla-banka	Í eigu innl.-stofn.	Fjárf.-lána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir	Tryggingar-félög	Verð-bréfa-sjóðir		
31/12 1987	381	400	-	-	-	-	150	932
31/1 1988	38	553	150	1	25	-	258	1.025
29/2	-	156	150	133	36	31	398	904
31/3	-	215	117	83	51	1	453	920
30/4	-	148	118	87	93	10	435	891
31/5	-	762	40	55	95	1	424	1.377
30/6	-	132	-	-	79	1	398	610
31/7	-	171	-	31	12	0	376	590
31/8	-	171	-	63	108	-	405	747
30/9	-	288	-	31	103	5	417	844
31/10	450	664	-	30	103	12	403	1.662
30/11	-	340	-	45	-	12	402	799
31/12	200	168	-	10	-	-	335	713


hvers mánaðar 1.279 m.kr. að meðaltali. Millibankaviðskipti hafa því verið í heild um 3.200 m.kr. og höfðu aukist um 1.400 m.kr. eða um 77,8% frá fyrra ári. Meðalávöxtun á millibankamarkaði að frátöldum gjaldeyrisinnstæðum og gengisbundnum afurðalánnum var 34% á árinu eða 12,5% raunávöxtun miðað við hækkun lánskjaravísitölu 1988. Yfirlit um millibankamarkað er í töflu V.5.

Tafla V.5. Millibankalán 1988.

(Meðalstaða hvers mánaðar í m.kr.)


	Lánveitendur		Lántakendur		Sam-tals	Gengisb. Meðal-áfurðalán	
	Viðsk.-bankar	Spari-sjóðir	Viðsk.-bankar	Spari-sjóðir		ávöxtun í %	Staða í lok mánaðar
Janúar ...	589	584	969	204	1.173	42,5	1.150
Febrúar ...	740	667	1.163	244	1.407	44,0	1.150
Mars ...	636	802	1.204	234	1.438	44,1	1.148
Apríl ...	1.040	879	1.683	236	1.919	46,0	1.148
Maí ...	1.066	946	1.856	154	2.012	42,2	1.226
Júní ...	791	1.402	2.024	169	2.193	40,3	1.226
Júlí ...	915	871	1.574	212	1.786	41,5	1.226
Ágúst ...	1.237	903	1.904	236	2.140	34,9	1.226
Sept. ...	1.312	756	1.817	251	2.068	23,3	1.467
Okt. ...	1.682	967	2.262	387	2.649	20,3	1.467
Nóv. ...	1.309	985	1.965	329	2.294	16,3	1.467
Des. ...	1.055	1.067	1.790	332	2.122	12,1	1.450
Meðaltal .	1.031	902	1.684	249	1.933	34,0	1.279

## Reikningar Seðlabankans





Gjaldeyrisstaða Seðlabankans batnaði um 1.383 m.kr. á árinu 1988, en öll sú aukning stafaði af endurmati gjaldeyrisstöðunnar vegna gengisbreytinga. Að endurmati frátöldu varð í raun rýrnun á gjaldeyrisstöðunni um 319 m.kr. Á fyrri ársþelmingi rýrnaði gjaldeyrisstaðan, en nokkur bati varð á síðari ársþelmingi. Lán Seðlabanka til ríkissjóðs jukust um 4.620 m.kr. á árinu, en skuldaaukning ríkissjóðs var mun meiri innan ársins. Í lok þriðja ársþjórðungs hafði skuld A-hluta ríkissjóðs aukist um 6,5 milljarða frá áramótum. Lítil aukning varð á fyrirgreiðslu Seðlabankans til annarra viðskiptaaðila, þ.á m. lækkuðu kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir um 305 m.kr. á árinu. Innstæður sjóða í opinberri vörslu lækkuðu um 1.028 m.kr., fyrst og fremst vegna þeirrar breytingar, að hætt er að geyma orlofsfé landsmanna í Póstgíróstofunni.

Afleiðing alls þessa varð sú, að grunnfé Seðlabankans, þ.e. samtala innstæðna innlánsstofnana í Seðlabanka og seðla og myntar í umferð, jókst aðeins um 1.739 m.kr. á árinu eða 11%.



## Innlánsstofnanir

Heildarinnlán jukust um 16,7 milljarða króna á síðasta ári, sem er minna að krónutölu en á árinu 1987. Hlutfallsleg aukning innlána var 24% samanborið við tæp 36% á árinu 1987. Að hluta til á þessi þróun sér skýringar í samdrætti ráðstöfunartekna, en skýrist einnig að hluta af vaxandi samkeppni frá öðrum sparnaðarformum, fyrst og fremst markaðsverðbréfum. Þar er annars vegar um að ræða sölu banka og sparisjóða sjálfra á markaðsverðbréfum, svokölluðum bankabréfum, og hins vegar annarra fjármálastofnana svo sem verðbréfasjóða, eignarleigna og fjárfestingalánasjóða auk spariskírteina ríkissjóðs. Á árinu 1988 jókst útgáfa bankabréfa um 3.380 m.kr. Innlán og bankabréf jukust því samtals um 20,1 milljarð króna á árinu eða 34%.



Stærsti flokkur innlána, óbundnir skiptikjarareikningar, nemur um 42% af heildarinnlánnum í árslok. Þessi innlánaflokkur óx um 34% á árinu. Athyglisvert er, að innstæður á almennum sparisjóðsbókum minnkuðu á árinu og nema nú aðeins tæpum 14% af heildarinnlánnum, en áður fyrr var þetta veigamesta innlánsformið. Verðtryggð innlán og skiptikjarareikningar voru í árslok tæp 59% af heildarinnlánnum, og hefur hlutfeld verðtryggðra innlána aldrei verið hærrí.

Útlán innlánsstofnana jukust um 21,6 milljarða króna á árinu 1988 eða 31,5%. Þróun útlána var hins vegar afar ójöfn innan ársins, um 39% á fyrri árshelmingi, 34% á þriðja ársfjórðungi og tæp 16% á síðasta fjórðungi ársins. Eins og áður er getið virðast áhrif frá efnahagssamdrættinum ekki hafa komið fram fyrr en á seinni hluta ársins. Ástæðan kann að vera sú, að eftirspurn eftir lánsfé á fyrri árshelmingi hélst uppi vegna þarfar fyrirtækja og heimila fyrir lánsfé vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Langmest aukning varð á útlánnum til ríkissjóðs og ríkisstofnana eða 67%, en hlutfallslegt vægi lána til þessara aðila er ekki mikið, aðeins 3,5%. Lán til fyrirtækja jukust um 29%, þar af til sjávarútvegs um 45%. Lán til einstaklinga jukust um 35% og voru 26% af útlánnum innlánsstofnana í árslok.

Verðtryggð útlán voru um 38% af útlánnum innlánsstofnana í árslok, en voru um 41% í ársbyrjun. Þessa þróun má ef til vill fyrst og fremst rekja til bráðabirgðalaganna frá í maí, sem lögðu bann við verðtryggingu lána með skemmri lánstíma en tvö ár. Til viðbótar verðtryggðum útlánnum eiga innlánsstofnanir verðtryggða eign í inn-



Tafla V.6. Úr reikningum Seðlabankans 1987 og 1988.

(Í milljónum króna)

	Hreyfingar								
	Staða	1987		1988		1.árs-	2.árs-	3.árs-	4.árs-
	31.12.					fjórð.	fjórð.	fjórð.	fjórð.
	1988	1987	1988	1988	1988	1988	1988	1988	1988
Gjaldeyrisstaða	11.919	-737	1.383	-219	-574	494	1.682		
(Þar af endurmat)		(-44)	(1.702)	(488)	(941)	(384)	(-111)		
Endurlánuð löng erl.lán	410	-332	-56	41	76	132	-305		
Innlendir liðir nettó	5.130	2.389	425	1.071	309	1.159	-2.114		
Kröfur á ríki nettó	8.900	2.716	3.579	2.338	1.172	2.199	-2.130		
Bein lán til A-hluta	8.486	2.198	4.147	3.635	481	2.959	-2.928		
Ríkisvixlar	200	381	-181	-381	-	-	200		
Markaðsskráð verðbr.	927	283	86	-51	71	-227	293		
Ríkisstofnanir nettó	-713	-146	-473	-865	620	-533	305		
Kröfur á fjárfestingarsj.	1.196	235	105	-82	134	-145	198		
Endurkaup	-	-164	-158	-26	-24	-31	-77		
Aðrar kröfur á innlánsst.	4.565	-141	-341	-800	-487	-217	1.163		
Kröfur á aðra aðila	273	-2	61	94	-74	63	-22		
Sjóðir í opinb. vörslu(-) <sup>1)</sup>	-859	-965	1.028	-356	945	59	380		
Innst. fjárf.lánasj. (-) <sup>1)</sup>	-1.848	443	-859	560	-395	-73	-951		
Annað nettó	-7.097	267	-2.990	-657	-962	-696	-675		
Samtals	17.459	1.320	1.752	893	-189	1.785	-737		
Grunnfé	17.239	1.469	1.739	874	-229	1.821	-727		
Sjóður og innst. innst.	14.682	973	1.369	812	-113	1.757	-1.087		
Skyldubundnar innst.	10.529	701	652	-485	1.125	-352	364		
Aðrar bundnar innst.	1.632	-320	350	332	84	-5	-61		
Sjóður og aðrar innst.	2.521	592	367	965	-1.322	2.114	-1.390		
Seðlar og mynt í umferð	2.557	496	370	62	-116	64	360		
Erl. lánsfé til langs tíma	220	-149	13	19	40	-36	-10		
		Hreyfingar í % <sup>2)</sup>							
Grunnfé		10,5	11,2	-4,8	6,6	-0,7	-0,7		
Skyldubundnar innstæður		7,6	6,6	6,6	45,4	-27,6	8,8		
Seðlar og mynt í umferð		29,3	16,9	52,0	-33,9	49,4	10,1		

1) Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.

2) Ársgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðrétum tölum.

stæðum vegna bindiskyldu, sem eru um 12% af innstæðum. Þrátt fyrir það er jöfnuður verðtryggðra liða milli eigna og skulda óhagstæður, og eru verðtryggðar skuldir nokkru hærri.

Endurlánað erlent lánsfé innlánsstofnana jókst um 9,2 milljarða króna á árinu eða tæp 54%. Að hluta til á þessi aukning rætur að rekja til gengisbreytinga eins og áður hefur verið minnst á, en að hluta til einnig til þess, að útflutningsfyrirtækjum var heimilað á miðju ári að afla erlends lánsfjár til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Mikil ásókn var í erlent lánsfé, m.a. vegna harðrar samkeppni á innlendum lánamarkaði um lánsfé og hárra raunvaxta. Í heild var aukning lána

Tafla V.7. Úr reikningum innlánsstofnana 1987 og 1988.

(Í milljónum króna)

	Hreyfingar						
	Staða			1.árs- 2.árs- 3.árs- 4.árs-			
	31.12. 1988	1987	1988	fjórð. 1988	fjórð. 1988	fjórð. 1988	fjórð. 1988
Lausafjárstaða	4.114	2.713	2.605	2.345	-1.129	3.756	-2.367
Gagnvart Seðlabanka	2.197	2.113	1.749	2.106	-1.351	2.681	-1.687
Gagnvart útlöndum	1.749	197	1.091	417	305	1.030	-661
Ríkisvixlar	168	403	-235	-178	-83	45	-19
Skyldubundnar innstæður	10.530	701	653	-485	1.125	-352	365
Aðrar innst. í Seðlabanka	1.632	-320	350	332	84	-5	-61
Útlán	89.915	21.471	21.557	5.707	7.821	4.973	3.056
Gengisbundin afurðalán	11.630	2.918	4.370	1.821	2.927	-102	-276
Önnur útlán	78.285	18.553	17.187	3.886	4.894	5.075	3.332
Endurlánað erlent lánsfé	26.370	3.278	9.236	1.045	1.950	5.761	480
Samtals	132.561	27.843	34.401	8.944	9.851	14.133	1.473
Heildarinnlán	86.330	18.307	16.740	2.455	5.609	2.910	5.766
Veltiinnlán	12.655	2.713	1.917	762	-291	1.075	371
Óbundin spariinnlán	54.776	12.466	10.624	1.332	5.040	732	3.520
Bundin spariinnlán	18.899	3.128	4.199	361	860	1.103	1.875
Verðbréfaútgáfa	4.233	834	3.380	973	1.046	959	402
Lánafyrirgreiðsla Seðlab.	4.241	1.216	882	315	-542	319	790
Endurkaup	-	-164	-158	-26	-24	-31	-77
Verðbréf	1.865	106	700	-107	153	367	287
Erlendir lánakvótar	2.376	1.274	340	448	-671	-17	580
Erlend lán v/afurðalána	8.359	2.357	3.388	646	3.609	-632	-235
Önnur erlend lán	25.808	2.451	9.695	1.229	2.138	5.619	709
Eigið fé og annað nettó	3.590	2.678	316	3.326	-2.009	4.958	-5.959
	Hreyfingar í % <sup>1)</sup>						
Útlán	45,8	31,5	39,6	39,1	34,3	15,7	
Heildarinnlán	35,7	24,1	25,2	20,6	40,8	11,3	
Veltiinnlán	33,8	17,9	42,2	-20,0	58,3	2,7	
Óbundin spariinnlán	39,3	24,1	25,0	32,0	35,3	5,9	
Bundin spariinnlán	27,0	28,6	15,6	26,3	34,0	38,3	

1) Ársgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Innláanatölur eru með áætluðum áföllnum vöxtum.

og endurlána innlánsstofnana um 36% eða svipuð og aukning innlána og bankabréfa. Langstærsti hluti aukningar endurlánaðs erlends lánsfjár rann til sjávarútvegs eða 7,5 milljarðar. Í heild jukust lán og endurlán innlánsstofnana til sjávarútvegs um 12,7 milljarða króna og voru í árslok 28% af lánunum og endurlánum innlánsstofnana samanborið við 23% í árslok 1987. Lausafjárstaða innlánsstofnana var jákvæð allt árið 1988 og var að meðaltali um 3,6 milljarðar króna. Í árslok var lausafjárstaða jákvæð um 4.115 m.kr. og hafði batnað um

Tafla V.8. Úr reikningum bankakerfisins 1987 og 1988.  
(Í milljónum króna)


	Hreyfingar						
	Staða						
	31.12. 1988	1987	1988	1.árs- fjórð. 1988	2.árs- fjórð. 1988	3.árs- fjórð. 1988	4.árs- fjórð. 1988
Gjaldeyrisstaða (Par af endurmat)	13.668	-539 (-44)	2.474 (-1.702)	198 (488)	-269 (941)	1.524 (384)	1.021 (-111)
Endurlánað erlent lánsfé	26.780	3.443	9.269	1.078	2.010	5.887	294
Innlendir liðir nettó	87.060	21.889	21.932	4.099	10.568	1.468	5.796
Lán Seðlabanka	10.369	2.951	3.744	2.349	1.231	2.117	-1.953
Lán innlánsstofnana	89.915	21.471	21.557	5.707	7.821	4.973	3.056
Ríkisvixlar innlánsst.	168	403	-235	-178	-83	45	-19
Ýmsir sjóðir (-) <sup>1)</sup>	-2.707	-522	169	204	550	-14	-571
Annað nettó	-10.685	-2.414	-3.303	-3.983	1.049	-5.653	5.283
Samtals	127.508	24.793	33.675	5.375	12.309	8.879	7.111
Peningamagn og sparifé	88.887	18.802	17.110	2.517	5.492	2.975	6.125
Sparifé á uppsagnarreikn.	18.900	3.128	4.200	361	860	1.103	1.875
Pen.magn og ób. sp.fé (M2)	69.987	15.674	12.910	2.156	4.632	1.872	4.250
Óbundið sparifé	54.776	12.465	10.624	1.332	5.040	732	3.520
Peningamagn (M1)	15.211	3.209	2.286	824	-408	1.140	730
Verðbréfaútgáfa	4.233	834	3.380	973	1.046	959	402
Erlend lán v/afurðalána	8.359	2.357	3.388	646	3.609	-632	-235
Erl. lánsfé til langs tíma	26.029	2.800	9.797	1.239	2.162	5.577	819

	Hreyfingar í % <sup>2)</sup>						
Endurlánað erlent lánsfé	24,5	52,9	61,4	51,1	112,3	6,5	
Innlendir liðir nettó	42,8	34,0	30,7	50,8	49,0	10,0	
Peningamagn og sparifé (M3)	35,5	23,8	26,5	18,3	42,4	10,2	
Peningam. og ób. sparifé (M2)	37,9	22,6	26,7	19,8	47,6	0,8	
Peningamagn (M1)	33,0	17,7	54,7	-23,8	56,6	-1,2	


- 1) Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.  
2) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Peningamagnstölur eru með áætluðum áföllnum vöxtum.

2.606 m.kr. á árinu. Staða innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka var einnig jákvæð, ef frá er skilin staðan í lok febrúarmánaðar, sem var lítið eitt neikvæð. Eigi að síður voru innlánsstofnanir í heild flesta mánuði ársins lítillaga undir þeim mörkum, sem reglurnar um lausa-fjárhlutfall setja.

Peningamagn og sparifé (M3) jókst um 24% á árinu 1988, og er það mun hægari vöxtur en á árinu 1987. Skýringanna er eins og áður er getið að líkindum að leita í óhagstæðari tekjuþróun og vaxandi samkeppni um spariféð frá öðrum sparnaðarformum. Lán og aðrir inn-



## Bankakerfi



### Veðdeildir banka og sparisjóða

lendir liðir bankakerfisins jukust um 34%, en lítil bati var á gjaldeyrisstöðu bankakerfisins umfram endurmat. Aukning peningamagns á því fremur rætur að rekja til aukningar útlána bankakerfisins heldur en bata gjaldeyrisstöðunnar. Þessi þróun er framhald á þeirri stöðu, sem upp kom á árinu 1987 og endurspeglar að sjálfsögðu vaxandi viðskiptahalla og lánsfjárbörf innanlands, ýmist frá einkageiranum eða hinu opinbera. Á árinu 1988 var uppruni lánsfjáreftirspurnarinnar ekki síst hjá ríkissjóði, sem sést á því, að lán bankakerfisins til ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um 4,7 milljarða króna eða 60%.

Þrátt fyrir tiltölulega lága aukningu peningamagns og sparifjár hækkaði þessi stærð í hlutfalli við landsframleiðslu árið 1988, en það hlutfall hefur nú hækkað í 10 ár í röð. Peningamagn og sparifé var um 32% sem hlutfall af landsframleiðslu, en var um 30,6% á árinu 1987.


Heildarútlán og verðbréfa kaup veðdeilda banka og sparisjóða námu 5,8 milljörðum króna í árslok 1988 og höfðu aukist um 70% á árinu. Mikill vöxtur er í þessari starfsemi, og hafa útlán veðdeilda fjórfaldast að raungildi frá árinu 1985. Alls eru nú 11 veðdeildir starfandi, þar af 5 á vegum viðskiptabanka, en veðdeildir Landsbanka og Búnaðarbanka teljast ekki í þessum hópi, heldur með fjárfestingarlánasjóðum. Stærstur hluti ráðstöfunarfjár veðdeildanna kemur frá útgáfu verðbréfa, og námu slík verðbréf um 4,7 milljörðum króna í árslok.

Tafla V.9. Veðdeildir banka og sparisjóða.  
(Staða í milljónum kr.)

	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Útlán og verðbréfa kaup .....	304	467	870	1.785	3.380	5.755
Veðdeild Iðnaðarbanka .....	282	427	697	1.169	1.658	2.306
Veðdeild Alþýðubanka .....	22	41	122	325	391	466
Veðdeild Verzlunarbanka .....	–	–	51	257	489	976
Veðdeild Samvinnubanka .....	–	–	–	34	220	316
Veðdeild Útvegsbanka .....	–	–	–	–	189	637
Veðdeildir sparisjóða .....	–	–	–	–	433	1.054
Sjóður og bankainnstæður .....	23	6	93	35	420	759
Eignir = skuldir .....	327	474	963	1.820	3.800	6.514
Lántökur .....	345	464	656	696	893	1.573
Verðbréfaútgáfa .....	...	...	317	1.119	2.917	4.736
Eigið fé o.fl. nettó .....	–18	10	–10	5	–10	205

### Fjárfestingarlánasjóðir

Heildareignir fjárfestingarlánasjóða voru taldar 94,3 milljarðar króna í lok ársins 1988 samanborið við 68,5 milljarða króna í lok ársins 1987 og hafa því aukist um tæp 38% á árinu 1988. Meginhluti eigna fjárfestingarlánasjóðanna eru útlán, og í árslok 1988 voru þau



talin 87,8 milljarðar króna og hafa samkvæmt því aukist um 24 milljarða króna á árinu. Útlán sjóðanna skiptast nokkuð jafnt milli íbúðarlánasjóða og fjárfestingarlánasjóða, sem lána til atvinnufyrirtækja. Útlán íbúðarlánasjóðanna í árslok 1988 voru talin 45,5 milljarðar króna, og er aukningin 40%. Útlán atvinnuvegasjóðanna voru talin 42,3 milljarðar króna í árslok, og aukning þeirra er heldur minni en lána íbúðarlánasjóðanna eða 35%. Hér gætir áhrifa frá aukningu lána opinbera húsnæðislánakerfisins, sem rekja má til breytingar laga um Byggingarsjóð ríkisins frá 1986, en í kjölfar þeirra hafa útlán sjóðsins stóraukist, og byggist aukningin einkum á auknu lánsfé frá lífeyrissjóðum. Af þessu leiðir, að útlán fjárfestingarlánasjóðanna til heimila hafa stóraukist.


Innlent lánsfjármagn er um helmingur af því fjármagni, sem fjárfestingarlánasjóðir ráðstafa í útlán, erlend lán eru um fjórðungur og það, sem eftir stendur, er fjármagnað af eigin fé sjóðanna. Talnayfirlit um fjárfestingarlánasjóðina er að finna í töfluviðauka hér að aftan.

Tafla V.10. Hlutfallsleg skipting lána fjárfestingarlánasjóða.  
(Í lok hvers árs)

	1983	1984	1985	1986	1987	1988
<i>Ráðstöfunarlið:</i>						
Opinberir aðilar	7,6	7,7	5,7	5,0	4,3	4,2
Fyrirtæki	52,6	52,1	49,1	48,5	45,5	44,7
Einstaklingar	39,8	40,2	45,2	44,5	50,2	51,1
Útlán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
<i>Upprunahlið:</i>						
Innlend lán	49,4	46,8	45,9	45,8	46,7	47,8
Erlend lán	19,1	25,6	24,6	23,5	22,2	23,7
Eigið fé o.fl. nettó	31,5	27,6	29,5	30,7	31,1	28,4

## Lífeyrissjóðir

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár. Þessa þróun má annars vegar rekja til þeirra breytinga, sem orðið hafa á fjármagnsmarkaðinum, þ.e. verðtryggingar og hækkandi raunvaxta, og hins vegar til samkomulags, sem varð milli aðila vinnumarkaðarins á árinu 1986 um útvíkkun á iðgjaldastofni lífeyrissjóðanna. Þessi breyting skyldi koma til framkvæmda í fjórum áföngum á árunum 1987–1990. Í samkomulaginu fólst, að greiða skyldi til lífeyrissjóðanna af öllum launum, þ.m.t. yfirvinnu og yfirborgunum. Á árinu 1988 hafði þessi breyting komið til framkvæmda að hálfu leyti hjá þeim lífeyrissjóðum, sem eru á samningssviði ASÍ og VSÍ.



Eftirfarandi áætlun fyrir 1988 byggir á upplýsingum frá úrtaki lífeyrissjóða, sem tekur til um 50–60% ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna miðað við 1987. Áætlað er, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hafi aukist um 46% milli árána 1987 og 1988 og að iðgjöld hafi aukist um 32%. Hér er um mun meiri aukningu að ræða en tekjubreytingar gefa til kynna, en talið er, að atvinnutekjur hafi aukist um 22% milli árána 1987 og 1988. Hluti af aukningunni skýrist af stækkun iðgjaldastofnsins eins og þegar hefur verið greint frá og hugsanlegt er, að einhver hluti skýrist af tilflutningi iðgjaldagreiðslna milli ára. Athyglisvert er, að lífeyrisgreiðslur virðast einungis hafa vaxið um 23% milli ára. Hugsanlegt er, að þessar áætlanir raskist eitthvað, þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Stærsti hluti ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna rennur til skuldabréfakaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau kaup námu á árinu 1988 um 7,1 milljarði króna.

Tafla V.11. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	1987 <sup>1)</sup>		Áætlun 1988 <sup>1)</sup>	
	Breyt. frá f. M.kr.	ári, %	Breyt. frá f. M.kr.	ári, %
Fjármagnshreyfingar og rekstur nettó .....	5.630	50	8.500	51
Iðgjöld .....	7.340	41	9.700	32
Lífeyrisgreiðslur .....	3.340	47	4.100	23
Ráðstöfunarfé alls .....	9.665	441	14.100	46
Ný útlán .....	9.365	50	13.450	44
Innstæðu- og sjóðsbreyting .....	300	.	650	.

1) Tölur fyrir 1987 eru að hluta til áætlaðar. Áætlun um 1988 byggir á upplýsingum frá úrtaki sjóða með um 60% af ráðstöfunarfé.

## Eignarleigur

Minni aukning varð á viðskiptum eignarleiga á árinu 1988, en mikill vöxtur hafði verið í starfsemi þeirra á árinu 1987. Heildareignir eignarleiga námu 7.691 m.kr. í árslok 1988. Stærstur hluti eignanna er í formi leigusamninga, og var útistandandi fjárhæð þeirra 6.041 m.kr. í árslok. Aukning leigusamninga var um 1,8 milljarðar króna samanborið við 3,3 milljarða króna aukningu á árinu 1987. Þessi þróun á vafalítið rætur að rekja til samdráttar fjárfestingar á árinu 1988, auk þess sem nýjabrumið kann að vera farið af eignarleigum hér á landi að mestu. Stærstur hluti þess fjármagns, sem eignarleigurnar ráðstafa, er erlendur að uppruna, og voru erlend lán eignarleiga um 4,5 milljarðar króna í árslok. Í töflu V.12 má sjá, að eignarleigur gæta þess að halda jöfnuði milli gengisbundinna eigna og skulda, því að leigusamningar og bankainnstæður í erlendri mynt námu 4,6 milljarðum króna í lok árs 1988.

Tafla V.12. Úr reikningum eignarleigufyrirtækja.

Í millj. kr.	Staða í árslok			Hreyf. 1988
	1986	1987	1988	
Bankainnstæður .....	66	775	827	52
Innanlands .....	45	287	84	-203
Í erlendri mynt .....	21	488	743	255
Leigusamningar .....	917	4.230	6.041	1.811
Í krónum .....	239	1.497	2.200	703
Í erlendri mynt .....	678	2.733	3.841	1.108
Aðrar eignir .....	38	361	823	462
Eignir=skuldir .....	1.021	5.366	7.691	2.325
Verðbréfaútgáfa .....	173	1.248	1.637	389
Tekin lán .....	684	3.580	5.052	1.472
Innlend .....	71	406	527	121
Erlend .....	613	3.174	4.525	1.351
Eigið fé o.fl. ....	164	538	1.002	979

### Verðbréfasjóðir

Í árslok voru 16 verðbréfasjóðir starfandi hér á landi. Þar af bættust sex í hópinn á árinu, en tveir hættu störfum. Mikið fé streymdi til verðbréfasjóðanna á árinu, og jukust útgefin hlutdeildarbréf þeirra um 54%. Mestur var vöxtur sjóðanna fyrstu átta mánuði ársins, en síðustu mánuðina dró verulega úr aukningunni. Að hluta til skýrist þessi samdráttur af gjaldþroti Ávöxtunar sf. og þeirra verðbréfasjóða, sem það fyrirtæki rak. Umræðan um það mál kann að hafa haft neikvæð áhrif á afstöðu almennings til verðbréfasjóða um tíma auk þess sem sjóðir Ávöxtunar sf. voru teknir út úr heildartölum um eignir og skuldir verðbréfasjóða í desember sl., og veldur það beinni lækkun á eignum þeirra í þeim mánuði.

Tafla V.13. Verðbréfasjóðir 1985–1988.

(Staða í lok tímabils, m.kr.)

	1988							Hreyf.
	1985	1986	1987	31.3	30.6	30.9	31.12	
<i>Eignir:</i>								
Sjóður og innstæður .....	5	19	19	-3	-25	-27	-13	-32
Verðbréfaeign	379	1.266	3.738	4.435	5.527	6.358	5.787	2.049
Spariskírteini .....	34	102	60	...	30	...	184	124
Með ábyrgð ríkis og sveitarf. .	9	31	130	...	253	...	280	150
Með bankaábyrgð .....	29	84	386	...	473	...	436	50
Með fasteignaveði .....	172	618	1.411	...	2.265	...	2.094	683
Með sjálfskuldarábyrgð ..	68	180	937	...	1.399	...	1.520	583
Stuttar viðskiptakröfur ...	...	...	...	...	...	...	...	...
Annað .....	67	251	814	...	1.108	...	1.273	459
<i>Eignir=skuldir</i>	384	1.285	3.757	4.432	5.502	6.331	5.774	2.017
<i>Skuldir:</i>								
Útgefin hlutdeildarbréf	380	1.274	3.695	4.403	5.439	6.229	5.705	2.010
Eigið fé og annað nettó	4	11	62	29	63	102	69	7

Ath.: Í tölunum 31.12 1988 er hætt að telja verðbréfasjóði Ávöxtunar sf., þar sem þeir hafa hætt starfsemi.

## Verðbréfaþing Íslands

Með árinu 1988 hófst þriðja starfsár Verðbréfaþings Íslands. Fjórir aðilar fengu aðild á árinu, Útvegsbanki Íslands hf., Verzlunarbanki Íslands hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Alþýðubankinn hf. Þingaðilar auk þeirra og Seðlabankans eru Fjárfestingarfélag Íslands hf., Kaupþing hf., Landsbanki Íslands, Verðbréfamarkaður Iðnaðarbankans hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Sparisjóður Hafnarfjarðar.

Á verðbréfaþinginu eru nokkrir þingaðilar reiðubúnir að kaupa þau verðbréf, sem fengið hafa skráningu, og jafnframt að bjóða til sölu þau, sem þeir hafa í fórum sínum. Spariskírteini ríkissjóðs eru uppi- staðan í skráðum bréfum, og greiðir Seðlabankinn fyrir viðskiptum með þau á Verðbréfaþingi. Eigendur spariskírteina eiga þess vegna kost á því að selja skírteinin með litlum fyrirvara með milligöngu þingaðila. Seðlabankinn keypti heldur meira af skírteinum en hann seldi á árinu. Vextirnir í viðskiptum á þinginu, mældir sem meðaltal á mánuði, hækkðu fyrri hluta ársins úr um 8,5% á ári í nær 10% um mitt árið, en lækkuðu síðari hluta ársins niður í um 7,7% á ári.

Heildarviðskipti á þinginu urðu um 516 m.kr., en það er nærri þreföldun frá þeim viðskiptum, sem urðu á árinu 1987. Seðlabankinn átti aðild að um 92% viðskiptanna 1988, en svo virðist sem viðskipti milli annarra þingaðila fari fremur vaxandi eins og vænta má.

Á fyrri hluta árs setti stjórn þingsins reglur um skráningu hlutabréfa á verðbréfaþinginu. Engin hlutabréf hafa þó verið skráð til þessa.

Tafla V.14. Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands 1988.  
(Í milljónum króna)

	Seðlabanki			Aðrir	Alls	Meðal- Þar af ávöxtun	
	Kaup	Sala	Samt.			spskírt.	%
Janúar .....	2,2	20,3	22,5	–	22,5	21,0	8,5
Febrúar .....	7,8	16,2	24,0	–	24,0	24,0	8,6
Mars .....	21,8	3,9	25,7	1,7	27,4	27,4	8,8
Apríl .....	3,1	1,7	4,8	–	4,8	4,8	8,7
Máí .....	24,2	6,7	30,9	–	30,9	30,9	9,1
Júní .....	53,4	1,4	54,8	0,0	54,8	54,8	9,9
Júlí .....	12,2	23,9	36,1	–	36,1	36,1	9,5
Ágúst .....	29,3	47,7	77,0	7,6	84,6	84,6	8,9
September .....	32,3	29,7	62,0	11,8	73,8	73,7	8,7
Október .....	1,9	14,4	16,3	1,1	17,4	17,4	8,4
Nóvember .....	15,4	5,2	20,6	2,4	23,0	23,0	8,2
Desember .....	112,1	1,3	113,4	10,4	123,8	123,8	7,7
Samtals .....	315,7	172,4	488,1	35,0	523,1	521,5	
Vegin meðalávöxtun .....							8,7



## Verðbréfamiðlun

Í lok árs 1988 hafði 41 einstaklingur aflað sér leyfis til verðbréfamiðlunar, en samkvæmt lögum nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun þarf sérstakt leyfi viðskiptaráðuneytis til að stunda verðbréfamiðlun. Þar af voru 27 starfsmenn banka og sparisjóða, 7 voru starfsmenn annarra fjármálafyrirtækja, 4 höfðu leyfi sem einstaklingar og einn hafði leyfi fyrir hönd ríkisstofnunar. Enn sem komið er er meginvettvangur verðbréfamiðlunar sala á skuldabréfum, en viðskipti með hlutabréf fara vaxandi. Samkvæmt upplýsingum frá verðbréfamiðlurum nam sala þeirra á hlutabréfum um 287 m.kr. á síðasta ári.

## Markaðsverðbréf

Útistandandi markaðsverðbréf eru talin hafa numið um 38 milljörðum króna í árslok 1988 og eru þar talin markaðsverðbréf, sem gefin hafa verið út af ríkissjóði, lánastofnunum og fjármálafyrirtækjum. Upplýsingar liggja ekki fyrir um útgáfu markaðsverðbréfa á vegum stærra fyrirtækja og sveitarfélaga, en vitað er, að slík útgáfa á sér stað í nokkrum mæli. Hér er um verulegan vöxt að ræða, en útistandandi markaðsverðbréf voru talin nema 24,5 milljörðum króna í lok ársins 1987. Spariskírteini ríkissjóðs eru langstærsti hluti útgáfunnar eða 19,8 milljarðar króna. Mikil aukning hefur átt sér stað í verðbréfaútgáfu fjármálastofnana, þ. á m. banka og sparisjóða og veðdeilda þeirra. Aukning útgáfu þessara aðila var 5,2 milljarðar króna á árinu 1988, og var staða banka- og veðdeildarbréfa talin vera um 9,0 milljarðar króna í árslok 1988. Í lok árs 1988 námu útistandandi spariskírteini ríkissjóðs um 20 milljörðum króna. Í lok árs 1980 er talið, að lánastofnanir hafi átt tæplega fjórðung allra spariskírteina í umferð, en í árslok 1988 næstum helming. Aukin eignaraðild þeirra að spariskírteinum stafar ekki síst af vexti lífeyrissjóða og annarra stofnana, sem festa vilja fé í öruggum langtímaverðbréfum.

Tafla V.15. Útistandandi eftirstöðvar nokkurra markaðshæfra skuldabréfaflokka.

Staða í lok tímabils	1984	1985	1986	1987	1988
Spariskírteini .....	4.050	6.183	9.925	13.940	19.767
Ríkisvixlar .....	...	...	...	932	713
Bankabréf .....	...	...	19	853	4.233
Veðdeildarbréf .....	...	317	1.119	2.917	4.736
Bréf fjárfestingarlánasjóða .....	...	342	283	876	1.588
Hlutdeildarbréf verðbréfasjóða .....	...	379	1.274	3.695	5.705
Bréf eignarleigna .....	...	...	135	1.248	1.637
Samtals .....	4.050	7.221	12.755	24.461	38.379

## VI. ERLEND SAMSKIPTI OG LÁNAMÁL

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn á fyrir hönd íslenskra stjórnvalda samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir og erlendar fjármálastofnanir. Sem dæmi má nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk fjölmargra fjármálastofnana, sem leggja stund á alþjóða-fjármagnsviðskipti.

### Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans

Engin breyting varð á árinu 1988 á skipan fulltrúa Íslands í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skipar Jóhannes Nordal stöðu aðalfulltrúa og Þórhallur Ásgeirsson stöðu varafulltrúa. Jörgen Ovi frá Danmörku var aðalfulltrúi Norðurlandanna í stjórn sjóðsins og Finninn Markus Fogelholm varafulltrúi.

Á árinu urðu breytingar á skipan bæði fulltrúa Íslands í bankaráði Alþjóðabankans og aðalfulltrúa Norðurlandanna í stjórn hans. Jón Sigurðsson var aðalfulltrúi Íslands í bankaráðinu og Jón Baldvin Hannibalsson varafulltrúi, þar til að Ólafur Ragnar Grímsson tók við, eftir að ný ríkisstjórn kom til valda í september. Daninn Ulrik Haxthausen var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórninni fram að 1. ágúst 1988, er Jónas Haralz tók við. Varafulltrúi Norðurlandanna var Finninn Veikko Kantola.

Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans voru haldnir í lok september í Vestur-Berlín. Fundina sóttu Jóhannes Nordal, Ingimundur Friðriksson og Þórhallur Ásgeirsson.

### Starfsemi sjóðsins

Að venju einkenndust starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og umræður í stjórn hans af þróun alþjóðaefnahagsmála. Hún reyndist mun hagstæðari en búist var við fyrstu mánuðina eftir verðfallið á hlutabréfamörkuðum í október 1987. Heimsbúskapurinn einkennist enn af jafnvægisleysi í utanríkisviðskiptum stærstu iðnríkja og miklu misvægi á milli efnaðra iðnríkja annars vegar og fátækra ríkja Afríku og rómönsku Ameríku hins vegar.

Umræður um innri málefni sjóðsins og skuldir aðildarríkja við hann voru áberandi árið 1988. Áformað hafði verið að taka á árinu 1988 ákvörðun um að hækka heildarkvóta aðildarlanda, sem hefur verið um 90 milljarðar SDR síðan 1983, en stefnt er að því að endurskoða heildarkvótann á fimm ára fresti. Samstaða náðist hins vegar ekki um málið, og því var ákveðið að lengja frestinn til að komast að samkomulagi til aprílloka 1989, en fátt bendir til þess, að samkomulag verði í höfn fyrir þann tíma. Umræða um hækkun heildarkvótans tengist umræðu um hlutverk sjóðsins í framtíðinni. Á síðustu árum hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gegnt æ veigameira hlutverki í baráttu stórskuldugra ríkja þriðja heimsins við að létta á greiðslubyrði sinni og oft og tíðum er þátttaka sjóðsins forsenda fyrir því, að aðrir aðilar vilji leggja hönd á plóginn. Þetta hefur jafnframt þýtt, að sjóðurinn hefur fjarlægst upphaflegt markmið sitt, sem er að veita aðildarríkjum, þróuðum jafnt sem vanþróuðum, tímabundna aðstoð vegna greiðslujafnaðarerfiðleika. Þá hafa umræður um verkaskiptingu á milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í vaxandi mæli tengst baráttunni við skuldavandamál þróunarlandanna.

Auk lánastarfsemi fylgist sjóðurinn með framvindu efnahagsmála í öllum aðildarríkjunum, 151 að tölu. Starfsmenn sjóðsins heimsækja yfirgnæfandi meirihluta aðildarríkjanna árlega, þar á meðal Ísland. Í framhaldi af heimsóknunum eru skrifaðar greinargerðir, þar sem fram kemur mat sjóðsins á ástandi efnahagsmála og efnahagsstjórnar, og eru þær láttnar stjórnvöldum viðkomandi ríkja í té.

#### **Norrænt samstarf**

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlandanna var haldinn í Reykjavík í lok júní 1988. Á fundinum var m.a. fjallað um gengisþróun og stefnumótun í gengismálum á Norðurlöndunum síðan 1971 og málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þing hagfræðinga norrænu seðlabankanna var einnig haldið hér á landi í september sem og árlegur fundur bankaeftirlita á Norðurlöndunum. Á fundi hagfræðinganna var fjallað um skattlagningu fjármagnstekna og -eigna og áhrif hennar. Seðlabankinn á fulltrúa í Norrænu fjárhagsnefndinni, en hún fjallar um verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ýmis gjaldeyrismál í tengslum við Norðurlandaráð. Fulltrúar Seðlabankans sóttu einnig fundi þeirra aðila á Norðurlöndum, sem annast erlendar lántökur fyrir ríkissjóði landanna.

#### **Erlendar lántökur fyrir ríkissjóð**

Í lánsfjárlögum var ríkissjóði heimilað að taka jafnvirði 905 m.kr. að láni erlendis og endurlána til Rafmagnsveitna ríkisins og tiltekinna eigenda raðsmíðaskipa og frystitogara. Í desember 1988 heimilaði Alþingi svo erlenda lántöku að jafnvirði 6.500 m.kr. til að greiða upp skammtímaskuldir ríkissjóðs við Seðlabankann vegna greiðsluhalla á

árunum 1987 og 1988. Auk þessara heimilda er ríkissjóði jafnan heimilt að endurfjármagna eldri lán, þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Ríkissjóður tók þrjú ný erlend lán á árinu. Í mars var tekið lán hjá Daiwa Bank í London að fjárhæð 14 milljónir svissneskra franka. Lánið er til tíu ára, endurgreiðist með fimm jöfnum afborgunum á árunum 1994 til 1998 og ber 5,05% ársvexti. Í maí var tekið lán hjá Mitsui Trust and Banking í Tókyo að fjárhæð 3 milljarðar yena. Lánið er til tíu ára, endurgreiðist í einu lagi í lok lánstímans og ber 5,5% ársvexti. Loks tók ríkissjóður lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum í júlí. Lánsfjárhæðin var tvískipt, annars vegar 13 milljónir svissneskra franka með breytilegum vöxtum á millibankamarkaði að viðbættu 0,15% álagi og hins vegar 54 milljónir franskra franka með 9,65% vöxtum. Lánin eru til fimmtán ára og endurgreiðast með tíu jöfnum hálfárslegum afborgunum á árunum 1999 til 2003.

Auk þessa hækkaði staða sveigjanlegra skuldbindinga ríkissjóðs um 51 milljón dollara á árinu. Staða veltilána hækkaði úr 25 milljónum dollara í árslok 1987 í 90 milljónir dollara í árslok 1988 og á sama tíma lækkaði útistandandi fjárhæð skammtíma víxla úr 141 milljón dollara í 127 milljónir dollara. Samtals hækkaði því staða sveigjanlegra

Tafla VI.1. Gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda ríkissjóðs.

	Árslok 1987 %	Árslok 1988 %
<i>Fastir vextir</i>		
Bandaríkjadollarar .....	8,4	5,2
Sterlingspund .....	9,3	8,4
Svissneskir frankar .....	7,8	7,4
Franskir frankar .....	–	1,0
Vestur-þýsk mörk .....	13,2	11,3
Japönsk yen .....	14,7	16,7
Hollenskar flórínur .....	3,4	2,9
Evrópsk gjaldmiðilseining (ECU) .....	7,8	6,7
Aðrir gjaldmiðlar .....	0,2	0,1
Alls	64,8	59,7
<i>Breytilegir vextir</i>		
Bandaríkjadollarar .....	30,6	35,4
Svissneskir frankar .....	–	1,0
Vestur-þýsk mörk .....	4,6	3,9
Alls	35,2	40,3
Samtals .....	100,0	100,0


### Endurgreiðslur ríkissjóðs af erlendum lánum

skuldbindinga úr 166 milljónum dollara í 217 milljónir dollara á árinu 1988 eða um 51 milljón dollara eins og áður sagði. Þessi aukning hafði nokkur áhrif á samsetningu erlendra skulda ríkissjóðs bæði eftir gjaldmiðlum og vaxtafyrirkomulagi í árslok 1988 samanborið við árslok 1987 eins og sjá má af töflu VI.1. Staða þessara skuldbindinga lækkaði hins vegar á ný strax á fyrstu mánuðum 1989, þegar ríkissjóður tók hefðbundin langtímalán erlendis.

Á árinu var eitt lán frá 1977 endurgreitt að fullu fyrir gjalddaga, vegna þess að kjör þess voru orðin lakari en ríkjandi markaðsaðstæður gáfu tilefni til. Lánsféð var á sínum tíma endurlánað til Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja, og endurgreiðslan nam tæplega 10 milljónum dollara. Ríkissjóður stofnaði hvorki til skulda- né vaxta-skipta á árinu.

Ríkissjóður hefur um langt skeið lagt áherslu á að taka erlend lán til a.m.k. tíu ára, til að meðalendurgreiðsla erlendra lána á hverju ári verði tiltölulega væg. Þessi stefna hefur m.a. leitt til þess, að í árslok 1988 var meðallánstími erlendra lána ríkissjóðs talinn vera 15,2 ár samanborið við 9,8 ár hjá bönkum og sjóðum og 6,2 ár hjá einkaaðilum.

Endurgreiðsluáætlun fyrir erlend lán ríkissjóðs, að sveigjanlegum skuldbindingum undanskildum, er sýnd á meðfylgjandi mynd. Eins og sjá má skera fjögur ár sig nokkuð úr, þ.e. 1992 og 1995–1997. Árið 1995 er langþyngsta árið, og þá kemur til greiðslu rúmlega fimmtungur af hefðbundnum langtímaskuldum ríkissjóðs. Reyndar hefur sú ákvörðun þegar verið tekin að endurfjármagna á árinu 1989 tvö yenalán frá 1982 og 1983, sem léttir endurgreiðslu árána 1989 til 1997, sérstaklega árið 1993.



### **Lántökur annarra aðila en ríkissjóðs**

Seðlabankinn bæði ráðleggur og aðstoðar, þegar tekin eru erlend lán með beinni ríkisábyrgð. Á árinu 1988 hafði bankinn milligöngu um að útvega 229 þús. dollara lán með ríkisábyrgð til Arnarflugs frá Sumitomo Bank í London. Þá hafði bankinn milligöngu um að útvega Reiknistofu bankanna lán að fjárhæð 2,6 milljónir þýzkra marka hjá Kredietbank í Lúxemborg að beiðni stjórnar stofnunarinnar.

### **Mat á lánsþæfni**

Fram til ársins 1988 hafði lánsþæfni Íslands aldrei verið metin formlega af þeim fyrirtækjum, sem sérhæfa sig í einkunnagjöf af þessu tagi. Hins vegar ákvað bandaríska matsfyrirtækið Standard & Poor's á árinu 1986 að raða löndum, sem ekki höfðu formlega einkunn, í flokka, sem gefa skyldu til kynna lánsþæfni þeirra. Ísland lenti í næstefsta flokki, en lönd í þeim flokki voru talin hafa trausta getu til að inna af hendi greiðslur af opinberum erlendum langtímalánum í samræmi við ákvæði lánsamninga og í þeim væri einungis lítil hætta á óhagstæðri efnahagsþróun. Árið 1988 tilkynnti fyrirtækið, að það ætlaði að leggja þessa flokka niður, meta lánsþæfni landanna á ný og veita þeim hefðbundna bókstafaeinkunn („AAA“, „AA“, „A“, „BBB“, o.s.frv.). Í þeim tilvikum, sem fyrirtækið metur lánsþæfni landanna að eigin frumkvæði, en ekki að frumkvæði landanna sjálfra, er einkunnin auðkennd með bókstafnum „i“ (t.d. „AAi“). Fulltrúar fyrirtækisins kynntu sér íslensk efnahagsmál í nóvember 1988 og áttu í því skyni fundi með fulltrúum stjórnvalda. Um miðjan mars 1989 tilkynnti fyrirtækið, að það gæfi Íslandi langtímaeinkunnina „Ai“ og skammtímaeinkunnina „A-1“. Nánari grein er gerð fyrir einkunnagjöfinni í marshefti Hagtalna mánaðarins 1989.

Annað bandarískt fyrirtæki, Moody's Investor Services, hefur ákveðið að leika sama leik og Standard & Poor's og meta lánsþæfni stórra lántakenda, sem ekki hafa óskað eftir einkunn frá fyrirtækinu. Óumbeðnar einkunnir Moody's verða hins vegar ekki auðkenndar sérstaklega eins og hjá Standard & Poor's. Fulltrúar fyrirtækisins hafa þegar átt fundi með fulltrúum íslenskra stjórnvalda, og fyrirtækið hyggst birta einkunn sína í lok apríl eða byrjun maí 1989.

## Ríkisábyrgðasjóður

### VII. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Nýjum ríkisábyrgðum hefur farið fækkandi undanfarin ár, en árið 1988 urðu þær þó nokkru fleiri en árið á undan, fjölgaði úr 12 í 18. Fjárhæð nýrra ábyrgða lækkaði hins vegar verulega, nam 647,7 m. kr., en var 1.396,1 m. kr. árið 1987. Á töflu VII.1 hér á eftir má sjá yfirlit yfir nýjar ábyrgðir, sem veittar voru árin 1987 og 1988.

Tafla VII.1. Ríkisábyrgðir 1987 og 1988.  
(Í millj. kr.)

	1987		1988	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Iðnaður .....	4	51,6	–	–
Samgöngur .....	–	–	3	56,7
Hitaveitur .....	8	1.345,1	8	73,0
Annað .....	–	–	7	518,0
	12	1.396,7	18	647,7

Stærsta ábyrgðin, sem veitt var á sl. ári, var ábyrgð á láni Atvinnu-tryggingarsjóðs útflutningsgreina. Heildarfjárhæð ríkisábyrgða nam við árslok 1988 21.609,7 m. kr. og lækkaði á árinu um 2.814,7 m. kr. Þarna er aðeins um skráðar ríkisábyrgðir að ræða, sem afgreiddar hafa verið samkvæmt sérstökum lagaheimildum. Að auki er ríkissjóður ábyrgur fyrir skuldbindingum ríkisbanka, fjárfestingarlánasjóða og ýmissa ríkisstofnana. Um fjárhæð slíkra ábyrgðarskuldbindinga eru ekki fyrir hendi tæmandi skýrslur, en þar er um mun hærri fjárhæðir að ræða en að framan greinir. Áætla má, að erlendar ábyrgðarskuldbindingar vegna þessara aðila hafi numið að minnsta kosti 35 milljörðum króna við árslok 1988.

Heildarfjárhæð þeirra krafna, sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á sl. ári, nam 304,1 m. kr., og var það mun hærri fjárhæð en árið á undan. Endurgreiðslur frá skuldurum urðu hins vegar svipaðar og

árið áður. Nettógreiðslur vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð og aðrar slíkar greiðslur námu 82,8 m.kr., og er þar um verulega hækkun að ræða frá árinu áður. Tafla VIII.2 sýnir yfirlit yfir innleystar kröfur Ríkisábyrgðasjóðs og endurgreiðslur frá skuldurum árin 1983–1988.

*Tafla VII.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs. (Í millj. kr.)*

	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Innleystar kröfur .....	193,1	248,1	238,2	635,8	229,0	304,1
Endurgreiðslur frá skuldurum .....	91,1	121,5	204,5	356,3	219,1	221,3
	102,0	126,6	33,7	279,5	9,9	82,8

#### Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn hefur með höndum ýmsa fyrirgreiðslu og ráðgjöf fyrir ríkissjóð í sambandi við lántökur, innanlands og utan. Má þar nefna útgáfu spariskírteina og ríkisvixla og erlendar lántökur. Um þessar lántökur er getið annars staðar í ársskýrslunni. Um útgáfu spariskírteina og ríkisvixla er getið í V. kafla um Peningamál og lánamarkað svo og í Annál peninga- og gjaldeyrismála 1988, og frá erlendum lántökum ríkissjóðs segir í VI. kafla um Erlend samskipti og lánamál. Ríkisábyrgðasjóður hefur með höndum afgreiðslu og vörslu lána, sem ríkissjóður hefur veitt, aðallega af andvirði lána, innlendra og erlendra, sem tekin hafa verið til endurlána. Á árinu voru veitt ný lán samtals að fjárhæð 2.724,7 m.kr. Við árslok 1988 nam höfuðstóll endurlána 22.723,1 m. kr., og hækkaði hann á árinu um 5.164,1 m. kr.

#### Orkusjóður

Starfsemi Orkusjóðs hefur dregist mjög saman á sl. árum. Ný lán til raforkuframkvæmda fara ekki lengur um Orkusjóð, en hann lánar enn til jarðhitaleitar, einkarafstöðva og hitaveitna. Verulega hefur þó dregið úr slíkum lánveitingum. Ennfremur fara um sjóðinn styrkveitingar til rafvæðingar í sveitum. Heildarlánveitingar úr Orkusjóði námu á sl. ári 9,0 m. kr., sem er svipað og árið áður. Lánveitingar skiptast sem hér segir:

*Tafla VII.3. Lánveitingar Orkusjóðs 1988. (Í millj. kr.)*

Lán til einkarafstöðva .....	1,1
Lán til jarðhitaleitar .....	7,8
Önnur lán .....	0,1
Samtals .....	9,0



Orkusjóður tók engin lán á árinu. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur sjóðsins 31,8 m.kr., en vaxtagjöld 73,0 m.kr. Framlög ríkissjóðs til Orkusjóðs námu 184,5 m. kr. árið 1988. Á fjárlögum var ætlað nokkru hærra framlag til endurgreiðslu lána heldur en þörf reyndist fyrir, og munaði þar 39,8 m. kr. Á árinu veitti sjóðurinn styrki samtals að fjárhæð 81,5 m. kr., og skiptust styrkveitingar þannig:

*Tafla VII.4. Styrkveitingar Orkusjóðs 1988.  
(Í millj. kr.)*

Samkvæmt 71. gr. orkulaga:		
Til sveitarafvæðingar .....	40,0	
Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum .....	40,0	80,0
Hólsfjallaáætlun .....		1,4
Annað .....		0,1
Samtals .....		81,5

#### **Hafnabótasjóður**

Starfsemi Hafnabótasjóðs á sl. ári var svipuð og verið hefur undanfarin ár. Sjóðurinn veitti nú 17 lán samtals að fjárhæð 81,3 m.kr. og 1 bráðabirgðalán að fjárhæð 2,5 m. kr. Þarna er um að ræða nær tvöföldun lánveitinga miðað við fyrra ár. Veittir voru styrkir til 23 hafnarsjóða samtals að fjárhæð 31,9 m. kr., sem er lítið eitt lægra en árið á undan. Á árinu voru tekin lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð 59,2 m. kr. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum til Hafnabótasjóðs var 20 m. kr., og vaxtatekjur urðu 33,5 m. kr., en vaxtagjöld 13,6 m. kr.

#### **Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins**

Árið 1988 var hið þriðja í röð, sem Verðjöfnunarsjóður var mjög virkur. Á árunum 1986 og 1987 var verð á sjávarafurðum einstaklega gott, og greiddist þá allmikið fé til sjóðsins, þó aðeins til rækju-, hörpudisk- og humarreikninga frystideildar og til saltfiskdeildar, en ekki til annarra reikninga botnfiskdeilda, þótt verð þar hafi sömuleiðis verið mjög hátt. Hér eru þó undanskildar þær verðjöfnunartekjur, sem runnu til botnfiskdeilda vegna sérstaks gjalds á ísfiskútflutning og getið er um síðar.

En skjótt skipast veður í lofti í markaðsmálum sjávarafurða. Verðlag fór lækkandi undir lok ársins 1987, og hélt lækkunin áfram á árinu 1988. Verðlag á hörpudiski hafði lækkað verulega árið 1987 samfara sölutregðu. Verð á rækju smálækkaði fyrstu mánuði ársins 1988, en lækkaði svo allmikið um sumarið. Verð á hörpudiski var lágt í byrjun ársins, en nokkuð rättist úr, þegar líða tók á árið. Verð á mjöl- og lýsifurðum hækkaði mjög vorið 1988, en gekk að nokkru leyti til baka síðari helming ársins. Verð var gott á skreið á Ítalíumarkaði og hækkaði yfir árið. Ekki mun koma til verðjöfnunar vegna lýsis- og mjöl-

framleiðslu, en vera kann, að lítillega komi inn sem verðjöfnunartekjur til skreiðardeildar.

Í ljósi lækkandi verðlags og gildandi viðmiðunarverða, sem ákveðin voru í júní 1988, hlaut að koma til útgreiðslu verðbóta úr hlutaðeigandi deildum Verðjöfnunarsjóðs. Í ágústbyrjun 1988 var ákveðin bráðabirgðaútgreiðsla verðbóta út á rækjuframleiðslu frá 1. júní, fyrst 3% verðbætur á cif-verð, en hækkuð í 4% í september. Miklar inneignir voru í rækjudeild til greiðslu verðbóta eins og sjá má af meðfylgjandi yfirliti um innstæður Verðjöfnunarsjóðs í árslok 1987 og 1988. Hörpudiskreikningur var hins vegar í miklum ábyrgðum vegna greiðsluskyldu verðbóta út á framleiðslu ársins 1987, og var því ekki talið færi á að greiða verðbætur vegna framleiðslu ársins 1988. Síðar kom þó í ljós, að skilyrði væru til að greiða verðbætur út á þann hörpudisk, sem framleiddur var fyrstu 5 mánuðina 1988. Verðbótagreiðslur vegna rækju- og hörpudiskframleiðslu voru síðan ákveðnar að nýju í kjölfar bráðabirgðalaganna í septemberlok 1988. Er vikið að þeim þætti hér að neðan. Verðjöfnunartekjur vegna saltfiskafurða voru mjög verulegar bæði árin 1986 og 1987. Tekjur til sjóðsins voru að meðaltali 4% af fob-verðmæti 1986 og 5% 1987. Alls námu verðbótatekjur 588,5 m.kr. á verðlagi hvors árs. Stóð því fjárhagur saltfiskdeildar traustum fótum, þegar til útgreiðslu verðbóta kom. Áætlað er, að útgreiddar verðbætur á saltfiskafurðir hafi numið um 97,8 m.kr. vegna framleiðslu á árinu 1988.

Eins og áður segir féllu engar verðbótatekjur til vegna freðfiskframleiðslunnar á árunum 1986 og 1987 þrátt fyrir almennt hátt verðlag. Því voru innstæður á reikningi freðfiskdeildar óverulegar og deildin ófær að greiða verðbætur, þegar verðlag lækkaði mjög á freðfiski í ársbyrjun 1988.

Með bráðabirgðalögum nýrrar ríkisstjórnar um efnahagsaðgerðir, nr. 83 frá 28. september 1988, var stjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilað að taka alls 800 m.kr. lán til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk. Stjórn sjóðsins nýtti sér þessa heimild til lántöku í Seðlabankanum. Lánsupphæðin skiptist þannig, að 750 m.kr. komu í hlut freðfiskdeildar og 50 m.kr. í hlut hörpudiskdeildar. Í bráðabirgðalögunum var einnig kveðið svo á, að einkum skyldi hafa hliðsjón af afurðaverði á árunum 1986 og 1987, þegar viðmiðunarverð á rækju yrði ákveðið. Í framhaldi af setningu þessara bráðabirgðalaga ákvað stjórn Verðjöfnunarsjóðs að greiða til bráðabirgða 5% verðbætur á cif-verðmæti freðfiskafurða frá og með 1. júní 1988. Einnig var ákveðin 8% verðbótauppgreiðsla á cif-verðmæti hörpudisks og hækkun bráðabirgðaútgreiðslunnar á rækju í 8% á alla framleiðslu

frá 1. júní 1988. Jafnframt var sú nýlunda tekin upp að greiða verðbætur á freðfisk- og hörpudiskframleiðslu jafnskjótt og veðsetning framleiðslu færi fram, en ekki við gjaldeyrisskil eða endanlegt uppgjör eins og venjan hefur verið til þessa. Við þessa breytingu var útgreiðslu verðbóta flýtt til muna. Undir áramót 1988 var sú ákvörðun tekin að flýta einnig útgreiðslu verðbóta á rækju. Útgreiðsluprósentan hélst óbreytt til áramóta á freðfisk- og hörpudiskframleiðsluna, en hækkaði í 9% á rækjuútflutning frá 1. nóvember 1988.

Verðbætur greiddar til ársloka 1988 námu alls 363,8 m. kr. út á freðfisk, 17,1 m. kr. á hörpudisk og 107,6 m. kr. á rækju. Hér er ekki um að ræða endanlega verðjöfnun á framleiðsluna yfir árið 1988, heldur aðeins uppgreiðslur, þar sem uppgjóri er ekki lokið. Ætla má, að útistandandi verðbætur um sl. áramót hafi numið um 25,0 m. kr. á freðfisk, 24,9 m. kr. á hörpudisk og 34,6 m. kr. á rækju, og er þá miðað við framleiðslu til áramóta.

Á árinu 1987 voru sett lög um innheimtu á sérstöku gjaldi af ísfiski, sem fluttur er úr landi (gámaútflytningi). Við ákvörðun á þessu gjaldi skal miðað við verðjöfnunartilefni í deildum botnfiskafurða í byrjun hvers ársfjórðungs. Gjald þetta var lagt á fyrstu 2 ársfjórðunga ársins 1988, en ekki kom til gjaldtöku á þriðja og fjórða ársfjórðungi, enda var verðjöfnunartilefni þá ekki fyrir hendi. Alls innheimtust 14,8 m. kr. vegna þessarar gjaldtöku, og skiptist sú upphæð milli freðfisk-, saltfisk- og skreiðardeilda í samræmi við útflutningsverðmæti þessara greina á næstliðnu ári.

Tafla VII.6. Verðhækkunartekjur og verðbætur í Verðjöfnunarsjóð eftir framleiðsluárum.  
(Í millj. kr.)

	1987		1988	
	Verðhækkunar- tekjur <sup>1)</sup>	Verðbætur <sup>1)</sup>	Verðhækkunar- tekjur <sup>1)</sup>	Verðbætur <sup>1)</sup>
Frystar afurðir ...	88,6	–	–	578,1
Freðfiskur .....	–	–	–	388,9
Rækja .....	88,6	–	–	142,2
Hörpudiskur .....	–	45,2	–	47,0
Humar .....	–	–	–	–
Saltfiskafurðir .....	389,8	–	–	97,8
Óverkaður saltf. .	383,1	–	–	–
Söltuð ufsaflök ..	6,7	–	–	–
Skreiðarafurðir ..	–	–	–	–
Ísfiskur .....	14,0	–	7,9	–
Samtölur deilda ..	492,4	45,2	7,9	675,9
Samtölur nettó ...	447,2	–	–	668,0

<sup>1)</sup> Að hluta til óinnheimtar/óútgreiddar.

Mikil umsvif hjá Verðjöfnunarsjóði endurspegluðust í fjölda stjórnarfundu, sem urðu 40 talsins, þ.a. 14 sameiginlegir með öllum deildum botnfiskafurða. Uppgjör liggur nú að mestu leyti fyrir um verðjöfnunartekjur til sjóðsins vegna framleiðsluársins 1987. Uppgjöri vegna framleiðslu síðasta árs er ekki lokið, en birtar eru áætlaðar tölur um verðjöfnun (tafla VII. 6).

Heildarinnstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabanka Íslands námu í árslok 1987 1.092 m. kr. Þar af voru 232 m. kr. á sérstökum biðreikningi vegna söluskattsendurgreiðslu og teljast því ekki til raunverulegra eigna Verðjöfnunarsjóðs. Í árslok 1988 nam heildarinnstæða á öllum reikningum Verðjöfnunarsjóðs samtals 1.207,6 m. kr., en eignastaðan að teknu tilliti til óinnkominna verðjöfnunartekna og ógreiddra verðbóta má ætla að geti numið um 1.300 m. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í ársbyrjun og árslok 1988 ásamt breytingum á árinu, skipt niður eftir deildum:

Tafla VII.7. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum og sjóðshreyfingar.  
(Í þús. kr.)

	<i>Innstæður<sup>3)</sup></i> <i>31.12.1987</i>	<i>Inngr./</i> <i>útgreiðslur</i>	<i>Gengis-</i> <i>uppfærsla</i>	<i>Vaxta-</i> <i>tekjur<sup>1)</sup></i>	<i>Innstæður</i> <i>31.12.88</i>
Stofnfjárdeild	1.613	54	–	119	1.786
Frystiafurðadeild <sup>2)</sup>	577.042	–499.491	136.012	45.018	639.481
P. a. út á lántöku <sup>2)</sup>	–	–380.900	–	–	–
Saltsíldardeild	565	–131	75	43	551
Saltfiskeild	255.217	139.835	89.825	30.230	515.107
Skreidardeild	10.355	–272	2.355	827	13.265
Mjöl- og lýsisdeild	14.513	–235	4.003	1.209	19.489
Reikn. v/ísfiskútl. <sup>4)</sup>	225	14.796	1.986	890	17.897
Alls	859.530	–345.444	234.256	78.336	1.207.576
Skuld freðfisk- og hörpu- diskdeilda við Seðlabankann					–380.900

1) Meðalvextir m.v. Libor-vexti í SDR-samsetningu voru 6,54% p.a.

2) Athuga ber, að hér eru tilgreindar verðbótagreiðslur á freðfisk og hörpudisk, sem greiddar eru út skv. sérstökum lögum þar um og lán var tekið til hjá Seðlabankanum, sjá texta, en hafa ekki áhrif á eignastaðu annarra en hlutaðeigandi reikninga sjóðsins.

3) Í árslok 1987 var innstæða á sérstökum biðreikningi v/söluskattsendurgreiðslu 232,0 m. kr., sem ekki telst til raunverulegra eigna Verðjöfnunarsjóðs og er því ekki tekin með í þessu yfirliti.

4) Innstæðu pr. 31.12.1988 var skipt í byrjun ársins 1989 milli freðfiskreiknings og skreidar- og saltfiskdeilda í samræmi við útflutningsverðmæti þessara greina á næstliðnu ári.

### **VIII. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR**

Hinn 20. maí 1988 voru sett bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum (nr. 14/1988). Lög þessi, sem voru í gildi til 10. apríl 1989, mæltu m.a. svo fyrir, að verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára væri óheimil frá 1. júlí 1988. Nokkru síðar eða hinn 31. maí 1988 voru síðan sett önnur bráðabirgðalög (nr. 44/1988), um breytingu á bráðabirgðalögum nr. 14 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum, þar sem kveðið var svo á, að með orðinu „fjárskuldbinding“ í þessu sambandi væri átt við sparifé og lánsfé. Auk þess var Seðlabankanum heimilað, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að auglýsa reglur, er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára. Með stoð í þessari heimild gaf Seðlabankinn síðan hinn 10. júní 1988 út auglýsingu um heimildir til verðtryggingar sparifjár skv. bráðabirgðalögum nr. 44 31. maí 1988.

Hinn 20. maí 1988 var Seðlabankanum heimilað með bráðabirgðalögunum um aðgerðir í efnahagsmálum (nr. 14/1988) að ákveða, að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs. Með bráðabirgðalögum um efnahagsaðgerðir (nr. 83/1988) voru m.a. gerðar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands (nr. 36/1986) og vaxtalögum (nr. 25/1987). Breytingin á Seðlabankalögunum fól í sér, að Seðlabankanum var nú heimilað að ákveða hámark þess álags, er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár, er þær endurlána í formi afurðalána.

Breytingin á vaxtalögunum var með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi skyldu dráttarvextir frá og með 1. nóvember 1988 ætíð reiknast sem dagvextir, nema á annan veg væri sérstaklega mælt í lögum. Í öðru lagi skyldi Seðlabankinn nú „eigi sjaldnar en“ mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

### **Heimild til gengis- tryggingar innlendra skuldbindinga**

Hinn 27. desember 1988 gaf viðskiptaráðuneytið út reglugerð nr. 540/1988, um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU, og kom reglugerð þessi í stað reglugerðar nr. 563/1987, um gengisbundin inn- og útlán í bönkum og sparisjóðum. Með fyrrgreindri reglugerð var nú einnig öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilað að lána út fé með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við reikningsgengi SDR og ECU. Í framhaldi af því gaf Seðlabankinn síðan hinn 27. desember 1988 út auglýsingu um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá 1. janúar 1989.

Hinn 29. desember 1988 var veðdeildum við innlánsstofnanir einnig gert skylt (með lögum nr. 99/1988) ásamt viðskiptabönkum og sparisjóðum að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

### **Helstu breytingar á reglum um gjaldeyris- mál 1988**

Um áramót 1987 og 1988 kom samkeyrsla á innflutningstölum toll-yfirvalda og gjaldeyrissölu bankanna til framkvæmda. Var þá jafnframt hætt handvirku eftirliti með notkun þess gjaldeyris, sem bankar seldu vegna vöruinnflutnings.

Ýmsar breytingar voru gerðar á reglum um erlendar lántökur og erlenda leigusamninga (leasing), aðallega varðandi hlutdeild innlendra fjármögnunar á móti þeim.

Ný reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála var gefin út 29. apríl í stað reglugerðar, sem gilt hafði frá desember 1979. Báðar voru gefnar út samkvæmt lögum nr. 63/1979.

Lög um útflutningsleyfi o.fl. voru gefin út 11. janúar 1988 og meðferð útflutningsmála jafnframt flutt úr viðskiptaráðuneyti í utanríkisráðuneyti og reglugerð um þetta svið gefin út sama dag.

Reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi var gefin út 1. febrúar í stað eldri reglugerðar frá 1980.

Reglum um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur var breytt samkvæmt auglýsingu viðskiptaráðuneytis 21. desember með gildistöku 1. janúar 1989. Þessar nýju reglur eru nokkrum rýmri en eldri reglur, en aðalbreypingin er þó sú, að samkvæmt þeim er heimilt að flytja inn allar vörur með gjaldfresti, allt að þremur, sex eða tólf mánuðum. Er fylgst náðið með notkun gjaldfrests og leigusamningum.

## Gjaldskylda af erlendum lánum

Töluverðar breytingar varð að gera á tölvukerfum, vegna þess að ný og breytt tollskrá öðlaðist gildi 1. janúar 1989.

Á árinu 1988 var haldið áfram að tölvuvæða verkefni gjaldeyriseftirlitsins, og er það verk langt komið.

Gengi erlends gjaldeyris var breytt í febrúar, maí og september 1988 eins og nánar er greint frá í skýrslunni.

Samstarf viðskiptaráðuneytis, Seðlabanka og innlánsstofnana er í samstarfsnefnd um gjaldeyrismál við ráðuneytið. Hófst það í núverandi mynd árið 1979.

Eins og fram kemur í ársskýrslu Seðlabankans fyrir árið 1987, bls. 85, var bankanum falið að hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987, að því er varðaði gjaldskyldu af erlendum lántökum, leigusamningum o.fl. Lög nr. 10/1988 leystu bráðabirgðalögin af hólmi, og jafnframt var gjaldskylduhlutfall tvöfaldað, nam því frá 10. mars 1988 2% af samningum til 6 mánaða eða skemmri tíma, 4% af samningum til lengri tíma en 6 mánaða, en þó ekki lengri tíma en eins árs, og 6% af samningum til lengri tíma en eins árs. Í viðauka við reglugerð nr. 178, sem gefinn var út 8. apríl 1988, voru sett ákvæði um undanþágur frá gjaldtöku vegna innflutnings fjölmargra tollskrárflokka, sem taka til hráefnis til útflutnings- og samkeppniðnaðar.

Á árinu 1988 voru innheimtar samtals 664 m.kr., þar af voru útistandandi um áramót hjá innheimtuaðilum 94 m.kr. Á árinu 1987 nam innheimta 186 m.kr. Frá gildistöku ákvæða um gjald af erlendum lántökum, leigusamningum o.fl. höfðu því verið innheimtar samtals 850 m.kr. í árslok 1988.

Með lögum nr. 101/1988 var gjaldskyldan framlengd um eitt ár eða til 31. desember 1989, og um leið voru sett ný heimildarákvæði um undanþágur frá gjaldskyldu, sem geta náð til lána, sem tekin eru vegna kaupa eða rekstrar á kaupskipum og flugvélum, sem notaðar eru í atvinnuskyni, lána, sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina, og stofnlána til fyrirtækja, sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna verkefnum á sviði umhverfisverndar.

## Seðlar og mynt

79

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 2.954,9 m.kr. og höfðu aukist um 18,8% á árinu. Árið áður var aukningin 31,1% og árið 1986 40,4%. – Tafla 21 í töflusafni sýnir skiptingu seðlamagnsins á ein-

stakar seðlastærðir og kemur þar fram, að hlutdeild 5000 kr. seðla í seðlamagninu er 58%, en hlutdeild 100 kr. seðla 7,3%. Að fjölda til eru 100 kr. seðlar hins vegar um 58% seðla í umferð eða um 2 millj. stk. – Seðlagreiningardeild bankans bærust til vinnslu 12,6 millj. stk. seðla á árinu, samtals að fjárhæð 13.669,6 m.kr., en í mynttalningu voru taldar 26,2 millj. stk. að fjárhæð 261,1 m.kr.

Á árinu voru prentaðir hjá Thomas De La Rue, London, seðlar fyrir 24,2 m.kr. Prentuð voru 7,5 millj. stk. 100 kr. seðla og 2 millj. stk. 500 kr. seðla auk þess sem hafin var prentun á 3 millj. stk. 1000 kr. seðla til afgreiðslu í apríl 1989, en samkvæmt venju voru greidd 30% prentkostnaðar við pöntun. – Hjá Royal Mint, London, var slegin mynt fyrir 7,3 m.kr., þ.e. 2,5 millj. stk. 1 kr. myntar og 2 millj. stk. 50 kr. myntar. – Þess má geta, að í framleiðslu er nú 1 krónu mynt úr nikkelhúðuðu stáli í stað kopar/nikkels, sem látin verður í umferð í mars/apríl 1989. Útlit og stærð nýju krónunnar verður að öllu leyti óbreytt frá því, sem nú er, en hún er aðeins léttari eða 4,0 g í stað 4,5 g áður. Hins vegar er hún mun ódýrari í framleiðslu og kostar kr. 1,15 miðað við gengi sterlingspunds 30. des., en væri um 40% dýrari með óbreyttu málminnihaldi.

#### **Þjóðhátíðarsjóður**

Árið 1988 var ellefta starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 6,5 m.kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfrjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 22 styrkjum samkvæmt umsóknum, samtals að fjárhæð 3,25 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 42,1 m.kr.

#### **Starfsemi banka- eftirlitsins**

Meginverkefni bankaeftirlitsins eru eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. ákvæði IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og eftirlit með verðbréfamiðlurum og verðbréfasjóðum, sbr. ákvæði V. kafla laga nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Í samræmi við nefnd lög voru gerðar ýmsar athuganir á rekstri og efnahag nokkurra innlánsstofnana, verðbréfasjóða og starfsemi verðbréfamiðlara á árinu 1988. Eftirlit með áðurnefndum stofnunum og aðilum er ýmist framkvæmt á starfsstað hlutaðeigandi eða kallað er eftir skriflegum upplýsingum um ákveðna þætti í rekstri og efnahag þeirra. Að auki er þeim gert að skila Seðlabankanum og bankaeftirlitinu mánaðarlega sundurliðuðum efnahagstölum og ítarlegum ársreikningi eftir lok hvers reikningsárs.



Niðurstöður eftirlitsaðgerða bankaeftirlitsins eru settar fram í bréfum eða skýrslum til viðkomandi stofnana, sem síðan eru ræddar við stjórnendur þeirra, ef frekari ástæður þykja til. Alvarlegar athugasemdir, er kunna að varða rekstrar- og efnahagsstöðu einstakra stofnana, eru jafnframt tilkynntar viðskiptaráðherra þegar í stað auk þess sem bankaeftirlitið gerir ráðherra grein fyrir fyrirhug- uðum aðgerðum sínum í einstökum málum í samræmi við lög. Að auki skal Seðlabankinn gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi banka- eftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Sérstök samstarfsnefnd við- skiptaráðuneytis og Seðlabanka fylgist með starfsemi bankaeftirlits- ins. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytisins, bankastjóri Seðla- bankans og forstöðumaður bankaftirlitsins.

Með banka- og sparisjóðalögum, sem tóku gildi í ársbyrjun 1986, svo og lögum um verðbréfamiðlun, sem tóku gildi 1. júní sama ár, og enn fremur nýju Seðlabankalögum, sem tóku gildi 1. nóvember 1986, hefur orðið veruleg breyting á þeim kröfum, sem gerðar eru til starfsemi bankaftirlitsins. Starfssvið bankaftirlitsins er nú mun víð- tækara, þar sem eftirlitið nær einnig til verðbréfamiðlara og verð- bréfasjóða og þar með til stærri hluta fjármagnsmarkaðarins en áður. Í annan stað eru í banka- og sparisjóðalöggjöfinni ný og margþætt ákvæði, sem fylgja verður eftir að séu haldin, auk þess sem sam- þykktir þessara stofnana eru nú mun ítarlegri en áður var.

Bankaeftirlitið hefur um árabil tekið þátt í samstarfi opinberra eftir- litsaðila um eftirlit með fjármagnsmarkaðinum á öðrum Norðurlönd- um. Í lok maí 1988 var undirritað samkomulag þessara aðila um fyrir- komulag eftirlits með verðbréfavíðskiptum milli Norðurlandanna. Sem stendur eru heimildir Íslendinga til kaupa á erlendum verð- bréfum þó mjög takmarkaðar. Á árinu 1988 náðist víðtæk samstaða fulltrúa nálega 100 ríkja á alþjóðlegri ráðstefnu bankaftirlita um samræmdar reglur um eigið fé innlánsstofnana. Reglurnar hafa verið lögfestar í mörgum löndum, og sambærilegar reglur hafa verið til meðferðar hjá Evrópubandalaginu. Unnið hefur verið að könnun á áhrifum hinna nýju reglna á eigið fé banka og sparisjóða hér á landi. Bankaeftirlitið hefur auk þess tekið þátt í sameiginlegri athugun sér- fræðinga EFTA-ríkjanna á samanburði á löggjöf þessara ríkja um ýmsa þætti í fjármagnsþjónustu og á samræmdum reglum Evrópu- bandalagsins um fjármagnsmarkaðinn.

Í árslok voru starfandi í landinu 7 viðskiptabankar, 35 sparisjóðir og 25 innlánsdeildir samvinnufélaga. Óverulegar breytingar urðu á fjölda afgreiðslustaða innlánsstofnana á árinu. Tveir sparisjóðir hættu starfsemi og voru sameinaðir öðrum sparisjóðum. Sparisjóður

Fnjóskdæla var sameinaður Sparisjóði Kinnunga, og Sparisjóður Rauðasandshrepps var sameinaður Eyrasparisjóði. Að auki opnaði Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis nýja afgangi við Álfabakka í Reykjavík.

Fjöldi afgangi slustaða innlánsstofnana í árslok 1987 og 1988 var því sem hér segir:

	<i>Árslok 1987</i>	<i>Árslok 1988</i>
Viðskiptabankar	135	135
Sparisjóðir	46	45
Innlánsdeildir samvinnufélaga	25	25
Póstgíróstofan	1	1
Samtals	207	206

Í árslok 1988 höfðu 44 einstaklingar leyfi viðskiptaráðuneytis til starfrækslu verðbréfamíðlunar skv. lögum nr. 27/1986. Á vegum leyfisskila voru starfræktir 15 verðbréfasjóðir í árslok.

Athugun bankaeftirlitsins á tveimur verðbréfasjóðum, þ.e. Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf., í ágúst 1988 leiddi til þess, að þessum hlutafélögum var slitið og skipuð skilanefnd, sem annast uppgjör sjóðanna. Í kjölfar þessara aðgerða og skýrslu bankaeftirlitsins um starfsemi sjóðanna og rekstraraðila þeirra, Ávöxtunar sf., var Ávöxtun sf. síðan tekin til gjaldþrotaskipta. Skýrsla bankaeftirlitsins um stöðu og starfsemi Ávöxtunar sf. og framangreindra verðbréfasjóða varð jafnframt tilefni til opinberrar rannsóknar af hálfu ákærvaldsins á starfsemi þessara aðila. Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. hóf starfsemi í ársbyrjun 1987 og Rekstrarsjóður Ávöxtunar hf. í ársbyrjun 1988. Útgefna skuldafyrirlýsingar þessara sjóða námu á gengi í lok júlí 1988 samtals 419 m.kr. Óljóst er, hversu mikið tap eigenda hlutdeildarskírteina í þessum sjóðum verður miðað við síðast auglýsta gengi, en ljóst er, að það mun verða verulegt.

Í árslok 1988 var ekkert fjárfestingarfélag starfrækt, sem uppfyllti ákvæði V. kafla laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Samkvæmt lögum hefur bankaeftirlitið eftirlit með starfsemi þeirra. Í árslok 1987 var starfandi eitt slíkt fjárfestingarfélag.

## Nýbygging Seðlabankans

Á síðasta ári var lokið við þá verkþætti, sem frestað hafði verið eða ólokið var, þegar bankinn flutti í nýbyggingu sína. Ennfremur var unnið við margvíslegan frágang og nauðsynlegar lagfæringar utan-húss og innan eins og alltaf vill verða við lokafrágang stórbygginga. Helstu framkvæmdir á árinu voru þessar: Lokið var við húsnæði fyrir bóka- og tímaritasafn á 2. hæð (Uppsafir). Bókasafnssalurinn er einnig ætlaður til fundahalda og sem kennslustofa. – Innréttaður var fund- og ráðstefnusalur við aðalinngang (Sölvhóll). Salurinn er búinn við-eigandi tæknibúnaði, og vegna staðsetningar er mögulegt að nýta hann utan skrifstofutíma. Þessi salur var vígður með fundi banka-stjóra seðlabanka á Norðurlöndum í júní sl. – Komið var upp heilsu-ræktaraðstöðu í kjallara. Framkvæmdin var kostuð af bankanum, en aðstaðan verður rekin sameiginlega með Reiknistofu bankanna og Þjóðhagsstofnun. Húsnæðið var opnað til notkunar fyrir starfsfólk í byrjun desember sl. – Lokið var við varðarrými á jarðhæð og tengingu margs konar öryggisbúnaðar hússins. Hér er um að ræða mjög vandaðan búnað, sem nauðsynlegur er til að mæta öryggiskröfum bankans og Reiknistofunnar, en þarfir beggja stofnananna fara mjög saman í þessum efnum.

Byggingarkostnaður á verðlagi hvers árs, frá 1981 til ársloka 1988, nemur samtals 1.047,0 m.kr., þar af framkvæmdir síðasta árs 124,8 m.kr. Framreiknaður til síðustu áramóta er heildarkostnaður 1.587,6 m.kr. að frátöldum sérbúnaði, svo sem öryggisbúnaði, varaafsstöð, seðlabrennsluofni o.fl., að fjárhæð 139,9 m.kr. – Til fróðleiks má geta þess, að byggingarkostnaður umreiknaður til meðalbyggingar-vísitölu ársins 1981 varð 203,9 m.kr., en kostnaðaráætlun, sem þá var gerð, hljóðaði upp á 176,4 m.kr. Þannig fór byggingarkostnaður miðað við fast verðlag aðeins líðlega 15% fram úr áætlun, sem rekja má fyrst og fremst til vandaðri og dýrari frágangs hússins að utan en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Framkvæmdum við nýbyggingu bankans, sem hófust í ársbyrjun 1982, er þar með lokið.

## IX. ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1988

### Janúar

Gefnir voru út nýir flokkar spariskírteina ríkissjóðs. Í 1.fl. A er binditími 6 ár, en heildarlánstími 10 ár með gagnkvæmri uppsögn eftir lok binditíma. Vextir umfram verðtryggingu eru 7,2%. Í 1.fl. D er láns- tími og binditími 2 og 3 ár. Vextir 8,5%. Þá eru einnig gefin út 3 ára til 3½ árs bréf með gengisbindingu miðað við ECU og SDR. Vextir 8,3%.

Vextir af erlendum lánkvóta í Seðlabanka eru endurskoðaðir 21. dag hvers mánaðar, sbr. töflur 37 og 38 hér að aftan.

### Febrúar

Seðlabanki tilkynnir innlánsstofnunum um meðferð bindingar af gengisbundnum krónureikningum. Bankar og sparisjóðir opna slíka reikninga í Seðlabanka og sjá sjálfir um að halda innstæðu þeirra a.m.k. jafnhárra bindiskylduhlutfalli, nú 13%.

Reglur um lausafjárhlutfall breytast þannig, að óbundnar innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum (IG) í Seðlabanka skerðast gagnvart lausafjárútreikningi, ef viðkomandi banki notar gengisbundin lán til endurlána í stað þess að nota IG-fé í því skyni. Breytingin tekur gildi 1. maí 1988.

Bankar og sparisjóðir lækkuðu vexti óverðtryggðra útlána og innlána 21. febrúar og aftur 1. mars. Að meðaltali nam lækkun útlánsvaxta 4-5% (ávöxtun 6-7%). Seðlabanki lækkaði einnig vexti í viðskiptum sínum við innlánsstofnanir, og fjármálaráðuneyti lækkaði forvexti ríkisvísla, sbr. töflur 37 og 38.

Í tengslum við kjarasamninga gaf ríkisstjórn út stefnuyfirlýsingu um efnahagsráðstafanir 29. febrúar 1988. Þar segir m.a., að Seðlabanki hafi með samþykki ríkisstjórnar ákveðið að fella gengi krónunnar um 6%. Jafnframt er ákveðið, að gengi verði haldið stöðugu miðað við viðskiptavog. Fram fer skuldbreyting á lánum sjávarútvegsfyrirtækja frá ríkissjóði og Fiskveiðasjóði frá árinu 1984, samtals að fjárhæð 370 m.kr. Gjald á erlendar lántökur verður tvöfaldað, en fellt niður frá næstu áramótum. Erlendar lántökuheimildir fjárfestingarlánasjóða

o.fl. verða lækkaðar um 300 m.kr. og fylgt fast eftir gildandi reglum um erlendar lántökur. Lagt verður fram frumvarp um starfsemi fjármálastofnana og skattskyldu fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda banka. Í kjölfar efnahagsaðgerða verða raunvextir spariskírteina lækkaðir. Skýrt er frá því, að Seðlabanki muni beina tilmælum til innlánsstofnana um þrjú atriði: 1) að þær lækki vaxtamun vegna gengisbundinna afurðalána um a.m.k. 0,25% og eftirlitsgjald vegna þessara lána lækki einnig; 2) að þær leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja, sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda; 3) að þær reikni dráttarvexti sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði.

### **Mars**

Vaxtabreytingar Seðlabanka, sjá töflur 37 og 38.

### **Apríl**

Skýrsla um hlutfjármarkað á Íslandi lögð fram, en hún var unnin af Enskilda Securities, London, að beiðni Seðlabanka og Iðnþróunar-sjóðs. Þar er talið, að þróa þurfi hlutfjármarkað hér á landi, og gerðar tillögur um ýmsar breytingar, sem nauðsynlegar eru til að skjóta fótum undir slíkan markað.

### **Mái**

Vöxtum við Seðlabanka var breytt 1. maí, sjá töflur 37 og 38.

Hinn 13. maí felldi Seðlabanki niður gengisskráningu krónunnar vegna óvenjulegs útstreymis gjaldeyris. Hinn 16. maí var gengi íslensku krónunnar lækkað um 10%.

Til að hamla gegn þensluáhrifum gengisbreytingar fór Seðlabanki fram á heimild viðskiptaráðherra til að hækka innlánsbindingu úr 13% í 15%. Var það ekki samþykkt.

Hinn 20. maí voru sett bráðabirgðalög nr. 14, um aðgerðir í efnahagsmálum, til að „tryggja, að gengisbreyting krónunnar 16. maí sl. beri tilætlaðan árangur við að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði“. Með lögunum var kveðið svo á, að verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára væri óheimil frá 1. júlí 1988. Þessu ákvæði var breytt með bráðabirgðalögum nr. 44/1988 þannig, að skilgreint var, að með fjárskuldbindingum væri átt við sparifé og lánsfé, jafnframt því sem Seðlabanka var heimilað með samþykki viðskiptaráðherra að setja reglur, er leyfðu innlánsstofnunum að verðtryggja sparifé til skemmri tíma en tveggja ára.

Með lögunum var Seðlabanka einnig heimilað að ákveða, að verð-

bréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem gefin var út samhliða bráðabirgðalögnum, var auk þessa ákveðið að takmarka erlendar lántökur vegna véla og tækja við 60% eða 70% af fob-verði vörunnar í stað sama hlutfalls af innlenda verðinu. Þessi breyting kom til framkvæmda með auglýsingu viðskiptaráðuneytis hinn 24. maí 1988.

Einnig var í yfirlýsingunni greint frá því, að fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum yrði heimilað að taka lán erlendis til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Auk þessa var Bygðastofnun heimilað að taka 200 m.kr. að láni erlendis í sama tilgangi. Skapa á svigrúm til þessarar lánafyrirgreiðslu með aðhaldi í lánum til fjárfestingar. Ríkisstjórnin ákvað jafnframt að beina þeim tilmælum til viðskiptabankanna, að auknu ráðstöfunarfé verði varið til aðstoðar við útflutnings- og samkeppnisgreinar.

Í yfirlýsingunni var jafnframt boðað, að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir lagasetningu á næsta þingi um „fyrirkomulag verðtryggingar, þ.á m. hvort vextir af verðtryggðum lánum verði fastir“, um starfsemi verðbréfasjóða, fjármögnunarleigufyrirtækja og annarra fjármála-fyrirtækja utan bankakerfisins og skattalega meðferð greiðslna vegna fjármögnunarleigu.

Einnig var því lýst yfir, að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lækkun vaxtamunar hjá bönkum og sparisjóðum og lækkandi raunvöxtum.

### **Júní**

Hinn 1. júní tóku gildi nýjar reglur Seðlabanka um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana. Þær koma í stað reglna um gjald-eyrisjöfnuð o.fl. frá 21. júní 1985. Í reglunum er lögð áhersla á, að heildargjaldeyrisjöfnuður hvers banka og sparisjóðs sé jákvæður, þ.e. að gengisbundnar eignir séu ekki minni en gengisbundnar skuldir. Að auki gilda um erlendar lántökur ákveðnar reglur, og verður eftirlit með þeim hert.

Sama dag tóku einnig gildi breytingar á reglum um lausafjárhlutfall, en samkvæmt þeim reglum ber bönkum og sparisjóðum að eiga laust fé að fjárhæð sem svarar tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé. Breytingin tók bæði til skilgreiningar á ráðstöfunarfé og lausu fé. Við ráðstöfunarfé bættust skuldir veðdeilda banka og sparisjóða, sem ekki starfa samkvæmt sérstökum lögum, en út var tekið eigið fé og allar gengisbundnar skuldir. Hjá þeim bönkum og sparisjóðum, sem starfrækja hlutfallslega stórar veðdeildir, hækkaði ráðstöfunarfé samkvæmt hinn nýju skilgreiningu. Á heildina litið varð hins vegar um 10% lækkun. Á móti varð einnig lækkun á því fé, sem telst vera „laust fé“ samkvæmt nýju reglunum, því að erlent lausafé er ekki talið með nema að því marki sem það er innan heildargjaldeyrisjafnaðar hlut-

aðeigandi stofnunar. Tilgangur þessara breytinga var m.a. að jafna aðstöðu banka og sparisjóða gagnvart reglunum svo og að hvetja þá til að nota fé af innlendum gjaldeyrisreikningum í stað erlendra lána og minnka þannig þörfina fyrir erlend lán. Jafnframt var þess vænst, að reglurnar reyndust haldbetra öryggisnet og aðhaldstæki en fyrri reglur.

Hinn 11. júní tók Iðnaðarbanki upp á þeirri nýbreytni að bjóða verðtryggð lán með föstum vöxtum og lækkaði á sama tíma vexti á eldri lánnum með breytilegum vöxtum úr 9,5% í 9,25%.

Vextir ríkisvixla voru hækkaðir 15. júní í 32,5%.

Hinn 21. júní tóku gildi nýir vextir við Seðlabanka, sbr. töflur 37 og 38.

### **Júlí**

Hinn 1. júlí tóku gildi reglur um spariskírteina kaup verðbréfasjóða samkvæmt bráðabirgðalögum í maí, sem greint er frá að framan.

Hinn 1. júlí tóku og gildi ákvæði bráðabirgðalaga nr. 14 frá 20. maí 1988, sbr. lög nr. 44 frá 31. maí, um bann við verðtryggingu sparifjár og lánsfjár til skemmri tíma en tveggja ára. Með auglýsingu hinn 10. júní 1988 heimilaði Seðlabanki innlánsstofnunum að taka á móti sparifé til skemmri tíma en tveggja ára á skiptikjarareikninga, verðtryggða sparireikninga með minnst 6 mánaða bindingu, orlofsreikninga og skyldusparnaðarreikninga hjá innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. Jafnframt var tiltekið, að frá næstu áramótum skyldi samanturðartímabil skiptikjarareikninga vera minnst sex mánuðir. Einnig var heimilað, að innstæður, sem væru á verðtryggðum reikningum með skemmri binditíma en sex mánuðir, fengju að halda verðtryggingu, uns þær væru teknar út.

Vextir ríkisvixla voru hækkaðir hinn 6. júlí í 34,3%.

Hinn 15. júlí fór Seðlabanki fram á það við ríkisstjórn að fá heimild til að hækka innlánsbindingu í allt að 15% af innlánnum. Var heimildin veitt, en ekki nýtt, þar eð samningar náðust um sölutryggingu spariskírteina.

### **Ágúst**

Vextir við Seðlabanka voru hækkaðir 1. ágúst, sbr. töflur 37 og 38.

Hinn 4. ágúst náðist samkomulag milli fjármálaráðuneytis, Seðlabanka, viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja, sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands, um sölu spariskírteina. Samkomulagið felur í sér, að bankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki taka að sér að selja spariskírteini það sem eftir er ársins fyrir 2.970 m.kr. Jafnframt verði frumsölu spariskírteina í Seðlabanka hætt. Samkomulagið felur í sér söluábyrgð, þ.e., söluaðilar ábyrgjast sölu þessarar fjárhæðar. Ákveðið var að lækka vexti spariskírteinanna um

0,5%. Gefinn var út 2. fl. D með eftirfarandi binditíma og vöxtum: 3 ár og 8%, 5 ár og 7,5% og 8 ár og 7%. Í öllum tilvikum var heildarlánstími hinn sami og binditími.

Til að greiða götu þessa samkomulags var ákveðið að lækka innlánsbindingu úr 13% í 12%, og tók sú breyting gildi við útreikning bindiskyldu í ágúst. Jafnframt varð samkomulag um að telja 75% af verðbótum bundins fjár til bundinna innstæðna frá og með 17. ágúst. Samþykkt var að endurskoða reglur um bindiskyldu með það fyrir augum, að verðbætur (og/eða vextir) af bindiskyldu teljist til bundinna innstæðna, enda verði samsvarandi breytingar gerðar á grunni bindiskyldu, þannig að inn í hann komi vextir og verðbætur innlána eða hliðstæða þeirra.

Lausafjárlutfall var hækkað úr 8% í 9% og breytt þannig, að helmingur spariskírteinaeignar hveurrar stofnunar telst með lausu fé.

Hinn 21. ágúst varð veruleg lækkun á nafnvöxtum óverðtryggðra liða hjá bönkum og sparisjóðum, jafnframt því sem boðaðar voru enn frekari lækkunir 1. september. Þannig lækkuðu meðaltalsvextir víxla um 5,1%, úr 38,8% í 33,7%, og vextir almennra skuldabréfa úr 41% í 39,3%. Boðuð var frekari lækkun á vöxtum almennra skuldabréfa í 35,6% hinn 1. september. Innlánsvextir voru einnig lækkaðir, og var lækkun þeirra á bilinu 2,6%-6,1%.

Hinn 24. ágúst voru vextir ríkisvixla lækkaðir í 30,5%.

Í tengslum við bráðabirgðalög frá 26. ágúst, um verð- og launastöðvun til septemberloka, beindi ríkisstjórnin þeim tilmælum til Seðlabanka, að hann tæki upp viðræður við banka og sparisjóði um enn frekari lækkun vaxta. Leiði þær ekki til vaxtalækkunar, veitir ríkisstjórnin Seðlabanka heimild til að lækka vextina einhliða á grundvelli Seðlabankalaga.

### **September**

Í byrjun september urðu verulegar lækkunir nafnvaxta hjá bönkum og sparisjóðum. Vextir óverðtryggðra skuldabréfa, sem verið höfðu 39,3% að meðaltali, urðu 25% hjá öllum. Hliðstæðar lækkunir urðu á öðrum nafnvöxtum. Einnig lækkuðu vextir verðtryggðra lána úr 9,5% í 9,1% að meðaltali. Seðlabanki lækkaði einnig sína vexti, og fjármálaráðuneyti lækkaði vexti ríkisvixla úr 30,5% í 22%.

Rekstur tveggja verðbréfasjóða Ávöxtunar sf. stöðvaðist 4. september. Tók bankaeftirlitið við vörslu fjármuna fyrirtækjanna.

Er ný ríkisstjórn tók við völdum 28. september, voru sett bráðabirgðalög nr. 83/1988, sem höfðu að markmiði að treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna, stöðva verðbólguna og lækka fjármagnskostnað. Jafnframt gaf ríkisstjórnin út stefnuyfirlýsingu, sem miðar að því „að treysta atvinnuöryggi í landinu, færa niður verðbólgu og



vexti, verja lífskjör hinna tekjulægstu, bæta afkomu atvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla.“ Gengi krónunnar var fellt um 3%.

Með bráðabirgðalögum var verðstöðvun framlengd til febrúarloka og í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda frá 1. september til og með 1. mars 1989, skyldu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar nk. Lögin mæla fyrir um stofnun Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina, er veita skal lán til endurskipulagningar útflutningsfyrirtækja. Fær sjóðurinn 1.000 m.kr. stofnfé úr ríkissjóði og heimild til að taka 1.000 m.kr. lán með ríkisábyrgð. Auk þessa er sjóðnum veitt heimild til að hafa milligöngu um skuldbreytingu fyrir allt að 5.000 m.kr. Lögin heimila Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins að taka 800 m.kr. lán með ríkisábyrgð til að greiða uppbætur á verð freðfisks og hörpudisks. Í lögum er m.a. ákvæði um vexti á þá leið, að dráttarvexti skuli ætíð reikna sem dagvexti frá og með 1. nóvember 1988 og að Seðlabanki geti ákveðið hámark vaxtaálags innlánsstofnana vegna gengisbundinna afurðalána.

Ríkisstjórnin stefnir að 3% lækkun vaxta spariskírteina. Hún fól Seðlabanka að halda áfram viðræðum við lánastofnanir um lækkun vaxta. Leiði þær ekki til samkomulags, er bankanum heimilud íhlutun skv. lögum. Ríkisstjórnin fól Seðlabanka einnig að breyta grundvelli lánskjaravísitölu, þannig að vísitala launa hafi helmingsvægi á móti framfærsluvísitölu og vísitölu byggingarkostnaðar, sem hafi helmingsvægi hvor.

### **Október**

Gefnir voru út nýir flokkar spariskírteina, 3. fl. D 1988, í samræmi við sölusamning frá 4. ágúst, sem greint er frá hér að framan. Vextir 3 ára skírteina voru lækkaðir úr 8% í 7,3% og 5 ára skírteina úr 7,5% í 7,3%, en 8 ára bréf bera sömu vexti og fyrr, 7%.

Í þingbyrjun voru lögð fram frumvörp til laga um eignarleigur, verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

Í október tók Verslunarbanki upp þá nýbreytni að auglýsa kjörvexti (prime rate) á skuldabréfalánum til traustra viðskiptavina og mismunandi álag á kjörvexti í lánum til annarra.

### **Nóvember**

Hinn 1. nóvember tók gildi ákvæði bráðabirgðalaga nr. 83 frá 28. september 1988 um, að vanskilavextir skuli reiknast sem dagvextir, í stað þess að teknir séu vextir heils mánaðar fyrir brot úr mánuði.

Seðlabanki ákvað að greiða 2% vexti af bundnu fé frá 1. mars til ársloka 1988.

## Desember

Nýjar reglur um lausafjárhlutfall og jöfnuð milli gengisbundinna eigna og skulda innlánsstofnana voru gefnar út 30. desember. Í þeim felst breyting í átt til þess, sem gildi fyrr á árinu, þannig að gengisbundið lausafé er nú talið að fullu með hæfum eignum við uppgjör lausafjárhlutfalls. Í reiknigrunn fyrir hlutfallið bætast innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum og erlendar lausaskuldir. Lausafjárhlutfallið hækkar úr 9% í 10%.

Seðlabanki auglýsti, að frá og með áramótum yrði heimilt að velja gengisvísitölu í stað lánskjaravísitölu við verðtryggingu fjárskuldbindinga. Verður hægt að velja gengisvísitölu SDR eða ECU eins og Seðlabanki auglýsir þær fyrir upphaf hvers mánaðar, og gildir óbreytt vísitala einn mánuð í senn.

Seðlabanki breytti vöxtum sínum frá og með 1. janúar, sbr. töflur 37 og 38. Gildir þó áfram, að 2% vextir verða greiddir á bundið fé umfram verðtryggingu.

Bönkum, sem auglýsa kjörvexti og mismunandi álag á þá, fjölgar. Í lok ársins hafa Verslunarbanki, Samvinnubanki og Alþýðubanki tekið þetta upp bæði fyrir verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf, sparisjóðir fyrir verðtryggð skuldabréf og Iðnaðarbanki fyrir verðtryggð skuldabréf með föstum vöxtum.

Hinn 21. desember auglýsti viðskiptaráðuneyti rýmri reglur um innflutning með greiðslufresti en áður hafa gilt. Samkvæmt þeim er heimilt að flytja inn með allt að 90 daga greiðslufresti allar aðrar vörur en þær, sem taldar eru upp í reglunum. Þó er heimilt að flytja þær inn með allt að 90 daga greiðslufresti, þegar um er að ræða gjaldfrest frá seljanda vörunnar án ábyrgðar frá fjármálastofnun. Einnig er heimilt að flytja inn tilteknar vörur með allt að 105 daga greiðslufresti og nokkra vöruflokka með allt að 180 daga greiðslufresti. Þá var einnig ákveðið að heimila langar erlendar lántökur vegna innflutnings véla og tækja fyrir sem svarar 60% af innlendu samningsverði vörunnar, en 50%, ef slíku láni fylgir ábyrgð eða endurlán innlendrar fjármálastofnunar.

Fjármálaráðuneyti samdi við samtök lífeyrissjóða um, að verðbréf, sem þeir keyptu af Húsnæðisstofnun fyrsta fjórðung ársins 1989, bæru 6,8% vexti umfram verðtryggingu samkvæmt hefðbundinni lánskjaravísitölu. Var það 0,3% hækkun vaxta frá því, sem áður hafði verið samið um fyrir það ár.

Með lögum var skattur á erlendar lántökur, sem falla átti niður í lok ársins, framlengdur til ársloka 1989, og jafnframt var lántökum vegna kaupa á kaupskipum og flugvélum bætt við heimild til undanþágu frá skattlagningu.

Með lögum var lögð skattskylda á veðdeildir banka og sparisjóða.

Hinn 23. desember voru gefin út lög, sem heimiluðu ríkisstjórn að

greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur, þar til að fjárlög fyrir árið 1989 taka gildi, þó ekki lengur en til 31. janúar 1989. Þá var fjármálaráðherra heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands á árinu 1989 spariskírteini og ríkisvíxla að fjárhæð allt að 3.000 m.kr. og taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 6.500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að greiða upp skammtímaskuldir við Seðlabankann vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árunum 1987 og 1988.



## **TÖFLUR**



1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.<sup>1)</sup>

Á verðlagi hvers árs í m.kr.	Einka- neysla	Sam- neysla	Fjár- muna- myndun	Birgða- breyt- ingar	Verð- mæta- ráð- stöfun	Útfl. vöru og þjón. <sup>2)</sup>	Innfl. vöru og þjón. <sup>2)</sup>	Verg lands- framl.	Vergar þátta- tekjur nettó	Við- skipta- jöfn- uður <sup>3)</sup>	Verg þjóðar- framl.
1979	5.514	1.638	2.248	51	9.451	3.810	3.631	9.630	-244	-65	9.386
1980	8.829	2.546	3.927	80	15.382	5.746	5.648	15.480	-411	-313	15.069
1981	14.403	4.039	5.929	253	24.624	8.724	8.936	24.412	-811	-1.023	23.601
1982	23.038	6.644	9.251	913	39.846	12.714	14.329	38.231	-1.495	-3.110	36.736
1983	39.627	11.559	14.127	-1.070	64.243	27.078	25.275	66.046	-3.066	-1.263	62.980
1984	54.147	14.056	18.306	786	87.295	34.295	33.871	87.719	-4.554	-4.130	83.165
1985	74.994	20.136	24.255	-978	118.407	49.819	49.051	119.175	-5.584	-4.816	113.591
1986	96.859	27.291	29.328	-2.094	151.384	63.125	56.342	158.167	-6.229	554	151.938
1987	131.536	36.791	40.465	-298	208.494	73.466	74.496	207.464	-6.203	-7.233	201.261
1988 <sup>4)</sup>	158.222	47.600	46.930	2.716	255.468	84.138	85.280	254.326	-8.173	-9.315	246.153

Hlutföll af  
landsframleiðslu

1979	57,3	17,0	23,3	0,5	98,1	39,6	37,7	100,0	-2,5	-0,7	97,5
1980	57,0	16,4	25,4	0,5	99,4	37,1	36,5	100,0	-2,7	-2,0	97,3
1981	59,0	16,5	24,3	1,0	100,9	35,7	36,6	100,0	-3,3	-4,2	96,7
1982	60,3	17,4	24,2	2,4	104,2	33,3	37,5	100,0	-3,9	-8,1	96,1
1983	60,0	17,5	21,4	-1,6	97,3	41,0	38,3	100,0	-4,6	-1,9	95,4
1984	61,7	16,0	20,9	0,9	99,5	39,1	38,6	100,0	-5,2	-4,7	94,8
1985	62,9	16,9	20,4	-0,8	99,4	41,8	41,2	100,0	-4,7	-4,0	95,3
1986	61,2	17,3	18,5	-1,3	95,7	39,9	35,6	100,0	-3,9	0,4	96,1
1987	63,4	17,7	19,5	-0,1	100,5	35,4	35,9	100,0	-3,0	-3,5	97,0
1988 <sup>4)</sup>	62,2	18,7	18,5	1,1	100,4	33,1	33,5	100,0	-3,2	-3,7	96,8

Magnvísitala  
1980=100

	Vergar þjóðartekjur										
1979	97,0	97,9	87,6	.	94,6	97,4	97,1	94,7	.	95,9	94,9
1980	100,0	100,0	100,0	.	100,0	100,0	100,0	100,0	.	100,0	100,0
1981	107,9	107,3	101,0	.	106,6	101,4	107,2	104,4	.	104,2	103,8
1982	113,6	114,0	100,5	.	112,1	91,6	106,0	106,7	.	105,9	105,7
1983	106,6	119,4	88,1	.	102,1	101,0	100,0	102,5	.	102,5	100,9
1984	109,6	119,6	96,0	.	108,0	104,0	109,3	106,1	.	105,6	103,9
1985	114,7	127,0	97,3	.	111,2	115,4	120,0	109,5	.	108,6	107,0
1986	123,5	135,7	95,8	.	116,5	122,6	120,3	117,4	.	118,3	114,7
1987	143,7	144,0	113,9	.	135,0	127,5	147,8	127,5	.	130,4	124,6
1988 <sup>4)</sup>	138,0	150,5	111,6	.	132,2	122,1	143,4	125,2	.	128,7	122,4

Magnaukning  
frá f. ári í %

1979	2,9	5,5	0,2	.	4,1	6,3	2,5	5,5	.	2,1	5,8
1980	3,1	2,1	14,2	.	5,7	2,7	3,0	5,6	.	4,3	5,4
